

EYVINDUR

XXXIV árgangur

Desember 2025



Efnisyfirlit

Leiðari	3
Ritnefnd Eyvindar	3
Predikun séra Gísla Gunnarssonar vígslubiskups.	4
Grundarkirkja 120 ára	7
Félagsmálamaðurinn og ferðapjónustubóndinn	10
Ljóð	13
Loksins kom rafmagnið!	14
Kristnестjörnin	16
Faraldrar.	18
„Verð í þessu eins lengi og ég get gengið“	20
Jóka og Tryggvi.	22
Rithöfundarnir á Rein	24
Athafnamaður og frumkvöðull með meiru	25
Geiturnar í Hugarró	28
Að vera bæði bóndi og þingmaður	30
Gamla íbúðarhúsið á Eyrarlandi	31
Hestamennska og uppbyggingin í Hólshúsum	35
Fimmpúsund manns	37
Ringó	39
Sögur sálfræðings	40
Fermingarsystkin frá 1963	41
Gamla húsið í Fífilgerði	42
Lítil ferðasaga frá Plum Village	46
Frá Hvassafelli til Kína	47
Fimmtán vetra ofurkýr	49
Berjaræktin í Kristnesi	51
Opið bréf til Ölmu heilbrigðisráðherra.	53
Vorferð FEB Eyjafjarðarsveit 2025	57
Bréf frá Séra Benjamín	59
Helgihald á jólum í Eyjafjarðarsveit	60
Fermingarbörn í Eyjafjarðarsveit 2025	60
Birtusellur í Garði	61
Andlát	62
Vegleg gjöf til Hrafnagilsskóla	63

Leiðari

Mikil árgæska til lands og sjávar hefur einkennt árið sem er að líða. Veðurfar hefur verið hagstætt, kyrrviðrasamt og hlýtt. Heyfengur bænda síðastliðið sumar var mjög mikill og nánast tvöfalt meiri en í fyrra. Ofheyjun er ekki æskileg en í þeirri gríðarlegu sprettutíð sem hélst langt fram á haust voru bændur tilneyddir að halda áfram heyskap. Túnin mega ekki fara loðin undir veturinn því þá verður sína í heyinu næsta sumar. Mjólkurkúr í mikilli nyt fúlsta við slíku heyi.

Miklar framkvæmdir hafa verið í Hrafnagilshverfinu á árinu og ber þar hæst að nýr leikskóli var tekinn í notkun, þar sem hátt er til lofts og vítt til veggja. Vonandi fullnægir hann þörfum leikskólabarna og starfsfólks á komandi árum. Allt þarf þetta þó að haldast í hendur við þróun fólksfjölda í sveitarfélaginu. Svo er það spurningin

hvort við viljum að íbúum fjölgi hratt með því að bjóða fram lóðir á afar hagstæðu verði eða selja þær á svipuðu kjörum og á Akureyri. Hermann Arason, sem hefur séð um að prenta Eyvind á undanförunum árum með miklum ágætum, sagðist hafa farið marga bíltúra hér fram í fjörð sl. sumar og vildi meina að umgengni á sveitabæjum hefði batnað mikið frá því sem var. Glögg er gests augað stendur einhverstaðar og gott til þess að vita ef svo er, en lengi er hægt að gera betur í þessum efnum.

Efnið í blaðinu er fjölbreytt að þessu sinni og vonandi áhugavert þótt meira hefði mátt vera af vísun og ljóðum. Að svo mæltu óska ég lesendum Eyvindar gleðilegra jóla og gæfu á komandi ári.

Benjamín Baldursson

Ritnefnd Eyvindar



Logi Óttarsson



Arnór Bliki Hallmundsson



Benjamín Baldursson



Berglind Kristinsdóttir

Predikun séra Gísla Gunnarssonar vígslubiskups

við hátíðarmessu á Grund 5. október 2025

Grundarkirkja 16.s.e.trin. 2025

*„Hversu yndislegir eru
bústaðir þínir, Drottinn.
Sálu mína langaði til,
já, hún þráði forgarða Drottins.
Nú fagnar hjarta mitt og hold
fyrir hinum lifandi Guði.“ (Ps.84)*

Nað sé með yður og friður frá Guði föður vorum og Drottni Jesú Kristi. Amen.

*“Fagra haust, þá fold ég kveð.
Faðmi vef mig þínum.
Bleikra laufa láttu þeð
að legstað verða mínum.”*

Þannig orti skáldið Steingrímur Thorsteinsson í ljóðinu Haustkvöld. Haustið minnir hann á, að allt hefur sinn tíma, sumarið líður og þannig er með allt líf. Hann biður haustið að faðma sig þegar hans tími kemur og að laufblöðin bleiku hylji legstað sinn.

Það er auðvelt að sjá þessa mynd fyrir sér hér fram í Eyjafirði á þessum haustdögum, þegar náttúran öll skartar haustlitunum fögru. Það sjáum við ekki síst á þeim mikla og ræktarlega trjágróðri sem hér er víða.

Grundarreiturinn hér ofan við bæinn sýnir okkur vel þá litadýrð sem haustið kallar fram. Og það er einhver kyrrð og rósemd yfir þessum litum sem kyrra sálina og róa hugann.

Grundarreiturinn þykir merkur í trjáræktarsögu landsins, en það var stórbóndinn á Grund, Magnús Sigurðsson sem bauð fram land til skógræktarinnar og byrjað var að gróðursetja í reitinn aldamótaárið 1900, en árið áður hafði verið gróðursett til furulundarins á Þingvöllum.

Sagt er að Magnús Sigurðsson hafi frá bernsku átt þá hugsjón að eignast Grund og hóf hann hér búskap árið 1874, ásamt konu sinni Guðrúnu Þóreyju Jónsdóttur. Þau eignuðust átta börn, en urðu fyrir þeim harmi að fimm þeirra dóu ung úr berklum.

Magnús var stórhuga og ræktun lands og lýðs var honum hugstæð. Hér á Grund var hann með umfangsmikla verslun, og í tæpa tvo áratugi stóðu hjónin á Grund fyrir skólahaldi á heimili sínu og báru af því allan kostnað.



Séra Gísli Gunnarsson, vígslubiskup
og séra Jóhanna Gísladóttir

Magnús byggði mörg stórhýsi á Grund, en sú bygging sem hann er þekktastur fyrir er kirkjan sem við erum stödd í hér í dag – Grundarkirkja.

Byrjað var að byggja kirkjuna 15. júní árið 1904 og var henni að fullu lokið 11. nóvember 1905 og var hún vígð daginn eftir. Það tók því 17 mánuði að byggja kirkjuna og höldum við nú upp á 120 ára afmæli hennar.

Enn í dag er Grundarkirkja eitt fegursta guðshús landsins og ótrúlegt til þess að hugsa að einn maður hafi kostað byggingu hennar á sínum tíma.

Magnús Sigurðsson lagði sjálfur drög að útliti kirkjunnar og vandað var til allra verka. Um byggingarstíl kirkjunnar segir hann að kirkjan hafi verið, “eftir því sem við var komið, byggð í rómantískum byggingastíl.” Magnús mun jafnframt hafa sótt sér fyrirmyndir erlendis frá og hefur Vorfrúarkirkja í Kaupmannahöfn verið nefnd í því sambandi.

Í bókarfloknum Kirkjur Íslands segir svo um Grundarkirkju: „Byggingarlist kirkjunnar er í stuttu máli sú, að kirkjan hefur mjög mikið gildi fyrir byggingarsögu okkar. Hún er einstakt listaverk og skarar fram úr flestum samtímakirkjum að listfengi, handverki og frágangi öllum.“

En Grundarkirkja hefur ekki bara gildi fyrir byggingarsögu okkar. Hún hefur fyrst og fremst gildi af trúarlegum ástæðum. Hún var reist Guði til dýrðar og til þess að boða kristna trú. Að hingað gæti fólkið safnast saman á stóru stundum lífsins og að hér væru samferðamenn kvaddir, í þeirri trú að faðmur Guðs tæki á móti þeim handan grafar. Hér gæti fólk fundið huggun í frásögnum og orðum biblíunnar og í prédikunum prestanna. Að hér deildi fólk gleði hvert með öðru og hér fyndi það einnig styrk í sorginni í samfélagi hvert með öðru. Samfélagi kristinna systkina.

Í bústað Drottins

Við stöndum í þakkarskuld við fyrri kynslóðir, fyrir svo margt. Og við megum svo sannarlega þakka þeim sem byggðu þessa kirkju og þeim sem um hana hafa hugsað af trúmennsku og kærleika síðan.

Mig langar að nefna nafn Aðalsteinu Magnúsdóttur í því sambandi. Hún var dóttir Magnúsar á Grund og Margrétar Sigurðardóttur, seinni konu hans og átti heima hér frá fæðingu og til ársins 2002.

Í blaðaviðtali sagði hún: „Pabbi það mömmu sérstaklega fyrir kirkjuna áður en hann dó og hún það mig sömu bóna fyrir andlát sitt.“

Og Aðalsteina hugsaði vel um þessa kirkju og árið 2012 gaf hún og eiginmaður hennar Gísli Björnsson söfnuðinum kirkjuna. Já þökk sé þeim og öllum þeim öðrum sem lagt hafa hér hönd á plóg.

Það hafa fleiri kjarnakonur búið á Grund í aldanna rás og má þar nefna Grundar Helgu á 14. öld og Þórunni Jónsdóttur á 16. öld. Hún var dóttir Jóns Arasonar Hólabiskups og Helgu Sigurðardóttur og bjó hér og ríkti af miklum skörungsskap í 60 ár.

Fyrsta sagan sem ég heyrði af Þórunni var tengd Glaumbæ í Skagafirði, þar sem rætur mínar liggja. Hún giftist ung Hrafn Brandssyni, en þeir tengdafaðgar Hrafn og Jón biskup náðu undir sig jörðinni. Ekki bjuggu þau lengi í Glaumbæ því Hrafn var veginn á hlaðinu þar, eftir að hafa manað svein sinn til einvígis.

Seinna giftist Þórunn Ísleifi Sigurðssyni og flutti með honum hingað á Grund og þriðji maður hennar var Þorsteinn Guðmundsson og bjuggu þau einnig hér og lifði Þórunn sinn þriðja mann.

Hún var ekkja eftir Ísleif þegar faðir hennar og bræður voru líflátnir í Skálholti árið 1550.

Sagan segir að þegar Jón Arason biskup var leiddur á höggstokkinn hafi hann komið auga á norðlenskan



Særa Gísli Gunnarsson, vígslubiskup í predikunarstól Grundarkirkju

mann, sem hann kannaðist við og bað hann að bera norður kveðju sína, vinum og vandamönnum, og bætti svo við: „Einkanlega séra Sigurði syni mínum og Þórunni dóttur minni.“

Sagan er einnig til þar sem Jón hafi átt að segja -Þórunni syni mínum,- sem hafi verið til marks um karlmennsku hennar ef svo má segja. Sennilega hefur hún átt þátt í hefndum norðanmanna þegar Kristján skrifari og fleiri úr hans hópi voru vegnir syðra.

Þó Þórunn væri bæði stórlynd og skapmikil þá var hún jafnframt gjafmild. Í gjafabréfi kemur fram að hún lét skera þrjá stóla, sem hún gaf Grundarkirkju árið 1551, ári eftir aftöku þeirra Hólafaðga.

Stólarnir voru seinna sendir til Kaupmannahafnar og virðist einn þeirra hafa glatast. Einn er í Þjóðminjasafninu í Kaupmannahöfn og einn er varðveittur í Þjóðminjasafni Íslands, með nafni Þórunnar á, og er ein mesta gersemi sem þar er til sýnis. Þar eru einnig fleiri munir sem Þórunn gaf Grundarkirkju.

Faðir Þórunnar og bræður voru líflátnir vegna trúar sinnar og skoðana. Þeir eru hvorki þeir fyrstu né síðustu sem hljóta slík örlög.

Enn er það að gerast svo víða í heiminum í dag. Það er gott að rifja upp söguna, því að - af henni eigum við að læra. Tileinka okkur það sem gott er, en forðast mistökinn, það sem illt er og það sem leitt hefur til hörmunga, hellsis og áþjánar.

Skóðanafrelsi, trúfrelsi og tjáningarfrelsi er okkur öllum dýrmætt og við þurfum að standa vörð um að svo verði áfram. Og við verðum að spyrja okkur að því, hvort slíkt frelsi sé á undanhaldi, einnig hjá okkur hér á Íslandi.

Hvort við séum jafnvel orðin hrædd við að tjá okkur um vissa hluti, af ótta við það, að falla ekki að þeim straumum sem við eigum að fljóta með, samkvæmt mati annarra.

Við verðum að geta rætt saman, án þess að fólk sé flokkað, dæmt og léttvægt fundið. Þannig vinnum við jafnframt gegn hinni margumtöluðu skautun sem oft er nefnd varðandi samskipti þeirra sem ekki eru sammála í öllum hlutum.

Fyrir skömmu sá ég nýlega kvikmynd um þýska guðfræðinginn Dietrich Bonhoeffer, sem tekinn var af lífi í fangabúðun nasista skömmu fyrir stríðslok. Þar var m.a. rífuð upp fræg prédikun annars prests, sem hét Martin Niemöller.

Fyrst í stað varaði hann sig ekki á feigðarboðskap nasista, en sá svo að sér og fór að tala gegn þeim og þurfti að dúsa í átta ár í fangabúðum þess vegna.

Um uppgang nasistanna sagði Niemöller:

„Fyrst komu þeir og sóttu sósíalastana, og ég sagði ekkert – því ég var ekki sósíalisti.

Svo komu þeir og sóttu verkalyðsforkólfana og ég sagði ekkert – því ég tilheyrði ekki verkafólkinu.

Þá komu þeir og sóttu gyðingana og ég sagði ekkert – því ég var ekki gyðingur.

Loks komu þeir og sóttu mig – og þá var enginn eftir til að segja neitt.“

Hálftu ári eftir stríðslok stóð Niemöller fyrir yfirlýsingu frá lúthersku kirkjunni þar sem segir:

„Við ásökum okkur fyrir það að hafa ekki staðið með trú okkar af meira hugrekki, fyrir að biðja ekki af meiri einlægni, fyrir að trúa ekki af meiri gleði og fyrir að elska ekki skilyrðislaust.“

Einn er sá sem elskar skilyrðislaust og finnur til með öllum þeim sem eiga um sárt að binda. Það er Jesús Kristur. Það segir frá því í guðspjalli dagsins þegar hann kom til borgarinnar Nain, þar sem ekkja ein var að fylgja einkasyni sínum til grafar.

Við vitum ekki hvað hún hét, hún var ekkjan í Nain og hún er fulltrúi allra sem misst hafa og eiga um sárt að binda. Í þessum orðum mínum hef ég nefnt nokkrar stórbrotnar persónur sem hafa skráð nöfn sín á spjöld sögunnar, en þau eiga það sameiginlegt með nafnlausu ekkjunni í Nain að hafa misst. Sorgin hefur vitjað þeirra og Nain er víða. Og það þekkjum við flest með einum eða öðrum hætti.

„Grát þú eigi,“ sagði Jesús og hann gaf líf. Þannig starfar kærleikurinn og trúin og vonin. Það eru þau smyrsl sem við eigum til þess að lina allar þjáningar, kvíða og sorg. Megi góður Guð gefa okkur öllum hugrakka trú, einlæga bæn, trúargleði og djörfung til að elska – skilyrðislaust.

Þegar Grundarkirkja var vígð mættu hér 800 manns. Meðal þeirra var þjóðskáldið sr. Matthíasar Jochumsson, en daginn áður höfðu Akureyringar haldið upp á 70 ára afmæli hans.

Við lestur guðspjallsins komu orð hans í huga mér, þar sem segir:

*„Ég trúi’ á Guð, þó titri hjartað veika
og tárin blindi augna minna ljós,
ég trúi, þótt mér finnist trúin reika
og titra líkt og stormi slegin rós,
ég trúi, því að allt er annars farið
og ekkert, sem er mitt, er lengur til,
og lífið sjálft er orðið eins og skarið,
svo ég sé varla handa minna skil.“*

Góður Guð veri með ykkur öllum, söfnuðinum og ykkur sem heyrið orð mín.

*Ég trúi. Þó mig nísti tár og tregi,
ég trúi á Guð og lífi, þó ég deyi.*

Í Jesú nafni. Amen.

Grundarkirkja 120 ára

Erindi flutt í kaffisamsæti í Laugarborg 5. október 2025



Nokkurn veginn í miðjum Eyjafirði, liðlega 20 km framan Akureyrar stendur hið valinkunna höfuðból Grund. Bæjarstaðið er á flata sunnan undir hólabyrpingu við rætur Kerlingar, hæsta fjalls Norðurlands. Einn af mörgum stórbændum og höfðingjum, sem búið hafa á Grund gegnum aldirnar er Magnús Sigurðsson, sem löngum var kenndur við staðinn.

Á Grund standa byggingar frá áratugunum beggja vegna aldamótanna 1900 sem jafnvel enn þann dag þykja veglegar og bera þær vitni um stórhuga og elju hins merka athafnamanns. Höfuðprýði staðarins hlýtur að vera Grundarkirkjan, ein stærsta timburkirkja landsins og vafalítið með þeim glæstari. Hana reisti Magnús fyrir 120 árum á eigin kostnað og frumkvæði og sótti fyrirmyndir í kirkjur erlendra stórborga m.a. Kaupmannahafnar. Hér verður fjallað í nokkrum orðum um Grundarkirkju með mesta áherslu á byggingarsöguna og tilurðina, hverjir komu að byggingunni, vígslunni, lýsingar og hefur höfundur að mestu stuðst við frásagnir úr bókunum Dagar Magnúsar á Grund og 10. bindi bókaflöksins Kirkjur Íslands. Ekki verður sagt frá byggingu Grundarkirkju án þess að tæpa aðeins á lífshlaupi Magnúsar Sigurðssonar á Grund.

Magnús Sigurðsson var fæddur og uppalinn á Öxnafeili, utarlega í Saurbæjarhreppi, austan ár og sagt er að hann hafi barnungur veitt því athygli, að á Grund sá ævinlega í jörð meðan jörð var alhvít á Öxnafeili. Þar ólst hann upp

hjá afa sínum, Magnúsi Árnasyni hreppstjóra og konu hans, Hólmsfríði Jónsdóttur. Sem barn var Magnús mjög áhugasamur um búskap afa síns, sem var sérlega hagsýnn búmaður, vandvirkur og nákvæmur. Strákurinn Magnús heillaðist mjög af hinni valinkunnu kostajörð hinumegin Eyjafjarðarár og er sagður hafa sagt við afa sinn: „Ég ætla að kaupa Grund, þegar ég er orðin stór“. Og við það stóð hann, nánar tiltekið árið 1873, að hann kaupir hálfa jörðina og flytur þangað þjóðhátíðarárið 1874.

Á þeim árum, þ.e. þegar Magnús kom að Grund, mun hin forna stórejörð hafa verið í nokkuð bágu ástandi en hann hugði á mikla uppbyggingu. Hann stundaði ekki einungis búskap heldur hóf hann verslunarstarfsemi á Grund árið 1885. Átta árum síðar reisti hann timburhús, íbúðar- og verslunarhús, sem var eitt það stærsta í Hrafnagilshreppi og raunar á pari við stærstu hús á Akureyri og kaupstöðum landsins. Verslunina rak hann í um fjóra áratugi, eða eins og honum entist aldur og heilsa til. Þá reisti Magnús veglegt og skrautlegt útibú, stórt plankabyggt hús í sveitserstíl, fyrir verslun sína við Hafnarstræti 86 á Akureyri árið 1903. Hvort að sú bygging hafi verið einhvers konar „æfing“ Magnúsar og byggingarmeistara hans fyrir Grundarkirkju skal ósagt látið, en Magnús hafði þá þegar fyrir löngu fengið hugmyndina að kirkjubyggingunni. Grund hefur verið kirkjustaður, að því er talið er, frá því skömmu eftir kristnitöku. Þegar Magnús Sigurðsson flytur á Grund stóð þar timburkirkja, sem Ólafur Briem timburmeistari, löngum kenndur við staðinn, hafði reist árið 1842. Kirkjan þótti honum vera orðin hrörleg og smá, hann vildi reisa guðshús, eins og Gunnar M. Magnús orðaði það: „stærri í sniðum enn aðrar kirkjur, veglegasta kirkja, sem risið hefði á höfuðbólinu og þótt víðar væri skyggnt um“. Hugmyndir Magnúsar voru að byggja eina kirkja fyrir allan Eyjafjörð, framan Akureyrar, hvorki meira né minna!

Timbur í kirkjuna pantaði Magnús árið 1902 og veturinn á eftir flutti hann timbrið, sem skipað var upp á Akureyri „fram eftir“ með aðstoð bænda úr sveitinni. Þá voru aldeilis ekki flutningabílarnir (Magnús flutti reyndar nokkrum árum síðar inn bíl, fyrstur manna á Norðurlandi, en það er önnur saga) heldur fluttu bændur efnið á hestakerrum og sleðum. Samdi hann við þá, að flutningurinn væri þeirra framlag til kirkjubyggingarinnar og miðaðist við efni og aðstæður hvers og eins. Það sem útaf stæði, félli á Magnús sjálfan. Mánuðum saman voru farnar 2-3 sleðaferðir fram og til baka milli Grundar og

Akureyrar með trjávið og vörur til verslunar Magnúsar. Viðnum var raðað í mannhæðar háa þríhyrnda stafla og þótti merkileg sjón þennan veturinn, að sjá allt þetta timbur saman komið á hlaðinu á Grund. Enda stóð svo sannarlega mikið til. Byggingarmeistari kirkjunnar var Ásmundur Bjarnason. Honum hafði Magnús kynnst rúmum áratug fyrr, er hann dvaldi í Danmörku, þar sem hann m.a. kynnti sér húsagerð þar ytra, og Ásmundur við nám í trésmíði. Ásmundur mun hafa gert lokateikningu kirkjunnar en Sigtryggur Jónsson byggingameistari á Akureyri kom einnig að frumhönnun kirkjunnar. Að sjálfsögðu hafði Magnús sjálfur einnig hönd í bagga við hönnunarvinnuna.

Það var í ársbyrjun 1904 að þeir Sigtryggur Jónsson og Jónas Gunnarsson, trésmíðameistarar á Akureyri hófust handa við gluggasmíði fyrir nýju kirkjuna. Í júní um sumarið hófst kirkjusmíðin sjálf. Aðrir smíðir sem komu að byggingunni, auk téðs Ásmundar, voru þeir Jónas Stefánsson frá Kotá, Pálmi Jósefsson frá Samkomugerði, Þorsteinn Ágústsson og Maron Sölvason, tveir síðasttöldu frá Akureyri. Málun kirkjunnar, sem þótti gerð af miklu listfengi og natni, annaðist norskur málari, Fredrik M. Möller, en hann var sérmenntaður í skrautmálun og skreytingum húsa. Magnús lagði einnig hönd á plóg með smíðunum og gott betur en það, því sagan segir að ekkert hafi verið framkvæmt þar, nema hann samþykkti sjálfur. Glerið í gluggana skar Magnús sjálfur og vandvirknin í fyrirrími; enginn mátti æmta eða skræmta á meðan, svo hann heyrði, ef hann rispaði óvart glerið! Einhverjar kenningar eru um það, kirkjan hafi að hluta eða í heild hafa komið tilsníðin til landsins, margir hlutar timburverks nokkuð greinilega unnir í smíðavélum erlendis en langur byggingatími, 17 mánuðir, þykir benda til þess, að mestöll smíðin hafi farið fram á staðnum. Til samanburðar tók bygging stærstu timburhúsa Akureyrar, Menntaskólans (1904) og Samkomuhússins (1906) aðeins sex mánuði. Þá munu engin skjöl liggja fyrir, sem staðfesta með óyggjandi hætti innflutning á sérstaklega tilsníðnu efni. (Sbr. Gunnar Bollason, Hjörleifur Stefánsson og Þóra Kristjánsdóttir 2007: 78-79). Kostnaður við byggingu Grundarkirkju nam 21.907 krónum. Það hefur líklega litla þýðingu að reyna að snara þessari upphæð á núvirði en til samanburðar má nefna, að sumarið 1905, á byggingartíma Grundarkirkju auglýsir kaupmaður á Akureyri kaffi á 55 aura kílóíð og púðursykur á 24 aura. (Nú er kílóverð á möluðu kaffi nærri 2000 krónur)

Grundarkirkja var vígð við hátíðlega athöfn þann 12. nóvember 1905, með tilheyrandi ræðuhöldum, sálmasöng og veisluhöldum í boði staðarhaldara. Alls munu um 800 manns hafa sótt vígsluathöfnina, en þar fluttu þjónuðu fjórir prestar, sr. Geir Sæmundsson á Akureyri, sr. Jónas á Hrafnagili og sr. Jakob í Saurbæ auk séra Matthíasar Jochumssonar. Svo skemmtilega vildi til, að daginn áður

var sjötugsafmæli Matthíasar og voru bæjarbúar að halda honum samsæti af því tilefni. Kirkjuvígslan var þannig eins og nokkurs konar hápunktur veglegrar afmælishelgar. Guðlaugur Ásmundsson, lengst af búsettur á Fremstafelli í Köldukinn, sótti hátíðina og sagði frá henni í Snarfara, handskrifuðu málgagni Lestrarfélags Kinnunga þ. 27. nóv. 1905, en frásögn hans birtist í Súlum tímariti árið 1981. Guðlaugur segir svo frá: Klukkan tólf var saman safnað á rennisléttum fleti suður undan kirkjudyrunum, því hún snýr út og suður; kváðu þá við hvell og há klukkna hljóð, var þar samhringing og ekki hringt annað fyrir messu. Að hringingunni lokinni voru opnaðar afarstórar bogadyr á suðurgaffli kirkjunnar og tók mannfjöldinn að streyma inn í forkirkjuna, sem mun rúma á að giska tvö hundruð manns (Guðlaugur Ásmundsson 1981: 7).

Í frásögn sinni lýsir Guðlaugur turninum á einkar skemmtilegan hátt: Upp í hann [turninn] er gengið af lofti kirkjunnar eftir undnum stiga all-löngum, þegar hann þrýtur kemur maður á loft, og þar eru klukkurnar [...]. Þá gengur maður upp annan vindings-stiga, álíka langan og hinn og kemur þá á annað loft, síðan hið þriðja og þegar hann þrýtur getur maður gengið út úr turninum á fjóra vegu. Eru þar svalir umhverfis turninn sem rúma marga menn og er þar fagurt um að litast. Efri turninn: Þá er gengið upp beint rið upp að efri brún neðri turnsins; þá tekur við skrufustigi [...] Getur maður séð sig um út úr honum en hvergi eru á honum svalir. Turninn er þá orðinn þröngur og erfiður uppgöngu. Enda reyndist mörgum það torsótt 12. nóvember [1905], þar sem annar eins manngrúi var saman kominn og allir eða flestir vildu skoða bygginguna. Dagaði víst marga uppi á svölum turnsins, því ekki var það heiglum hent að fara í mannþröng upp efri turnbygginguna (Guðlaugur Ásmundsson 1981: 11-12). Er rétt hægt að ímynda sér, að þarna hefur skapast hálfgerð vandræðaástand og líklega eins gott, að ekki væru margir lofthræddir í mannþrönginni, sem „dagaði uppi á svölum turnsins.“

Grundarkirkja er timburhús, kirkjuskipið 17,15 x 9m að grunnfleti en forkirkja 5,05 x 5,22m. Séra Geir Sæmundsson, sem vísiteraði kirkjuna sumarið 1907 sagði hæð turns frá jörðu 38 álnir ((Sbr. (Gunnar, Hjörleifur og Þóra 2007: 66) en það mun nærri 24 metrum. Tvær gluggaraðir eru á kirkjuskipinu og undir þeim samfelld vatnsbretti eða bönd. Gluggarnir eru bogadregnir og margskiptir og utan um miklir, skreyttir rammar. Á hvorri langhlið kirkjuskips eru alls 12 gluggar, sex í neðri röð og jafn margir í þeirri efri, en þeir eru smækkuð mynd neðri glugga. Tveir gluggar eru á bakhlið, hvor sínu megin við altaristöflu. Þá er einn gluggi af hvorri gerð á langhlið forkirkju. Á forkirkjunni eru vatnsbrettin miklu á „þremur hæðum“ og á framhlið eru tveir smáir gluggar ofan þriðja vatnsbrettisins. Neðsta vatnsbretti er þar bogalaga en yfir inngöngudyrum, sem ásamt allri framhliðinni eru

lítið eitt inndregnar, er bogalisti. Beggja vegna hans eru tveir smærri bogar, og standa þeir á sívölum súlum, sem væntanlega eru burðarsúlur fyrir forkirkjuna. Ofan á forkirkjunni er turnbyggingin sjálf, áttstrendur turn með lauklaga þaki á „tveimur hæðum“ og stendur efsti hluti turnspíru á átta súlum með bogadregnum skeggjum á milli. Svalir eru ofan á þaki forkirkju allt í kringum turninn og eru á hornum þeirra fjórir smáturnar, með oddmjóum, sívölum spírum. Öll er forkirkjan prýdd ýmsu skrauti og munstri sem sá sem þetta ritar og flytur kann ekki einu sinni að nefna. Á það einnig við um kirkjuna í heild, hver einasti kantur, listi, vatnskegg, þakskegg og vindskeið prýða munstur, kögur og útskurður svo kirkjan er í heild eitt stórt listaverk, samsett úr mörgum smærri listaverkum, hvort heldur sem er að utan sem innan. Að innan er kirkjan nokkuð hefðbundin að gerð, bekkjaraðir beggja vegna miðgangs (13 vestan megin og 14 austan megin) upphækkaður kór og tvö skrudherbergi beggja vegna hans. Altaristöfluna prýðir málverk sem sýnir upprisu Krists, eftir danska málarann Anker Lund, frá 1891. Látum staðar numið af lýsingu kirkjunnar hér, en mjög ítarlega og nákvæma lýsingu á Grundarkirkju er að finna í 10. bindi bókaflokksins Kirkjur Íslands á blaðsíðum 70-76.

Það er eflaust hægt að fullyrða, að Grundarkirkja sé með glæstustu og veglegustu kirkjum landsins og ber vitni um einstakan stórhuga byggjanda síns, Magnúsar Sigurðssonar. Er hún einkar mikil prýði á einstaklega fallegum stað, í hjarta Eyjafjarðar. Afstaða hennar til höfuðátta er einnig einstök og kenningar um, að við þá ákvörðun hafi verið tekið mið af landslaginu, dalnum og fjöllum (Gunnar, Hjörleifur og Þóra 2007: 77) en Eyjafjörður liggur frá norðri til suðurs. Hefur Grundarkirkja verið einstakt stórvirki eins manns á sínum tíma og líklega verið ein af hæstu byggingum landsins (ef ekki sú hæsta) árið 1905. Turn kirkjunnar mun um 24 metra hár og til samanburðar má nefna, að turnar Akureyrarkirkju, sem reist er 35 árum síðar, eru aðeins um fjórum metrum hærri. Kannski fer þannig einkar vel á því, að hið hátimbraða guðshús standi við fótiskör hæsta fjalls Norðurlands, hinnar 1538m háu Kerlingar.

Í kaflanum í Kirkjum Íslands er viðhaldssaga kirkjunnar rakin og skal tæpt á henni lítillga hér í lokin. Það vill nefnilega svo til, að samtímis og nýtt hús rís af grunni, skapast ævarandi skylda eiganda til viðhalds, því allt nágær tímans tönn. Stundum virðist þetta farast fyrir; reistar



eru veglegar byggingar sem fagnað er mjög og þykja framfaraskref, en þegar fram líða stundir virðist einhvern veginn gleymast að gera ráð fyrir nokkru viðhaldi. Það hefur þó alls ekki verið tilfellið með Grundarkirkju. Á meðal viðhaldsaðgerða í Grundarkirkja má m.a. nefna, að hún var máluð að utan 1920, það er veggir og skraut. Þakið var málað 1932 og um leið steypdur nýr reykháfur. Kirkjan var framan af hituð með tveimur kolaofnum en árið 1934 var þeim þriðja bætt við. Árið 1947 var sett í kirkjuna olíufýring og um svipað leyti (fyrir 1949) var hún máluð í heild sinni. Rafmagn var leitt í kirkjuna árið 1957. Árið 1967 var nefnt í visitasíu, að fúi væri kominn í undirstöður turnsins, afleiðing leka frá turnopinu. Þótti einsýnt, að þörf væri á umfangsmiklum viðgerðum á næstu árum. Árið 1977 var Grundarkirkja friðlýst og árin 1981-82 fóru fram á henni miklar endurbætur, að utan jafnt sem innan. Árin 1996 – 97 var komið að gluggaviðhaldi auk þess sem turn var lagfærður, en hann skemmdist í ofsaverðri árið 1995. Og svona mætti lengi telja. Það segir sig sjálft, að svo stórt veglegt, og skrauti hlaðið timburhús hlýtur að vera býsna viðhaldsfrekt. En Grundarkirkja hefur sannarlega fengið allt nauðsynlegt viðhald síðustu árin, því hún er í afbragðs góðri hirðu. Kirkjan hefur þjónað sóknarbörnum sínum með glæsibrag og sóma síðastliðin, óslitið, síðastliðin 120 ár og mun gera enn um ókomin ár. Óska öllum hlutaðeigandi til hamingju með stórafmælið, dýrð sé hinu merka guðshúsi á Grund. Takk fyrir.

Arnór Bliki Hallmundsson

Heimildir:

Guðlaugur Ásmundsson. 1981. [1905]. Grundarkirkja og vígsluhátíðin þar 12. nóvember 1905. Í *Súlur Norðlenskt tímarit* 21-22. tbl. bls. 6-15.
 Gunnar Bollason, Hjörleifur Stefánsson, Þóra Kristjánsdóttir. 2007. Grundarkirkja. Í Jón Torfason og Þorsteinn Gunnarsson (ritstj.): *Kirkjur Íslands. 10. bindi. bls. 55-107*. Reykjavík: Þjóðminjasafn í samvinnu við Húsafriðunarnefnd, Fornleifavernd, Biskupsstofa, Minjasafnið á Akureyri og Bygðasafn Dalvíkur.
 Gunnar M. Magnúss. 1972. *Dagar Magnúsar á Grund. Akureyri*: Bókaforlag Odds Björnssonar

Félagsmálamaðurinn og ferðapjónustubóndinn

Jóhannes Geir á Öngulsstöðum

Viðtal: *Benjamín Baldursson*

Veturinn er aðeins að minna á sig með éljagangi og sex stiga frosti þegar Eyvindur heimsækir Jóhannes á Öngulsstöðum og falast eftir viðtali, enda kominn 28. nóvember og fyrsti sunnudagu í aðventu nálgast. Jóhannes á þrjár dætur með fyrri konu sinni, Kristínu Brynjarsdóttur, þær Sveinu Björk, Guðnýju og Sunnu Hlín. Hann stendur á tímamótum um þessar mundir og hélt nýlega upp á 75 ára afmæli sitt í Svíþjóð ásamt konu sinni Ragnheiði Ólafsdóttur, en sonur hennar býr þar. Í suðurenda gamla hússins á Öngulsstöðum hafa þau innréttað afar vistlega íbúð en í norðurhlutanum er safn gamalla muna. Jóhannes hefur nú skellt í lás og selt ferðapjónustuna sem hann hefur ásamt öðrum starfrækt í 30 ár.

Ertu fæddur hér á Öngulsstöðum?

„Nei, við systkinin erum öll fædd á Akureyri hjá ömmu minni Snæbjörgu Aðalmundardóttur. Ég var hér í þessu húsi í nokkra mánuði en svo flutti stórfjölskyldan í nýbyggt hús, Öngulsstaði III, á vormánuðum 1951. Það voru - auk foreldra minna - afi og amma, Þórhallur föðurbróðir og Helga föðursystir og Valdimar sonur hennar. Þannig að það var margt í heimili og frábært að alast upp við þessar aðstæður. Fólkið hér á torfunni var allt af sömu ættinni og á sumrin var mikið af börnum og unglingum sem send voru í sveit eins og þá tíðkaðist þannig að það var nóg af leikfélögum. Á veturna fór maður fljótt út að leika sér þegar komið var úr skólanum, á skíðum, sleða eða skautum og var úti fram á kvöld.“

Ég man eftir þúfum hérna fast upp við veginn þar sem þið bræður þá kornungir lékuð ykkur mikið. Það hefur ekki þótt neitt hættulegt í þá daga?

„Nei, þeir voru nú ekki mjög margir bílarnir hérna í hreppnum þá, ég treysti mér jafnvel að nefna þá alla með tölu. Þetta voru kjörin leiksvæði, á öðru því sem var hérna upp við veginn fórum við í „litlubílaleik“ en „stóribílaleikur“ var svo hérna niður með læknum. Þar voru heimasmiðaðir vörubílar sem voru dregnir og voru með sturtum og öllum græjum. Faðir minn Sigurgeir og Þórhallur frændi voru mjög laghentir og smíðuðu þessi leikföng, einnig var Ragnar Bollason á Bjargi mikill bíla og sleðasmiður. Barnaskólinn var deildaskiptur í eldri og yngri deild og við fórum í skólann annan hvern dag þrjá daga í viku og því fjórir heilir dagar til að leika sér.“



Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Öngulsstöðum

Það kom fljótt í ljós að þú varst góður námsmaður, gast þulið upp firðina fyrir austan og hvaða þorp eða kaupstaður var í hverjum firði. Kennarinn haldi þér og sagði að þú hefðir greinilega mikið grúskað og stúderað landakortið.

„Já, sjálfsagt hef ég grúskað eitthvað í því. Ég hafði líka á tímabili mikinn áhuga á fuglum og vann heimikla greinargerð upp úr fuglahandbókinni. En það var mér mikil kvöl og pína að þurfa að læra kvæði utanað. Ég skildi ekki hvernig Jón Guðni á Sigtúnum gat þulið Gunnarshólma viðstöðulaust. Þetta gerði það að verkum að ég fór ekki að læra að meta ljóð fyrr en ég þurfti ekki lengur að læra þau utanað.“

Svo fyrstu í Laugaskóla og þaðan í MA. Af hverju ekki Bændaskólann?

„Það var nú ekki alveg tilviljun. Ég tók landspróf frá Laugaskóla og við félagarnir Sigurður Valdimar Bragason sóttum um skólavist á Hvanneyri. Hann fór þangað en

ég hætti við og fór frekar með stórum hópi skólasystkina minna í MA. Það voru mjög fin ár og á þeim tíma var námið þar ígildi BA náms í háskóla í dag. Þar eignaðist ég stóran vinahóp sem hefur haldið saman alla tíð síðan.“

Kom ekki til greina að fara í Kennaraskólann?

„Nei, ég kenndi að vísu þrjú ár í Hafralækjarskóla eftir stúdentspróf en það má segja að það hafi verið millibilsástand. Þegar ég var í MA var ég að velta fyrir mér að fara í dýralæknanám en ekkert varð úr því og eftir fyrsta árið fyrir austan var tekin ákvörðun að koma heim og fara í búskapinn.“

Hvað bjóstu lengi með kýr?

„Við byggðum nýtt fjós árið 1975. Á þeim árum var mikil uppgangur í landbúnaðinum og margir að stækka búin. Við bjuggum svo með kýr og fyrstu árin í félagsbúi með foreldrum mínum, til ársins 1998, þar af síðustu þrjú árin með kýrnar í fjósinu hjá Birgi frænda mínum á Öngulsstöðum II.“

Var þetta ekki erfið ákvörðun að hætta í hefðbundnum búskap og fara í að reka ferðapjónustu?

„Nei, í sjálfu sér ekki. Ég var kominn í allskonar félagsmálástúss og mikið í burtu við slíka vinnu. Það var orðið ljóst að það ætlaði enginn í fjölskyldunni að taka við og því nokkuð einboðið að hætta kúabúskapnum. En hvort tveggja er mjög bindandi en þetta þróaðist svona. Ferðapjónusta bænda var að byggjast upp og ég hafði mikla ánægju að taka þátt í því. Ég hef alltaf haft mjög gaman af fólki og það er alger forsenda ef þú ætlar í ferðapjónustu að hafa gaman af fólki.“

Svo fyrst þú á þing.

„Já, 1991. Það má segja að það hafi verið svolítið hliðarspor og var ekkert á plani hjá mér. Ég var orðinn virkur í ungmennafélagshreyfingunni og innan bændasamtakanna í afurðastöðvamáluðum og áhugasviðið var meira þar. Svo var ég beðinn að taka þátt í forvali Framsóknarflokksins 1987. Flokkurinn átti í nokkrum vandræðum þarna því Stefán Valgeirsson bauð fram eftir að hafa orðið undir í kjöri um fyrsta sætið og náði kjöri. Ég náði aftur þriðja sætinu, sem ég hafði skipað 1987, í forvalinu 1991 og Framsóknarflokkurinn fékk þrjá menn kjörna í kosningunum og ég sat í fjögur ár á þingi auk þess að vera varapingmaður kjörtímabilin á undan og eftir.“

Hvernig var að vera á Alþingi? Er kerfið ekki full stíðlegt?

„Það var mjög lærdómsríkt. Lýðræðið er í sjálfu sér nokkuð flókið og erfið í framkvæmd en við höfum ekki fundið neitt sem hefur reynst betur. Það sem ég tek mest út úr þessum árum er félagsskapurinn við gott fólk úr öllum flokkum. Þarna árið 1991 kom inn stór hópur af



Ragnheiður og Jóhannes á góðri stundu

ungu fólki, margir um fertugt og yngri. Okkur fannst þingflokkur Alþýðuflokksins vera mjög gamall en eftir á að hyggja voru þau í kringum fimmtugt. Þarna eignaðist ég marga góða vini þvert á flokkslínu,“ segir Jóhannes og heldur áfram. „Mig langar að segja skemmtilega sögu þegar ég fór fyrst í framboð 1987. Þá var það á samkomu í Freyvangi að Baldur á Tjörnum kom til mín og haldi mér mikið fyrir að gefa kost á mér til starfa í pólitík. Það væri gaman að sjá ungt fólk á lista og hvatti mig til dádá. Ég spurði hann þá hvort hann væri ekki til í að kjósa mig? Hann hugsaði sig um örstutta stund en sagði svo: „Nei, ég held ekki, maður verður að vera einhverju trúr“, og hélt áfram að kjósa sinn Sjálfstæðisflokk.“

Svo varstu kornungur kominn í stjórn Kaupfélags Eyfirðinga.

„Já, ég var um þrítugt þegar ég settist í stjórn KEA og verð síðan stjórnarformaður þar eftir nokkur ár á miklum breytingatímum. Ég tók við af Jóhannesi Sigvaldasyni. Þegar ég kom fyrst inn í stjórn KEA var Hjörtur á Tjörn stjórnarformaður. Hann var einhver mesti snillingur sem ég hef kynnst um ævina. Á þessum árum var ég yfirleitt langyngstur fulltrúi t.d. á fundum Stéttarsambands bænda, þá var ég að bera föður mínum kveðjur frá skólabræðrum hans frá Hvanneyri.“

Þú minnst á Stéttarsambandið hvaða blutverk hafði það?

„Það voru almenn hagsmunasamtök íslenskra bænda um verðlagningu búvara. Búnaðarfélag Íslands sá meira um



Gamli bærinn

faglega hlutann með sinn Búnaðarmálastjóra og byggði upp ráðunautakerfið sem var stórmærkilegt kerfi sem lagði grunninn að nútíma landbúnaði eftir seinni styrjöldina. Hluti verkefna Búnaðarfélagsins fór svo inn í ráðuneytið, átti betur heima þar, þá var einboðið að sameina þetta tvennt sem var gert 1995 í Bændasamtök Íslands.“

Eigum við að tala meira um ferðafjónustuna? Þú ert búinn að vera í þessu í 30 ár.

„Já, en ekki alveg samfellt. Við leigðum þetta út á tímabili og það hafa mismunandi fjölskyldumeðlimir verið að vinna að þessu. Ég var væntanlega meira svona andlitið útávið en aðrir stóðu meira daglegu vaktina enda var ég að stússa í mörgu öðru á þessum tíma, en frá árinu 2012 hef ég verið alfarið heimavið og síðustu árin verið með reksturinn á minni könnu með góðu starfsfóki; bæði unglingum úr sveitinni og upp á síðkastið úrvals fólki frá USA og Póllandi en nú er þessu lokið.“

Er eftirsjá?

„Já, og nei, það kemur alltaf að þeim tímapunkti að maður er kominn á þann aldur og þarf að hægja á, en þetta var mjög fjölbreytt og gaman að starfa í þessu. En eftir að við Ragnheiður konan mín fluttum alfarið norður fórum við í mjög viðamikil verkefni sem snýst um uppbyggingu á Gamla bænum. Ef þú ferð í slíkt verkefni kominn um sextugt þá veistu alveg hvað þú hefur að gera. Við eigum enn eftir smá lóðarvinnu en norðurhluti hússins verður óbreyttur.“

Þú bjóst bara nýfeddur í nokkra mánuði í þessu húsi en svo flytur fjölskyldan í nýtt hús. Það hafa verið byltingar kenndar framfarir þarna um miðja síðustu öld hér á Öngulsstöðum.

„Já, afi minn Halldór og Kristinn bróðir hans byggðu fjós fyrir 48 kýr, skipt í tvennt 24 á hvorn árið 1946. Það voru settar upp mjaltavélar og auk þess var keyptur traktor og jeppi. Ég náði aldrei í neina hestavinnu við búskapinn, vélvæðingin var alfarið gengin í gegn.“

Svo varstu á tímabili stjórnarformaður Landsvirkjunar.

„Já, ég var þar í stjórn í tólf ár. Fyrstu tvö árin sem almennur stjórnarmaður og svo formaður í tíu ár. Aðal verkefnið var Kárahnjúkavirkjun og allt sem henni fylgdi. Það hafði ríkt nokkur kyrrstaða í virkjunarmálum hér á landi en árið 1995 hófst mikið framkvæmdatímabil og þá var lagður grundvöllur að því raforkukerfi sem við búum við í dag. Það voru töluverð mótmæli vegna virkjunarinnar en við vorum sannfærð um að við værum að gera rétt.“

Varstu hissa á þessum mótmælum?

„Nei, mótmæli eiga rétt á sér og jafnvel flestar skoðanir þó það sé hægt að draga þar einhver mörk. Það hjálpar alltaf til að ná góðri niðurstöðu að það takist á fjölbreytt sjónarmið. Á því byggist nú lýðræðið og pólitíkin og allt byggist þetta á málamiðlunum. Síðan kemur alltaf að þeim tímapunkti að einhver verður að taka af skarið og fylgja ákvörðuninni eftir“, segir Jóhannes Geir að lokum. Eyvindur þakkar viðtalið.

Ljóð

Guðmundur Beck



Minning vinar.

Postulinn forðum
Páll víst reit
um kærleikans kost og leiðir.
Misvel gengur
mönnum breyskum
náðargáfur nýta sínar.

Vel er þeim
er veginn rata
samferðamönnum til sælu.
Þér var gefin
sú gjöfin stóra,
með gleði strá gæfuljósi.

Náttúrunnar
nýttir orku
lífs á leikvangi.
Útgeislun hlý
anda heilbrigðs
heilar næm hjörtu.

Með alúð stakri
og elsku muna
verk þín af göfgi vannst.
Ljúfu brosi
léttir vinum.
Hönd þín til hjálpar fús.

Svipt er mörgum
af sviði lífs
er mest eiga munargæða.
Sæta mega
sárum harmi
þau innilegast elska.

Haut

Skýlir mjöll
skauti foldar.
Biturt frost
bítur minna
barm grundar.

Lítil rjúpa
er lostin kvíða.
Fær henni skjól
firna seigur
fjalldrapinn.

Ástin

Við ljós frá litlu kerti
og ljúfa friðarbæn,
þá glóð frá góðu hjarta
geislum vefur mig.

Ber ég von í brjósti mínu
birtan haldi vörð.
Hún finnst í fasi þínu
öll fegurð hér á jörð.

Ég veit um litla ljúfa hönd
sem leggst á hjarta mitt.
Þegar leiðans bresta bönd
mér býðst að elska þitt.

Vængi á hún vonin bjarta
um vist í faðmi þínum.
Að elska dís með engils hjarta
undur í draumum mínum.

Heimferð úr Múlanum

Með hamrabelti og hlíðar grænar
heillar Látraströndin.
Þar fannir núna fáar vænar
hún faðmar hafsins löndin.

Flýtur á firðinum lygna
fögur Hríseyjan breið.
Í fjarska má Hrólfsker skyggna
er skipunum vísar leið.

Rennir í hafið röðull fagur
roðar fjöll og dal.
Enn er liðinn dýrðar dagur
dreifist glóð um himinsal.

Marsorfin Múlabjörgin dökk
mynda spegil á víkum.
Hálfrauð sólin í hafið sökk
heillandi draumi líkum.

Ávallt myndin elsku kallar
sem á ég nú að vini.
Vegstikur af virðing allar
varpa stjörnuskini.

Himins dýrðar helgu vé
hjartans liti sýna.
Í sólaljóssins ljóma sé
ljúfu elskuna mína.

Vonir

Ávallt gæzka um æðar þér flæði
einsemd valdi ei leiða og sút.
Bón og greiði bæta lífsgæði
þá blæðir ástinni síður út.

Ástin stundum í einrúmi lónar
áhyggjur skína af fagurri brá.
Ef saknarðu þess hún biðji þig bómar
þá bara segðu henni frá.

Láttu ei gæzkuna í leyni liggja
ljóst er hún kostur manns og vífs.
Sú gagnkvæma virðing að gefa og þiggja
er grundvöllur elskandi lífs.

Loksins kom rafmagnið!

Valgerður Schiöth

Það kemur fyrir að ég segi af því sögur „þegar amma var ung og ekkert rafmagn“. Unga fólkið í dag á erfitt með að hugsa sér lífið án rafmagns. Þess vegna þykir mér vænt um að hafa upplifað þá tíð, en um leið rennur upp fyrir mér hve árin eru orðin mörg! Ég var tæpra 8 ára þegar langþráðum straumi var hleypt á, en það átti sér langan aðdraganda.

Fyrsta merki um væntanlegar framkvæmdir var þegar menn birtust, með einhvers konar mælitæki eða kík og stungu niður hælum, þar sem staurarnir skyldu standa. Bændur höfðu sumir eitthvað við það að athuga, t. d. ef stauraröð átti að staðsetja eftir endilöngu túni. Vanalega var hægt að komast að samkomulagi um línulögn, en þó varð ekki komist hjá því að staurar væru settir í gróin tún, og kallaði það á óhagræði við heyskap. Í þá daga voru krakkar sendir með hrifu út á tún og áttum við mörg handtök við að raka frá staurum, því að hverja tuggu varð að hirða.

Því næst sást til stórra vörubíla með kolsvarta heljarlanga rafmagnsstaura, og kranabíll kom í kjölfarið ásamt körlum með áhöld og nú fór þá að bera við himin þessa löngu svörtu staura, sem eitt sinn voru stæðileg tré í útlöndum, en áttu nú að bera okkur langþráða orku, sem breytti svo gríðarlega miklu. Eftir öll þessi ár er ómögulegt að segja hve langan tíma þetta tók, en þetta var spennandi í fásinninu og var fylgst vel með framkvæmdum. Á túninu „suður-og-upp“ voru reistir tveir staurar saman, en þaðan skyldi heimtaugin liggja heim að bæ. Þegar mælt var fyrir heimtaugastaur í garðinum heima var hællinn settur niður beint framan við eldhúsgluggann í seilingarfjarlægð frá fánastönginni! Þetta þótti foreldrum mínum ótækt, og fengu hælinn fluttan fáeina metra til suðurs til að varna því að hafgolan feykta fánanum í rafmagnsvírinn tilvonandi! Á heitum sumardögum átti tjaran það til að hitna, og þá var eins og svört tár lækju niður eftir staurnum, rétt eins og hann syrgði æsku sína í mun hlýrra loftslagi, eða það fannst mér barninu!

Nú hófust ýmis konar tilfæringar í húsinu heima. Reyndar var gömul raflögn til staðar, en fram að þessu hafði verið hægt að nota rafmagn frá mjaltamótor aðeins til ljósa, nema rétt á meðan mjaltir stóðu yfir. Auðvitað þurfti að betrumbæta þetta gamla og leggja nýtt. Skipt var um rofa, innstungur settar hér og þar, rafvirkjar



gengu út og inn, drukku kaffi ef svo bar undir og voru orðnir heimavanir. Upp á háalof var farið í gegnum lúgu í eldhúslófti, en þar var einhver mikilvægur miðpunktur alls þessa umróts. Dag einn komu foreldrar mínir úr bænum með forlata Rafha eldavél, skjannahvíta og glansandi. Það var nokkru áður en straumi var hleypt á, og mér fannst hún biða óþreyjufull eftir að fá að taka þátt í matargerð heimilisins. Vélin sú var með gormaplötum, sem hægt var að

lyfta og hreinsa úr skálinni sem undir var, ef það skyldi sjóða upp úr. Þar að auki var sérstök panna undir þessu öllu ef skálin skyldi yfirfyllast. Móðir mín hlakkaði augljóslega til að endurnýja kynnin við rafmagnseldavél, eins og hún hafði átt meðan þau bjuggu á Akureyri 10 árum fyrr. Gamla kolavélin var fjarlægð og steipt upp í gatið á múrpípunni, og þar með var liðin tíð að þurfa að fylla kolafötuna í kjallaranum. Þar beið hún eftir að pabbi kæmi úr fjósi, en hann fór létt með þetta niðþunga eldsneyti upp stigann. En áður en vélin var fjarlægð, bakaði mamma jólakökur og Kleinukiddi var fylltur.

Kleinukiddi? Það var grái sívali baukurinn, sem geymdi gómsætar kleinur. Hann fékk þessa nafnbót eftir smá ævintýri, trúlega þorablót eða slægjuball. Í þá daga fóru allir með veisluföng með sér á slíkar samkomur í þinghúsið á Hrafnagili, og kleinubaukurinn fékk að fara með undir eitthvað matarkyns. Síðan gerðust menn góðgláðir og þá styttist kveikjuþráðurinn. Kiddi vinnumaður af næsta bæ, var ágætur vinur okkar, en eitthvað var heimurinn honum andsnúinn á samkomunni. Þá var gott að fá útrás með því að sparka í eitthvað – t.d. kleinubauk Hólshúsahjóna, sem var orðinn tómur og lagður til hliðar. Eftir það hét hann Kleinukiddi til heiðurs þeim góða manni, sem svo eftirminnilega gaf bauknum á baukinn. Beygla kom í botninn, en eftir smá lagfæringu varð hann nothæfur á ný.

Svo kom annað áhyggjuefni, afmælið mitt var rétt handan við hornið, og það yrði fremur snautlegt ef veislubrauðið yrðu eingöngu stálpaðar jólakökur og mesti glansinn hlaut að vera farinn af innihaldi Kleinukidda. Í millitíðinni var eldað á Kosangasi sem var ágætt, en bakstur var ekki mögulegur í bráð.

Svo kom stóra stundin. Okkur hafði verið sagt að einhvern næstu daga yrði straumnum hleypt á – líklega

fyrir helgi, en það var nú teygjanleg tímasetning. Einn daginn höfðu pabbi og mamma þurft að skjótast í burtu og við Margrét systir vorum einar heima. Þá birtist einn af þeim rafmagnsmönnum, sem höfðu verið eins og gráir kettir hjá okkur og á bæjunum í kring. Hann skaust upp á háaloft. Við vorum orðnar þessu vanar og álitum þessa heimsókn ekkert merkilegri en allar hinar – en viti menn! Skyndilega kviknaði ljós í eldhúsinu! Ég tók viðbragð og benti á ljósið og sagði: „Lilla, ljós – ljós!“

Þar með hóf innreið sína þetta langþráða rafmagn sem lengi hafði verið beðið, og sú sem átti afmæli eftir 2 daga varð alls hugar fegin. Við þóttumst hafa tíðindi handa foreldrum okkar þegar þau komu, og nú var hellt uppá sérstakt „rafmagnskaffi“ hið fyrsta sem hitað var á þennan hátt. Sú tæpra 8 ára hætti að hafa áhyggjur af afmælisveislunni og fékk sína fyrstu rafmagns-bakaða afmælisköku eins og vænta mátti.

Nú varð breyting á ýmsu. Þvílíkur munur að geta ýtt á takka til að kveikja ljós, hvenær sem var, þurfa ekki lengur að sækja eldspýtur og kveikja á kerti eða steinolíulampa, en lampaglösin voru bæði brothætt og rándýr.

Foreldrar mínir höfðu fyrir allnokkru fest kaup á rafmagnspvottavél, sem þau fengu að hafa á Finnastöðum. Þau mætu hjón Ketill og Hólmfríður höfðu tekið bón þeirra vel, er þau spurðu hvort þau mættu koma með gripinn og fá að þvo þar, vegna þess að þar var stór dieselmótor. Nú var þvottavélin flutt heim og hægt að þvo þvottinn án þess að fara milli bæja. Straujárn var allt í einu komið og nú hægt að ganga frá þvotti, án þess að þurfa stanslaust að skipta um járn, sem voru hituð á víxl á kolavélinni. Hrærvél var fljótlega keypt, sem létti mömmu eldhússtörfin, sérstaklega við baksturinn og nú þurfti ekki að bíða eftir hagstæðri vindátt til að trekkri nægilega til baksturs. Hamilton Beach hét sú góða vél og entist áratugum saman og enn nota ég stálskál sem henni fylgdi. Ryksuga var ofarlega á óskalista mömmu og brátt komu þau úr bænum með kassa, sem innihélt dýrindis áhald sem át allt ryk, flugur úr gluggunum og annað smálegt. Þar með kom grænt ljós á kaup á gólfteppi í stofuna. Það var löngu áður en teppi voru lögð út í hvert horn, heldur fengust teppi sem náðu vel yfir mitt gólfíð, en utan með var rönd sem þurfti að bóna. Pabbi rak augu í auglýsingu um nýja sendingu af gólfteppum og dreif sig í bæinn. Þar höfðu margir komið sömu erinda og var úrvalið farið að minnka. Þó voru eftir fáein teppi, og eitt þeirra var langfallegast, sem allir vildu kaupa. Pabba var sagt að hringja heim og láta mæla hvort það myndi passa í stofuna. Hann fór og sinnti öðrum erindum og þóttist hafa hringt heim, en auðvitað var þetta utan símatíma. Honum var tjáð að hann fengi gripinn, sem búið var að rúlla upp og var tilbúinn til flutnings. Næsta dag kom teppið með mjólkurbílum og mikill var spenningurinn þegar það var tekið í sundur – en pabbi rak upp stór augu!

Þetta var alls ekki teppið sem hann ætlaði að kaupa, heldur allt annað sem honum hafði litist verr á. Einhver annar hafði náð þessu eina sem var langfallegast, en sá sem afgreiddi kom sér undan því að segja pabba eins og var. Þetta teppi var ekki svo slæmt og dugði árum saman. Og nú kom ryksuga að góðu gagni. Við systur rifumst um að fá að ryksuga og þá hraut út úr pabba: „Það þarf ekki að reka þær til þess – ennþá.“ Í fyllingu tímans – líklega 3 árum síðar, kom Zanussi ísskápurinn, maður minn! – hann var hreinasta dýrindi, með litlu frystihólfi efst. Nú þurfti ekki lengur að geyma mjólkurbrúsann á stéttinni vestan húss, né heldur gamla koffortið sem einnig var þar úti, og hýsti smjörið og kæfuna, síldina og rúgbrauðið. Svo bættust við ýmis gagnleg tæki eins og brauðrist og saumavél, og sú handsnúna var lögð til hliðar. Nú var hægt að kaupa ís og geyma vandræðalaust eða búa hann til og frysta. Kaup á þessum tækjum tók langan tíma, því að ekki var hægt að kaupa allt í einu. Fljótlega kom rafmagnsmótor í fjósið og gamli bensínmotorinn sem hafði ótrúlega hátt, fékk hvíldina.

Þvílík dásemd að geta farið með útvarpið niður í kjallara til að hlusta á Lög unga fólksins á þriðjudagskvöldum. Fram að því var hægt að hlusta stórt útvarp sem stóð á skáp í borðstofunni. Þar hlustuðum við á Óskalög sjómanna – Á frívaktinni á fimmtudögum, og eftir hádegi á laugardögum voru Óskalög sjúklinga, sem oftast en ekki var meira fyrir gamla fólkið, en sjúklingar voru jú flestir í eldri kantinum, svo ekki var mikið um dansmúsík í þeim þáttum. Á laugardagskvöldum hófst fjörið fyrir alvöru. Við systur vorum duglegar að dansa þegar búið var að ýta borðstofuborðinu til hliðar, og þá var tjútað og hamast. Það var sungið með, og stundum fengum lítil hefti með danslagatextum sem var fengur í að fá. Ekki kunni ég neitt í ensku, en það aftraði okkur ekki frá því að syngja með. Eftir að hafa heyrt lögin nokkrum sinnum gripum við einstaka orð eða setningar þó að skilningurinn væri afar takmarkaður. Ég minnst þess að hafa spurt í sakleysi mínu: „Pabbi, hvað þýðir lökkí libbs“. Hann hnussaði eitthvað, en sagði svo að hann vissi það ekki – hann sem hafði verið í Ameríku í 3 ár! Einnig var oft sungið um eitthvað sem í mínum eyrum hljómaði „Heppines“ sem mér fannst líklegt að væri skógi vaxið nes í útlandinu, líkt og Slútnes, sem ég hafði heimsótt í skólaferðalagi.

Þegar maður er orðinn svona „stálpaður“ eru mér þessar minningar afar kærar og ég veit að slíkir tímar heyra sögunni til. Ég þykist vera talsvert lífsreynd að hafa upplifað rafmagnslauslausa veröld, svo maður tali ekki um næstu kynslóð á undan, sem ólst upp í torfbæ líkt og móðir mín, löngu áður en hugmyndir vöknudu um lífsgæði okkar tíma, sem okkur þykir sjálfsagður hlutur í dag.

Kristnestjörnin

Draugasaga

Þegar við fáumst við atburði frá löngu liðnum tíma er gott að hafa í huga að minnið er hverfult að einhverju leyti, við upplifum hluti á mismunandi hátt og einstakar myndir ólíkar. Það sem hér er fært í frásögn hefur nokkra sérstöðu þar sem 3 félagar voru saman komnir á aldrinum ca. 11-16 ára gamlir, Snæbjörn Friðriksson, Hafsteinn Andr sson og Hrei ar Hrei arsson e a (Snabbi, Hafsi og Kuggi) Þ tt Sn bj rn v ri nokkru yngri v  snemmkominn þroski þar upp   m ti. Kristnesþorpi  var  hugaver ur og þroskandi sta ur   alast upp  .   sj tta  ratugnum þegar berklaveikin var þ    undanhaldi, voru þarna um t u fj lskyldur og anna  starfsf lk um eitt hundra  manns, auk inniliggjandi sj klinga. Umhverfi h lisins var okkar leiksva i me   llum s num fj lbreytileika og mannl fi sem efni v ri   heila b k, en einstakt atvik er til umfj llunar h r.

    var fyrri part vetrar r tt um mi jan sj tta  ratuginn   froststillur l gu yfir og þa    au ri j r . Vi  þ r a st  ur getur myndast miki  h im og j r  ver ur sem sn vi þakin, og þannig h tta i til n .

Kristnestj rnin sem var oft okkar leiksva i, en er n  þekktur fuglasko unarsta ur, liggur   merkjum Reykh sa og Kristnes sem afmarkast af framr sluskur i sem liggur til su vesturs upp   eldri þj  veginum og fangar þ r b jarl kinn   Kristnesi, annar skur ur var   gegn um tj rnina vestanver a. Vi  þessar fyrrnefndu a st  ur var gott skautasvell   tj rninni en miki  h im   j r  ger i erfitt   greina m rk svellsins.  etta tiltekna kv ld voru me fer is skautar og slatti af kertum, sem vi  dreif um   ja ar svellsins.

V kur n    atbur aras þessa  vint r kv lds, eins og h n kom m r fyrir sj nir. Eftir   hafa skautað einhverja stund s   g, kannski fyrir  bendingu f laga minna   ma ur kemur upp  r skur inum fyrir nor an okkur, allavega var sem hann v ri   r sa upp. Fyrsta hugsun var   pers nugera hann vi  einhvern l klegan, og var þa  P lmi Steingr msson vinur okkar sem oft var okkur n l gur og fullkomlega þessa heims. Vi  Hafsi skautu um til m ts vi  hann og k llu um   hann sem virtist stefna    tt til okkar.

S milega bjart var af tungli þ tt h im v ri   lofti og skyggni gott. Engin merkjanleg  hrif h f u k ll okkar og fleiri n fn voru reynd. Þegar  rf ir metrar voru   milli okkar sveigir þessi mannsmynd til vinstri og me fram svellinu, vi  þessa n l g  vir ast  tl nur „mannsins“ ver a  sk rari. Vi  skautum n  til baka og erum nokku  sams  a gesti okkar sem ver ur n  enn  raunverulegri,



Hrei ar Hrei arsson

virtist n  hvorki ganga n  hlaupa heldur li ur  fram   hra a sem vi  vart r  um vi , þ   g tlega vanir   skautum. Um þa  bil sem  rbakkinn n r lengst til austurs, sveigir svo þessi mannvera til austurs eins og þvert   n verandi þj  veg og hverfur þ r fram af  rbakkanum.

 essi atbur aras stendur   m n tur, erfitt   greina, allavega st ndum vi  þarna eftir agndofa, ekki or , bara hva ! Vi  t kum saman kertin og b um okkur hver til s ns heima, ekki tala  um tilfinningar enda ekki b i    finna upp or i   fallahj lp. Samt  kve i    sko a þetta   morgun.

  birtingu n sta dag er Hafsteinn m ttur heim til m n og vi  h ldum ni ur   tj rn, þ r voru greinileg ummerki fr  kv ldinu   ur allt fr  þv    vi  f rum til m ts vi  gest okkar og þ r til lei ir skildu. En engin spor   h ima ri j r . Vi  Hafsteinn r ddum þa    endurskapa þessar a st  ur me  kertum   þ rri von   endurfundur  ttu s r sta , en einhverra hluta vegna var  ekki af þv .

L til eftirspurn var eftir s gum okkar af þessu  vint ri og kannski l ti  fr  þv  sagt. Atvik   spjalli okkar Fri riks Kristj nssonar, meistarans m ns og  varandi vinar, var r tt um  sk r  fyrirb ri. Sag ist  g hafa fyrir m rgum  rum lent   þ im a st  um, en hann skyldi sp rja Sn bj rn son sinn eftir þv  sem gerst haf i   Kristnestj rninni sem  g haf i þ  ekki r tt vi  Sn bj rn  ll þessi  r.

 a  gerist svo þ nokkru s  ar þ r sem vi  erum   erfidrykkju,   bi r   eftir   skr  okkur   gestab k   Sn bj rn segir   pabbi sinn hafi spurt sig um drauginn

á Kristnestjörninni. Það ég hann ef tími yrði að senda mér sína minningu um þetta. Þetta gerðist og þannig fór boltinn að rúlla, ofur hægt, þar til nú og kemur hér frásögn Snæbjarnar:

Suma atburði frá því að gamla daga er erfitt að staðsetja í tíma, þá eru engin þekktir tímasettir atburðir nógu nálægt til að tengja við. Það er þannig með þessa sögu sem ég ætla að segja hér, en ég held að ég hljóti að hafa verið í kringum tíu ára aldurinn, sennilega eldri frekar en yngri.

Fyrir neðan Kristnes var og er enn tjörn. Þjóðvegurinn var alveg upp undir brekkunni á þessum árum og tjörnin þá neðan vegarins. Það var tún milli vegar og tjarnar. Stundum var okkur hleypt úr skólabílnum þar sem vegurinn var hæstur í landinu ofan þessa túns, þó að það hafi oftast verið við veginn upp að Laugarbrekku. En þetta var smá innskot. Mér finnst ég muna eftir Aðalsteini í Kristnesi standandi út í tjörninni við að slá ferginið sem þarna óx með orfi og ljá, mikið öndvegis fóður að sagt var, einnig fengu kýrnar held ég stundum að gæða sér á því og stóðu í tjörninni upp í kvið.

Á vetrum var oft alveg prýðis skautasvell á tjörninni og við krakkarnir í Kristnesi notuðum okkur það vel.

Það var gamall bogadreginn skurður ofan við tjörnina neðan áðurnefnds túns, og gamall og gróinn uppgröfturinn úr skurðinum þjónaði vel til að sitja á við að reima á sig skautana og eins að taka þá af sér. Hann myndaði eins og þúfur sem stóðu upp úr ísnum. Það var líka gott að sitja á þessum þúfum og hvíla sig því oft var maður þreyttur í fótunum.

Þarna vorum við oft fram í myrkur ef bjart var af tungli og einnig var birta frá þorpinu niður á svellið.

Stundum vorum við með kerti hér og þar á ísnum því á þessum árum voru oft miklu meiri frost og stillur en nú. Einni staðháttarlýsingu þarf ég að bæta við og það er að bæjarlækurinn í Kristnesi sem kom niður að veginum nokkurn veginn þar sem hann var hæstur rann nokkurn spöl ofanvert vegarins og fór svo um ræsi og í skurð sem lá fyrst nokkuð til norðurs frá austri og svo meira þvert alveg niður í á. Efst neðan vegarins var þessi skurður svo hátt í landinu að aðeins lækurinn rann um hann, en þegar neðar dró fór að standa í honum vatn.

Það var svo einn dag að ég, Snæbjörn Friðriksson (Snabbi f. 1954), Hreiðar Hreiðarsson (Kuggi f. 1949) og Hafsteinn Andrússon (Hafsi f. 1950) vorum þarna að renna okkur. Það var orðið fulldimmt, en hvað klukkan var man ég ekki, um kvöldmatarleytið held ég eða síðar. Það var einhver aukabirta frá þorpinu og/eða tungli.

Ég var orðinn lúinn í fótunum og tyllti mér á þúfu, en Kuggi og Hafsi voru saman úti á svellinu aðeins sunnar. Þá fer um mig einhver óróatilfinning og ég lít snöggt við. Ég sé þá dökka veru í mannsstærð en finnst ég ekki hafa greint nema formið ekki útlími. Ég varð dauðskelkaður og



Hreiðar Hreiðarsson og Hafsteinn Andrússon

stökk á fætur og renndi mér af stað í áttina til strákanna og hrópaði eitthvað til þeirra. Þeir komu strax á móti mér og renndu sér framhjá mér í áttina að þessari veru. Eitthvað hrópuðu þeir og kölluðu en veran sneri bara við og fór eins og til norðvesturs í áttina að skurðinum með Kristneslæknum og hvarf ofan í hann. Strákarnir sneru við þegar ekki var hægt að fara lengra á ísnum. Nú man ég ekki hvað okkur fór á milli eftir þessa upplifun en reikna með að við höfum ekki rennt okkur meira í þetta sinn.

Ég held ég hafi ekki talað mikið um þetta heima og það var fyrst mjög löngu seinna að við Hreiðar fórum að tala um þetta og þá einnig að við þyrftum að segja frá þessu á prenti.

Þar sem við Snæbjörn erum enn ágætlega aðgengilegir, þegar þetta er skrifað langar mig að tileinka þessar frásagnir minningu vinar míns og leikfélaga frá unga aldri til fullorðins ára Hafsteini Andrússyni en hann lést árið 2003 aðeins 53 ára.

Foreldrar Hafsteins voru Björg Benediktsdóttir, sem giftist Haraldi Skjöldal og Andrés Jón Bergmann. Hafsteinn ólst upp hjá frænku sinni Kamillu Þorsteinsdóttur og Eiríki Brynjólfsyni ráðsmanni Kristnesshælis, í góðu yfirlæti. Börn Hafsteins eru þrjú, þau Anna Þóra Ólafsdóttir, María Hansdóttir og Stefán Esekiel Hafsteinnsson, dætur hans voru ættleiddar. Hafsteinn var ríflega meðalmaður á hæð, grannvaxinn og bar sig vel, enda snyrtimenni í sjón og raun. Þrátt fyrir gott atlæti varð hann aldrei beint einn af fjölskyldunni í ráðsmannshúsinu enda verulega yngstur. Þegar við vorum enn mjög ungir sagðist hann oft vera að fara til mömmu í vor eða þá í haust, mér þóttu það aldrei neitt góð tíðindi, enda varð það ekki, kannski því miður. Fjölmörg ævintýri lifðum við saman, en urðum brátt fullorðnir og leiðir skildu, hann fór til sjós, en ég áfram landkrabbi.

Hafsteinn var vinur í raun og drengur góður sem vildi öllu og öllum vel, nema þá helst sjálfum sér, sem hann fór ekki vel með. Það var góð tilfinning og fallet, að börn hans voru öll hjá honum þegar lífs göngunni lauk.

Blessuð sé minning Hafsteins.

Hreiðar í Vín.

Faraldrar

Lærdómur fortíðar fyrir framtíðina

Nokkuð öruggt má telja að heimsbyggðin mun takast á við farsóttir í framtíðinni en auðvitað getur enginn spáð fyrir um af hvaða toga þær verða – og þaðan að síður hvernig eigi að bregðast við. Vissulega hefur safnast í sarpinn mikil þekking úr COVID-19 faraldrinum 2020 til 2023 en hafa ber þó í huga að engir tveir sjúkdómar eða faraldrar eru eins og því geta viðbrögð heilbrigðisyfirvalda á hverjum tíma aldrei orðið þau sömu.


COVID-19 og Akureyrarveikin

Það má endalaust um það deila hvort heilbrigðisyfirvöld hér á landi og um allan heim hafi brugðist rétt við í COVID-19 faraldrinum. Einfaldlega vegna þess að ný og ótroðin slóð var fetuð og enginn vissi í raun hvað beið handan við hornið. Ekkert er þó nýtt undir sólinni og margt af því sem yfirvöld og allur almenningur tókust á við í COVID var vel þekkt úr Akureyrarveikinni fyrir tæpum áttatíu árum, faraldri sem ekki hefur enn þann dag í dag verið unnt að færa sönnur á hvað nákvæmlega var. Hins vegar, í ljósi þess að sýni sem voru tekin úr sjúklingum sem veiktust af Akureyrarveikinni hafa nýverið komið fram í dagsljósið, standa vonir til þess að vísindi dagsins í dag geti leitt í ljós hvers konar veiki var þarna á ferðinni. Hversu langan tíma þær rannsóknir taka verður að koma í ljós en svo mikið er víst að vísindaheimurinn hér á landi og úti í hinum stóra heimi vill leggja sín lóð á vogarskálarnar til þess að reyna að varpa ljósi á eftir öll þessi ár hvers konar sjúkdómur þetta var. Tilgáta lækna og annarra vísindamanna hefur verið sú að þetta hafi verið einhvers konar veira, mögulega hafi hún verið með einhverja tengingu við polioveiruna sem orsakaði mænuveiki eða lömunarveiki, eins og hún var stundum nefnd.

Ekki síst hefur vísindaheimurinn mikinn áhuga á að leiða í ljós hvað Akureyrarveikin var því það eru sláandi líkindi með langtímaafleiðingum Akureyrarveikinnar og langtímaafleiðingum COVID-19. Að komast að því hvers konar veiki Akureyrarveikin var getur því verið mikilvægur þáttur í rannsóknum á heimsvísu á langtímaafleiðingum COVID-19.

Ráðgátufaraldur

Akureyrarveikin, sem herjaði á fjölda fólks á Akureyri og víðar um land veturinn 1948-1949, ekki síst ungt fólk, var læknum og vísindamönnum nokkur ráðgáta. Faraldurinn lét síðan aftur á sér kræla veturinn 1955-1956 á Vestfjörðum og í Þistilfirði.



Óskar Þór Halldórsson, höfundur bókarinnar um Akureyrarveikina

Enginn vissi nákvæmlega hvað olli veikindunum og margir þeirra sem veiktust í báðum faröldrum glímdu við langvarandi afleiðingar, sem á margan hátt voru þær sömu og langvarandi afleiðingar veikinda af völdum COVID veirunnar mörgum áratugum síðar.

Þótt íslenskt samfélag hafi um miðja síðustu öld verið mun fámennara og fábrotnara en nú brugðust yfirvöld á þeim tíma við með þeim úrræðum sem þá þóttu tiltæk, þar á meðal samkomu- og samgöngutakmörkunum. Skólum var lokað, íþróttaviðburðir voru felldir niður svo og samkomur af ýmsum toga og fólk var hvatt til að takmarka samskipti og ferðalög til og frá Akureyri og nágrennasveitum. Á Akureyri skráðu lækna 465 tilfelli af Akureyrarveikinni veturinn 1948-1949 en það má heita nokkuð öruggt að þau voru mun fleiri, líklegast voru tilfelli á annað þúsund á Akureyri sem þýðir að um fimmtungur bæjarbúa veiktist. Vissulega var vitað um veikindi í sveitunum næst Akureyri, bæði í hreppunum framan Akureyrar, í Hörgárdal, á Svalbarðsströnd og víðar en ég er nokkuð viss um að veikindi sveitafólks voru umtalsvert meiri en opinberar tölur lækna sögðu til um. Staðreyndin er sú að það leitaði ekki til héraðslæknanna á Akureyri til þess að fá ráðleggingar eða lyf í jafn ríkur



Akureyri sumarið 1947 – um ári áður en faraldur Akureyrarveikinnar hófst þar.

Myndl. Guðmundur Bergmann Jónsson


mæli og fólk sem bjó á Akureyri. Raunar höfðu læknar fá ráð eða lyf til þess að gefa fólki enda var það svo að allir töldu að um væri að ræða mænuveiki og vitað var að gagnvart henni voru fá bjargráð.

Í bók minni um Akureyrarveikina, sem ég sendi frá mér núna á haustdögum, segi ég sögu fjölda fólks sem glímdi við grafalvarlegar afleiðingar veikinnar. Líðanin var afleit og fólk var rúmfast vikum og jafnvel mánuðum saman. Sumir náðu sér aldrei og glímdu við langtíma afleiðingar veikinnar alla tíð. Mörg dæmi voru um að hinir veiku næðu ekki til baka fullum mætti í fætur eða hendur og þeir glímdu við aðrar langvarandi afleiðingar eins og til dæmis síþreytu ævina á enda.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér virðist fólk í Öngulsstaða-, Hrafnagils- og Saurbæjarhreppi hafa sloppið tiltölulega vel. Mögulega má rekja það til þess að fólk þar hafði góða vitneskju um hin alvarlegu veikindi á Akureyri og taldi því ráðlegt að forðast að fara þangað á meðan það versta gengi yfir. Í Akureyrarblöðunum á þessum tíma var þó talað um veikindatilfelli í Öngulsstaðahreppi og Richard Kristmundsson læknir í Kristnesi sagði í bréfi til landlæknis í janúar 1949 að um fátt annað væri rætt á Kristneshæli en mænuveiki og starfsfólk hafi þegar veikst og einnig hafi veikin látið á sér kræla meðal sjúklinga. Akureyrarveikin var því ekki bara á Akureyri, hún stakk sér sannarlega niður líka í nærsveitum.

Annar heimsfaraldur?

Ég nefndi það í upphafi greinarinnar að heimsbyggðin verði að gera ráð fyrir að takast einhvern tímann aftur á við alvarlegar farsóttir, mögulega annan heimsfaraldur. Því er mikilvægt að nýta alla þá þekkingu og reynslu sem hefur safnast í sarpinn í tímans rás til þess að takast á við hið óþekkta. Heilbrigðiskerfið þarf að vera í stakk búíð til þess að geta brugðist hratt við óvæntum áföllum.



Farsóttir eða faraldrar snúast ekki bara um líkamlega heilsu heldur líka um andlega líðan og félagslegt öryggi. Í samkomutakmörkunum í COVID-19 voru margir einmana og kenndu kvíða, rétt eins og margir sem veiktust af Akureyrarveikinni upplifðu langvarandi vanlíðan og einangrun. Í veikindafaröldrum, hvaða nafni sem þeir nefnast, er ekki síður mikilvægt að huga að sálrænum stuðningi og samfélagslegum tengslum og því að þróa lyf og bóluefni.

Kristalkúlan gefur til kynna að nýjar farsóttir komi til með að herja á okkur – spurningin er ekki hvort, heldur hvenær. Við höfum val um hvernig við bregðumst við. Ef við nýtum reynslu fortíðar, til dæmis úr Akureyrarveikinni og COVID-19, erum við betur í stakk búin að mæta næsta faraldri. Því skal haldið til haga að farsóttir snúast ekki aðeins um smit og tölfærði, þær snúast um fólk, um traust, samkennd og ábyrgð hvers og eins.

Ekki er unnt að koma í veg fyrir farsóttir fram tíðarinnar en það er í mannlegu valdi að mæta þeim af yfirvegun með þekkingu og reynslu vísindafólks að leiðarljósi. Lykilatriðið er að horfa í baksýnispegilinn og nýta spegilmyndina til þess að takast á við hið ókomna í framtíðinni.

Óskar Þór hefur skrifað viðamikið rit um Akureyrarveikina, veiki sem braust út sem mikill faraldur á Akureyri og nágrannasveitum og víðar um land veturinn 1948-1949. Annar faraldur Akureyrarveikinnar gekk yfir á Vestfjörðum og í Þistilfirði 1952

„Verð í þessu eins lengi og ég get gengið“

Viðtal við Hannes Haraldsson, minka- og refaskyttu

Viðtal: Arnór Bliki Hallmundsson

Refur og minkur kann einhverjum að þykja hin ágætustu og fallegustu dýr en náttúran er svo sannarlega ekki alltaf falleg og það vita þeir, sem orðið hafa fyrir búsigjum af völdum þessara varga. Refurinn hefur verið í landinu frá ísöld en minkurinn, sá vágestur, kom inn í vistkerfi Íslands – og margan hæsnakofann eins og hvítur stormsveipur fyrir tæplega 100 árum. Það er nauðsynlegt að halda þessum dýrum í skefjum og til þess eru ráðnir sérstakir veiðimenn. Sá sem gegnt hefur því embætti einna lengst í sveitum Eyjafjarðar er Hannes Haraldsson frá Víðigerði. Eyvindi lék forvitni á að vita í hverju hans starf felst og fékk því að setjast niður með honum á vinnustað hans, Vinnueftirlitinu, einn þriðjudagseftirmiðdag í nóvember 2025.

Inntur eftir því hvers vegna og hvernig hann byrjaði í þessu segist Hannes alla tíð hafa haft mikinn áhuga á veiðum. Aðdragandi þess, að hann hóf þessi störf, var að „Dalli“, Haraldur Skjöldal á Gili, sem um áratugaskeið hafði verið sérleg grenja- og minkaskytta Hrafnagilshrepps hugðist láta af störfum. Þetta var um 1990. Dalli vildi að Björn Stefánsson á Hesjuvöllum tæki við þessu starfi og fengi einhvern með sér og fyrir valinu hjá Birni var félagi hans, Hannes Haraldsson. Hannes segir þetta starf þannig að „þegar maður byrjar kemst maður ekki til baka – og þetta verður að fíkn“.

Nokkrum árum eftir þetta losnuðu sambærilegar stöður í Saurbæjarhreppi og Öngulsstaðahreppi (en hrepparnir sameinuðust undir nafni Eyjafjarðarsveitar) og þá voru þeir Hannes og Björn komnir með gjörvalla Eyjafjarðarsveit í sína umsjá. Dalli hafði verið með Hrafnagilshrepp en nokkrum árum síðar hættu aðilarnir sem sáu um Saurbæjarhrepp og Öngulsstaðahrepp og um 1996-97 tóku þeir við allri Eyjafjarðarsveit en hrepparnir höfðu sameinast undir því nafni 1991. Björn lést árið 2018 en nú eru alls fjórar minka- og refaskyttur starfandi í Eyjafjarðarsveit. Nú sér Hannes um refaveiðar í gamla Hrafnagilshreppi (þ.e.a.s. frá Akureyri að Skjöldal) og minkaveiði í öllum firðinum.

„Þetta er ekki starf fyrir alla“ segir Hannes. Aðspurður að því, hvort menn eigi það til að vera brattir í upphafi og guggni svo eða láti einhverja tilfinningasemi aftra sér þegar á hólminn er kominn segir Hannes svo ekki vera, heldur er það fyrst og fremst tíminn sem þarf að taka í þetta sem menn heykjast á: „Þetta krefst mikillar yfirlegu og þolinmæði og það þýðir ekkert að mæta á greni og ætla að skreppa í mat og koma svo aftur. Það verður að liggja yfir því allan tímann“. Þó nefnir Hannes, að í dag séu



Hannes Haraldsson, minka- og refaskytta

svona yfirlegur aldrei lengri en sólarhringur, áður fyrr hafi menn legið fleiri sólarhringa og þá gjarnan tjaldað við grenin og haft „hressingu“ meðferðis. Þá höfðu menn ekki miklar áhyggjur af því að leynast fyrir dýrunum. Nú er áherslan sú að láta sem minnst fyrir sér fara og vera helst 70 til 100 metra frá greninu, verði því við komið. Sólarhringur dugar yfirleitt í yfirlegu, 90% af greninu vinnst á 18 – 24 klst.

Inntur eftir umfangi og árangri í minkaveiðinni segir Hannes að um 100 minkabogar séu spenntir um Eyjafjarðarsveit allan ársins hring. Hvað mink og ref varðar er hvorki um að ræða sérstaka fjölgun eða fækkun, núverandi aðgerðir haldi dýrunum að mestu í skefjum. Fyrsta árið í minkaátakinu veiddust um 600 dýr (með hvolpum), en á árunum 2007 til 2010 var ráðist í mikið í átak – sem bar árangur og það sem meira er, þeim árangri hefur tekist að halda við. Frá 2010 hafa að jafnaði veiðst um 10-20 minkar á ári og tekist að halda stofninum að mestu niðri. Þetta hefur m.a. skilað sér í fjölgun fugla, andastofninn í firðinum hefur tekið stakkaskiptum og hér er farin að sjást straumönd, sem var nánast horfin. (Blaðamaður man eftir að hafa séð straumönd á Djúpadalsá í fyrravor og komið það mjög á óvart).

Hvað refinn varðar eru yfirleitt skotin um 80 – 90 dýr á ári í sveitafélaginu en ekki sér högg á vatni. Refurinn

flakkar mikið og virðir auðvitað ekki sveitarfélagamörk eða neitt slíkt, en hann er líka slyng skepna sem kann vel á náttúruna. Það er hins vegar ekki hætta á refnum fjölgi mikið á afmörkuðum svæðum eins og t.d. Eyjafirði: „Refurinn vill ekki búa of þétt“ þeir helga sér óðöl eða landareignir og verja það fyrir öðrum refum.

En hvað myndi gerast ef þessi dýr væru ekki veidd? Þá væri hætta á fleiri dýrbítum, en Hannes getur þess, að hann muni aðeins 2-3 tilfelli af refum, sem fóru í dýr, á sl. 35 árum. Minkurinn hins vegar geri mun meira usla t.d. í fiðurfénaði og sá munur er einnig á dýrunum, að minkurinn er algjör morðingi sem ítrekað drepur meira en hann étur. Refurinn, hins vegar drepur aðeins það sem hann étur og það sem hann étur ekki á staðnum tekur hann með sér á greni eða grefur í fönn og geymir þar til hann þarf á því að halda. Hannes getur þess, að það séu einna helst hundar sem séu verstir hvað dýrbít varðar. „Verstir eru hundar úr bæjum og borg, sem sofa í forstofunni og hanga inni allan daginn og svo þegar þeir koma í sveitina losni um eitthvert rándýrseðli“. Sveitahundar eru hins vegar vanir skepnum.

Aðspurður, hvort minkur og refur séu hættulegir mönnum, er Hannes fljótur að svara: „Nei, alls ekki. Þeir eru miklu hræddari við menn, en menn við þá, og reyna að forðast þá eins og þeir mögulega geta“.

Hannes segist merkja ákveðna breytingu á dýralífinu á síðustu áratugum. Þegar aðstæður breytast, æti minnkar á

einum stað, þá færa dýrin sig á aðra staði. Á Bretlandseyjum hefur t.d. rauðrefur mikið til færst inn í borgir, þar sem sorp er hans helsta fæða, enda þrengt verulega að búsvæðum hans. Við séum að mörgu leyti nokkuð heppin hér, að hafa aðeins heimskautarefinn en ekki refinn, sem finna má Bretlandseyjum. Helsta breytingin sem Hannes nefnir, að uppi í dölunum sé enginn mófugl lengur – áður fyrr söng allt og kvakaði uppeftir þeim öllum. Hann telur þetta ekki stafa af mink eða ref heldur mávi. Og það sem meira er, þessi mávaplága sé manngerð: „Þetta gerðist þegar hætt var að sturta úrgangi fiskvinnsla- og sláturhúsa út í sjó, þá missti mávurinn ætið og hefur sótt lengra inn í landið“. Meira að segja múkki, sem sagt var að gæti ekki flogið nema hann sæi hafflöt er kominn í klettabelti fram eftir öllum Eyjafirði. „Höfum séð það þegar við liggjum á dölunum, séð mávinn ganga á milli hreiðra og bókstaflega hreinsa upp öll egg og unga, eins og ryksugur“.

Það er að skilja á Hannesi, að framtíðin sé nokkuð björt í þessum „bransa“; nú séu komnir ungir og öflugir menn í þetta, sem ekki sé sjálfgefið, því þetta sé tímafrekt þolinmæðisverk sem alls ekki allir hafi tök á, og sífellt meira og fleira sem krefst tíma og krafta fólks. Sjálfur segist Hannes verða í þessu „eins lengi og ég get gengið“.

Eyvindur kveður Hannes Haraldsson, fullviss um, að Eyfirðingar geti aldeilis sofið rólegir yfir minknum og refnum – hvað það varðar eru þeir í góðum höndum!



Jóka og Tryggvi

Flutt í afmælisfagnaði Bjarna Kristjánssonar og Sigrúnar Kristjánsdóttur 12. ágúst 2024

Mér var falið að segja eitthvað að eigin vali frá uppvexti okkar systkinanna á Sigtúnum. Við ólumst upp á dæmigerðu sveitaheimili og vorum látinn vinna að búinu eftir bestu getu eins og alvanalegt var á þessum tíma þegar verið að stækka bú, byggja og vélvæða. Þessu þarf ekki að lýsa fyrir þeim sem hér eru staddir. Ég kys frekar að dvelja við það óvenjulega, eða yfirskilvitlega.

Í gamla íbúðarhúsinu á Sigtúnum, sem byggt var árið 1926 voru niðurgraffinn kjallari, hæð með eldhúsi, stofu, svefnhergi og forstofu og loks tvö svefnherbergi og geymsla undir súð í risi. Alveg frá því ég man fyrst eftir mér var herbergið á austanverðu kallað jöfnum höndum austurherbergið og draugaherbergið. Þar var talið reimt, þótt heimilisfólkið yrði þess aldrei vart á nokkurn hátt og hefði draugaganginn jafnan í flimtingum. En samt var eitthvað sem erfitt var að útskýra.

Pabbi og mamma keyptu Sigtún og fluttu þangað vorið 1944. Fyrstu árin bjuggu þau með kaupafólk og brá þá svo við að ár eftir ár kvartaði fólkið sem svaf í austurherberginu undan óþægindum og dularfullri ásókn og fólk sem ekkert vissi hvert af öðru hafði sömu sögu að segja. Það var eitthvað óhreint þar á ferðinni þótt þess yrði ekki vart annars staðar í húsinu og heimafolk yrði einskis vart. Var engu líkara en draugur hefði helgað sér herbergið og vildi hafa það fyrir sig. Það kom svo á daginn að hér var ekkert nýtt á ferðinni. Kunnugt hafði verið um draugagang á Sigtúnum áður en pabbi og mamma fluttu þangað. Sólveig Guðmundsdóttir sem var húsfreyja á Grýtu, næsta bæ við Sigtún, átti heima á Sigtúnum á árunum 1941 – 1943, en þar bjuggu þá foreldrar hennar, Guðmundur Þorleifsson frá Grýtu og Þóra Magnúsdóttir. Mamma sagði mér, og hafði eftir Sólveigu, að einn hásumardag hefði allt heimilisfólkið nema Þóra húsfreyja verið úti við heyskap. Þóra hefði þá skyndilega komið út á tún og tilkynnt skýrt og skörinort að eftirleiðis tæki hún ekki í mál að vera ein í íbúðarhúsinu á Sigtúnum. Ekki fylgdi sögunni hvers hún hefði orðið vör eða hvað hefði fyrir hana borið þennan hásumardag. Auðvitað ætlaði ég mér að spyrja Sólveigu nánar um þetta við tækifæri en það fórst fyrir. Ég var hins vegar orðinn fullorðinn og brottfluttur þegar mér var bent á að orsök reimleikanna væri kunnug og skráð í þjóðsögum. Persónur og leikendur í þessu drama voru nafnkunnugt fólk, Jórunn Jónsdóttir frá Teigi í Hrafnagilshreppi hinum forna, nú Eyjafjarðarsveit og Jóakim Rafnsson sem virðist hafa verið vinnumaður á bæjum í Kaupangssveit austan ár en síðar



Jón Guðni Kristjánsson

bóndi á Sigtúnum. Jórunn var tíu árum eldri en Jóakim, fædd 1743, en samkvæmt þjóðsögunni lagði hún ofurást á Jóakim en hann kunni enga í móti. Vildi hann sem minnst af Jórinni vita. Haustið 1783 vildi svo til að bæði Jórunn og Jóakim voru um nætursakir á Kaupangi og voru bæði á leið morguninn eftir austur yfir Vaðlaheiði um Bíldsárskarð. Jórunn ætlaði austur í Reykjadal þar sem hún var orðin vinnukona en Jóakim ætlaði í Reyki í Fnjóskadal en þar var hann þá vinnumaður. Jórunn sótti fast að þau yrðu samferða en Jóakim lét sér fátt um finnast og lagði af stað á undan henni en Jórunn elti. Þau hreptu illviðri og í skarðinu hrundi snjóhengja á Jórinni og grófst hún í fönninni. Jóakim varð þessa var og braust til bæja og sótti hjálp og var Jórunn grafin upp örend. Þó þóttist einn leitarmanna sjá hana hreyfa annan litlafingurinn og þótti það illur fyrirboði. Sagt er að Jóakim hefði kennt sér um þetta slys og iðrast þess þess sárlega að hafa ekki unnað henni þessi að vera honum samferða yfir skarðið. Jórunn var jarðsett í Kaupangskirkjugarði en lá ekki lengi kyrr. Hún tók að ásækja Jóakim sem nú var orðinn heimilisfastur á Reykjum. Kvað mjög rammt að þessari ásókn hennar og var ekki aðeins Jóakim fórnarlamb hennar heldur Reykjafólk allt og varð hún kunn um allan Fnjóskadal og nærliggjandi byggðum undir heitinu Reykja - Duða. Var henni kennt um flest sem aflaga fór á bænum, meðal annars sjúkdóm sem gekk í ættir Reykjafólks. Fnjóskdælir lýstu henni svo að hún væri mjög lágvaxin og lotin og með bláan skýluklút á höfðinu. Kennarinn og uppeldisfrömuðurinn Steingrímur Arason

frá Þverá segir frá því í bernskuminningum sínum, Ég man þá tíð, þegar hann fór í fyrsta sinn í hjárrekstur fram Garðsárdal, og um Gönguskörð í Bleiksmýrardal, þá barn að aldri. Á heimleiðinni var áð í beitarhúsunum á Reykjum, snæddur morgunverður og síðan lagst svefnis í garðanum. Steingrímur segir:

En mér varð ekki svefnisamt. Komu nú upp í huga minn allar sögurnar um Reykja – drauginn. Það var mögnuð afturganga, Duða að nafni. Sáu hana skyggir menn sem óskyggir. Glettist hún við menn með skítasti og öðrum ófögnuði.

Móðir mín hafði sérstaklega gaman af öllu dulrænu. Reyndi hún jafnan að fá gesti sína til að segja sögur af slíkum hlutum. Að sögunum loknum spurði hún vanalega, hvort viðkomandi hefði sjálfur orðið var nokkurs, sem ekki var hægt að skýra á venjulegan hátt. Svarið var þá mjög oft þetta: “Aldrei hef ég orðið var við neitt – ja nema Reykjadrauginn. Þegar ég svaf í beitarhúsunum, hafði ég engan frið. Það var alltaf hent sneplum og köggjum, svo að ég gat ekkert sofð.”

Árið 1808 fluttist Jóakim Rafnsson í Sigtún og var bóndi þar til 1819 og aftur 1821-1824. Skipti þá engum togum að Duða settist þar að með honum og fjölskyldu hans, þótt hún héldi líka tryggð við Reyki, og nefndist hún í Eyjafirði Sigtúna-Jóka. Ýmsar skráveifur gerði hún Sigtúnafjölskyldunni. Meðal annars var henni kennt um að einn sonur Jóakims og konu hans var þroskaheftur eða fáviti eins og það hét þá og dó hann ungur. Þegar Jóakim missti fyrri konu sína þorði hann ekki sökum myrkfælni að vaka yfir líkinu eins og þá tíðkaðist, nema hafa félagsskap og fékk hann nágranna sinn til að vaka með sér í skemmu þar sem líkið stóð uppi. Hugðust þeir sitja um nóttina við kertaljós en þá brá svo við að engin leið var að láta loga á kertinu og urðu þeir á endanum að sitja út nóttina í myrkrinu. Voru þeir sammála um að Jóka væri að verki enda urðu þeir varir við að gengið væri á skemmupakinu þótt enginn sæist, né heldur saúst nokkur spor í snjónum. Raunar hef ég aldrei séð nokkurs staðar, né heyrt þess getið að Sigtúna-Jóka hafi nokkru sinni birst fólki á Sigtúnum, eins og hún gerði í Fnjóskadal. Fólk skynjaði nálægð hennar með öðrum hætti.

Jóakim Rafnsson fluttist í elli sinni austur á Hérað þar sem tvö barna hans bjuggu og þar andaðist hann á tíræðisaldri. Hann er sagður hafa verið vel látinn maður og vel að sér og hafi hann meðal annars tekið að sér lestrarkennslu fyrir börn granna sinna. Jóka nennti ekki með honum austur á land eins og segir í einni heimild en sagt er að hún hafi skipt sér á milli Sigtúna og Reykja og hafi farið æ minna fyrir henni. En hún dó samt ekki úr öllum æðum eins og nú verður greint frá.

Einn þeirra vinnumanna sem réðust til pabba og mömmu á frumbýlingsárum þeirra á Sigtúnum hét Tryggvi Valdimarsson. Hann var Svarfdælingur frá

Jarðbrú. Hann réðst fyrst í Sigtún árið 1947, þá sextíu og tveggja ára. Þá stóðu þar yfir byggingaframkvæmdir. Hann varð heimilisvinur á Sigtúnum og mátu foreldrar mínir hann mikils. Tryggvi var einfættur og gekk á staurfæti einsog það var kallað, en lét það ekki aftra sér frá að vinna erfðisvinnu. Hann hafði raunar alltaf tvo staurfætur með sér og kallaði annan sparifót en hinn hversdagsfót. Hann var laghentur mjög og gerði við og dyttaði að því sem laga þurfti. Tryggvi var nánast þjóðsagnapersóna í lifanda lífi í heimahögum sínum, Svarfaðardal og Dalvík þar sem hann bjó síðast, fyrir dugnað sinn og atorku og var eftirsóttur í vinnu bæði til sjós og lands. Svo mikið orð fór af kröftum hans að helst má líkja við sögur af Gretti Ásmundarsyni. Kristmundur Bjarnason bóndi og fræðimaður á Sjávarborg við Sauðárkrók skrifaði sögu Dalvíkur í fjórum bindum og helgar Tryggva þar heilan kafla og það sem hér segir um ævi hans er sótt þangað að mestu, en fljótt verður farið yfir sögu.

Upp úr tvítugu yfirgaf Tryggvi heimahagana og stundaði sjó árum saman suður í Garði. Þar kom þó að hann hugðist flytja aftur heim, kvaddi Garðinn og hélt til Reykjavíkur. En honum dvaldist helst til lengi í Reykjavík því hann hændist meira að Bakkusi en góðu hófi gegndi á þessum árum. Lifði hann lengi í miklum fagnaði þar til hýran var uppurin. Varð hann að snúa aftur suður í Garð og byrja að nýju þar sem hann hafði horfið frá.

Mjög þótti Tryggva hlaupa á snærið hjá sér þegar honum bauðst skipsrúm á togara, því togarasjómennska gaf meira í aðra hönd en bátasjómennskan. Kvaddi hann þá Garðinn í annað sinn. En togarasjómennska hans varð endaslepp. Á veiðum á Vestfjarðamiðum slóst togvír í fót hans og varð það til þess taka varð fótinn af fyrir ofan hné. Það verk vann Vilmundur Jónsson síðar landlæknir, þá héraðslæknir á Ísafirði. Fór miklum sögum af æðruleysi Tryggva þrátt fyrir þetta áfall. Hann var að því spurður hvort hann vildi að hinum brottnumda fæti yrði fleygt í sjóinn eða komið fyrir í kistu nýlátins manns. Tryggvi vildi fyrir alla muni láta jarða fótinn með hinum látna og sagði að hann hlyti að komast til himnaríkis á þrem fótum.

Hér verður ekki rakið fátæktarbasl og hrakningar Tryggva eftir slysið en hann fluttist að lokum til Dalvíkur og komst þar sæmilega af þrátt fyrir fötlun sína, enda talinn fullkominn jafningi hraustustu manna ófatlaðra til vinnu. Hann kom víða við í störfum bæði á sjó og landi. Á sumrum starfaði hann á síldarplönum á Siglufirði og var stundum ráðinn til dyravörslu þegar dansleikir voru haldnir í landlegum, enda tjóaði engum við hann að eiga þótt einfættur væri. Jafnaðargeð hans við allar aðstæður var rómað. Frægt varð þegar bátur sem hann var háseti á sökk á Eyjafirði í óveðri. Bátsverjar töldu sína síðustu stund upp runna þegar báturinn var að sökkva en Tryggva var hvergi brugðið. Hann sagði félögum sínum að annar fótur sinn hvíldi í vígðri mold vestur á Ísafirði og í vígðri

mold mundi hann að lokum hvíla allur. Sjódaður yrði hann ekki. Jókst þá félögum hans kjarkur. Svo fór að annar bátur kom aðvífandi og bjargaði Tryggva og félögum. Það var í frásögu fært að þegar Tryggvi var að fara frá borði síðastur manna, uppgötvaði hann að neftóbaksdósir hans höfðu orðið eftir niðri í lúkar. Brá hann við og fór og sótti þær áður en hann yfirgaf bátinn. Má geta sér þess til að hann hafi fengið sér hraustlega í nefið meðan hann horfði á bát sinn sökkva. Líklega má með sanni segja um Tryggva eins og segir um Öfund tréfót í Grettlu: Hann hefir fræknastur verið og fimastur einfættur maður á Íslandi.

Eftir þennan útúrdúr er komið að því að slá botninn í söguna. Allir sem hafa lesið Grettis sögu vita að Grettir sterki hitti ofjarl sinn í draugnum Glámi, en Glámur var líka sá eini. Tryggvi Valdimarsson hitti sinn eina ofjarl í Sigtúna-Jóku. Þessu ógurlega hraustmenni var það nær óbærileg tilhugsun að þurfa að sofa einn í austurherberginu eða draugaherberginu. Aðsóknin var slík að hann gat ekki fest þar blund. Ef einhver heimilismaður var með honum hvarf ásóknin. Mamma sagði að hann hefði helst viljað að rúm Bjarna bróður míns yrði flutt í herbergið, Bjarni myndi vernda hann fyrir Jóku en hann hefur varla verið meira en fimm til sex ára þegar þetta gerðist. Jóka virðist hafa viljað sitt eigið herbergi út af fyrir sig, herbergi með útsýni - a room with a view - svo vitnað sé í titil á frægri kvikmynd. Sigtún standa hátt í landinu og útsýnið út um suðurgluggana er óviðjafnanlegt.

Eftir að Tryggvi hvarf úr sögunni hygg ég að Jóku hafi ekki orðið vart. Þess má þó geta að maður að nafni Randver Pétursson, Randi eða Sá röndótti eins og mamma


kallaði hann gjarna, gisti í herberginu þegar hann dvaldi á Sigtúnum sem var oft. Randi var frá Svertingsstöðum og flestum kunnur í sveitinni. Hann var einn þekktasti hirðmaður Bakkusar á Akureyri á sínum tíma en kom oft í Sigtún sér til hvíldar og hressingar fyrir næstu törn. En hann sá drauga í hverju horni hvort eð var og lét þá ekkert eiga inni hjá sér. Hann átti til að steita hnefann út í loftið upp úr þurru og segja með þrumuraust: sjáð'ann þennan. Síðan steytti hann hinn hnefann á sama hátt og sagði; og þessi er bróðir hans. Hafi Randi orðið Jóku var, þótti honum það líklega aðeins hversdagslegur hlutur sem ástæðulaust væri að hafa orð á.

Það er ekki hægt að skilja við þessa sögu án þess að geta þess að einn af sonum Tryggva Valdimarssonar, Svavar Tryggvason flutti ungur til Vesturheims og bjó í Kanada. Sonur Svavars og afabarn Tryggva varð frægur maður bæði vestra og á Íslandi, en það var Bjarni Tryggvason verkfræðingur og geimfari, eini geimfarinn af íslensku bergi brotinn svo vitað sé. Á vegg í húsi Verkfræði og raunvísindastofnunar Háskólans hangir stór mynd af Íslandi sem Bjarni tók utan úr geimnum ásamt mynd af íslenska fánanum sem hann hafði með sér í samtals 189 hringi kringum jörðina. Tryggvi Valdimarsson trúði á drauga en hefði sennilega yppt öxlum ef einhver hefði spáð því að sonarsonur hans ætti eftir svífa um himingeiminn 189 sinnum kringum hnöttinn. En við - upplýst nútímafólk - vitum að allt er hægt og að vísindin efla alla dád, en draugar eru aftur á móti ekki til. Eða hvað?

Jón Guðni Kristjánsson frá Sigtúnum

Rithöfundarnir á Rein

Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir kennari og rithöfundur á Rein hefur á undanförunum árum gefið út bókaflokk, alls þrjár bækur, þar sem rakin er ættarsaga kvenna úr Skagafirði allt frá 1711-1903. Þessar bækur, sem náð hafa vinsældum, varpa skýru ljósi á aðbúnað fólks og oft á tíðum gríðarlega erfiða lífsbaráttu hér á landi og eftir flutninga til Vesturheims. Valdimar Gunnarsson kennari og fræðimaður fetar nú í fótspor konu sinnar og gefur út bókina Utanveltumaður. Þar segir frá afar sérstökum manni, Frímanni B. Arngrímssyni (1855- 1936), sem dvaldi langdvölum erlendis við nám og störf vestan hafs og í Evrópu, en flutti að lokum til Akureyrar og vildi leggja bæjaryfirvöldum þar lið í virkjunarmálum og ýmsu öðru, en mætti andstöðu þeirra og skilningsleysi.



Valdimar Gunnarsson og Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir

Athafnamaður og frumkvöðull með meiru

af umsvifum athafnamannsins Magnúsar Sigurðssonar á Grund

Um miðja 19. öld átti heima á Öxnafellu í Saurbæjarhreppi ungur drengur, hjá afa sínum og ömmu, Magnúsi Árnasyni, þá hreppstjóra og konu hans Hólmfríði Jónsdóttur. Drengurinn var mjög áhugasamur um búskap afa síns, sem þótti sérlega hagsýnn búmaður, vandvirkur og nákvæmur. Drengurinn horfði oft en ekki hugfanginn yfir Eyjafjarðarána á Kerlingu og hið forna höfuðból, Grund og hinar miklu lendur þess undir hæsta tind Norðurlands. Hann hreifst af þessari stórjörð og kostum hennar. Það vakti athygli stráks, að á meðan jörð er alhvít á Öxnafellu sér ævinlega í jörð á Grundarlandi. (Gömul saga og ný, um grænna gras hinu megin). Átta ára gamall sagði drengurinn við afa sinn: „Ég ætla að kaupa Grund, þegar ég er orðinn stór“. Það er skemmst frá því að segja að drengurinn stóð ekki bara við þessi orð, heldur reisti á Grund einhverjar veglegustu byggingar sveitarinnar á sinni tíð, bjó þar stórbúi og stundaði umsvifamikinn verslunarrekstur. En drengur þessi var auðvitað Magnús Sigurðsson sem jafnan var kenndur við Grund. Á þessu ári er 100 ára ártíð hans, en hann lést 18. júní 1925, tæplega 78 ára gamall, en Magnús var fæddur 3. júlí 1847.

Það er nánast ógerningur að ætla að rekja æviferil Magnúsar á Grund í stuttu erindi svo hér stiklum við á því alstærsta. Sjálfsgagt mun einhverjum þykja farið hér á hundavaði og markverðum þáttum sleppt úr, en þeim sem vilja kynna sér ítarlega sögu Magnúsar skal bent á bókina Dagar Magnúsar á Grund eftir Gunnar M. Magnúss (sjá heimildaskrá).


Magnús Sigurðsson fluttist að Grund þjóðhátíðarárið 1874. Keypti hann hálft Grundarlandið af Jakobi

nokkrum Péturssyni á Breiðumýri í S-Þingeyjarsýslu, sumarið 1873. Þannig vildi til, að á sama tíma var annar maður, Eggert Gunnarsson í Laufási einnig á leið austur í sömu erindagjörðum, að kaupa Grund. Þegar Eggert kom í hlað að Breiðumýri mun Jakob hafa sagt við hann „Ef þú hefur verið einni, tveimur eyktum fyrir á ferð, værir þú nú eigandi Grundar“.

Frá því að Magnús Sigurðsson kom að Grund vakti alla tíð fyrir honum, að byggja staðinn upp, en jörðin hafði verið í fremur bágu ástandi. Auk mikilla jarðabóta endurnýjaði hann húsakostinn svo um munaði. Árið 1883 byggði hann við gamla bæinn, sem var hefðbundinn torfbær, hafði þar smíðaverkstæði í viðbyggingunni. Magnús hafði frá unga aldri stundað ýmis viðskipti m.a. fengist við smíðavinnu fyrir bændur og búalið gegn greiðslum í peningum, búfé eða afurðum. Það var síðan árið 1885 að hann hóf skipulagðan verslunarrekstur í hinum nýju húsakynnum en fljótlega fór að þrengja að.

Eitt stærsta timburhús Eyjafjarðar

Haustið 1890 hélt Magnús til Danmerkur og hugðist m.a. kynna sér það nýjasta í búskap, verslunarháttum, húsbyggingum auk þess að afla sér viðskiptamanna því hann hugði á útflutning og innflutning. (Í þessari dvöl hitti Magnús ungan íslenskan húsasmíðanema, Ásmund Bjarnason, sem síðar stýrði byggingu Grundarkirkju Magnúsar). Magnús var mikill áhugamaður um hvers kyns framfaramál og bættur húsakostur landsmanna var þar á meðal. Og það var einmitt í þessari Danmerkurdvöl „[...] að nokkru fyrir jól [1890] pantaði Magnús tiltelgda grind í stórhýsi, sem hann ætlaði að reisa á Grund strax á næsta ári. Skyldi grindin og annað



Grund - horft frá Eyjafjarðarbraut eystri gegnum aðdráttarlínu, nærri Bringu, í júní 2024

timbur í húsið sendast með vorskipum til Íslands“ Það mun hafa verið vorið og sumarið 1891 að Magnús hóf undirbúning byggingaframkvæmda, uppgröft og niðurrif eldri bygginga. Kjallari hússins var hlaðinn úr steini og nokkuð djúpur, miðað við það sem tíðkaðist almennt. Á kreik komst sú þjóðsaga, að við þessar framkvæmdir hafi Magnús komið niður á kistil, fullan af gulli og gerselum. Eins og gefur að skilja var ekkert hæft í því, en ekkert útilokað að ýmsar leifar frá fyrri tíð hafi komið upp, þó ekki hafi verið um fjársjóð að ræða. Fullbyggt var húsið árið 1893 og var þá vafalítið stærsta timburhús í hreppunum framan Akureyrar. Það var raunar á pari við stærstu og veglegustu hús á Akureyri enda stóð Magnús á Grund athafnamönnum kaupstaðarins hvergi á sporði. Í ávisögu Magnúsar, eftir Gunnar M. Magnús, er svo sagt frá:

Þetta var stórt og snoturt hús, 24x14 álnir [u.þ.b. 15x9m] að stærð, tvær stofuhæðir og rishæð. Á neðri stofuhæð hafði Magnús verslun sína. Eldhús var í suðvesturhorni á sömu hæð, og gestastofa að suðaustan. Á efri hæð voru svefnherbergi fólksins. Þar var líka skrifstofa verslunarinnar og í suðvesturhorni góð stofa, kölluð Jónínuherbergi. Að vestanverðu á hæðinni var stór stofa, sem notuð var til fundahalda í sveitinni. Þar fóru fram hreppaskil og manntalsþing. Þar kom og heimilisfólki stundum saman til að skemmta sér. Á þessari hæð var löng stofa að austanverðu, er kölluð var baðstofa. Þar hélt vinnufólkið til á kvöldin og þar sváfu vinnukonurnar. En vestur af uppgöngunni, sunnan við uppgönguna, var lítið herbergi, þar sem vinnumennirnir sváfu. Herbergi þeirra var nefnt Hrutakofinn. Í portbyggðri rishæð bjó venjulega húsfólk (Gunnar M. Magnúss 1972: 157).

Parna má sjá, að verslunar- og íbúðarhúsið var einnig hálfgerð „ráðhús“ hreppsins og félagsheimili, sbr. vesturstofan á efri hæðinni, sem notuð var til fundahalda í sveitinni, hreppaskila og manntalsþinga. Árið 1899 bauð Magnús hreppsnefnd Hrafnagilshrepps, sem var á hálfgerðum hrakhólum, afnot af húsakosti sínum og það til næstu 50 ára! Um leið komu upp hugmyndir um byggingu sérstaks þinghúss, enda hefur það varla verið stefna hreppsnefndar að vera inni á gaffli hjá Magnúsi eða afkomendum hans til eilífðarnóns. Það leið þó á löngu áður en Þinghúsið á Hrafnagili reis af grunni, en það var árið 1925.

Grundarverslunin

Sem fyrr segir hóf Magnús verslunarrekstur á Grund árið 1885 en hann hafði frá unga aldri fengist við hin ýmsu viðskipti. Verslun Magnúsar var, hvað varðaði vöruúrval og verð, að miklu leyti sambærileg við helstu verslanir kaupstaða og þótti jafnvel bera af þeim, hvað snyrtimennsku og frágang vara varðaði. Grundarverslun hefur í raun verið einstakt fyrirbæri, það var örugglega



Ljósker af Grundarbílnum, á Samgöngumínjasafninu á Ystafelli í Köldukinn. Mun vera sá eini hlutur, er varðveist hefur af bílnum og talinn elsti bílhluti á Íslandi. .

ekki algennt að slík verslun væri staðsett í sveit og raunar enn þann dag í dag. Miðað við umsvif og vöruúrval verslunar, var þetta e.t.v. svipað og ef fullburðug Bónus eða Krónuverslun væri staðsett í miðju landbúnaðarhéraði, 20 km frá kaupstað. Magnús lagði einnig áherslu á viðskipti við bændur, sem lögðu inn hjá honum kjöt og afurðir gegn úttektum. Margir bændur í Saurbæjarhreppi skiptu nánast eingöngu við Magnús.

Grundarbíllinn

Verslunarrekstri Magnúsar fylgdi auðvitað mikill flutningur til og frá kaupstaðnum og þar auðvitað notast við hestakerrur og sleða á vetrum. Vegna þessara flutninga flutti Magnús inn bíl, annar manna á Íslandi og fyrstur manna á Norðurlandi, árið 1907. Sá var fenginn frá Þýskalandi og hafði áður verið nýttur m.a. til súkkulaði-flutninga. Hann reyndist hins vegar illa, of þungur og kraftlítil, erfitt að útvega varahluti og reyndist raunar verr, ef eitthvað var, heldur en kerrur og sleðar. Enda voru þeir vegir og vegslóðar sem lágu milli Akureyrar og Grundar engan veginn í stakk búnir fyrir svo þungt farartæki, m.ö.o. það vantaði samgönguinnviði. Þess vegna var Grundarbíllinn ekki í þjónustu Magnúsar nema í hálft annað ár.

Rafmagn

Það munaði í raun ekki miklu, að Grundarhúsin hefðu orðið fyrstu raflýstu húsin á Norðurlandi. Rafljós voru fyrst kveikt á Íslandi árið 1904, í Hafnarfirði, og um svipað leyti hafði Magnús samband við Jakob nokkurn Gunnlaugsson í Kaupmannahöfn. Skyldi hann leita tilboða til váttrygginga fyrir húsakost staðarins og auk þess, í raflýsingu á nýju kirkjunni og íbúðarhúsinu. Einhverra hluta vegna varð hvorki af tryggingunni né rafvæðingunni (Gunnar M. Magnúss 1972:228). Hvers vegna fylgir þó ekki sögunni, mögulega hefur Magnúsi ekki þótt tilboðið hagstætt. (Hvort Magnús hefði fjárfest í rafmagnsbíl, skal hins vegar ósagt látið hér).

Skólinn

Auk þess að standa fyrir stórbúskap og verslun rak Magnús einnig skóla á Grund, á eigin kostnað, í tæpa tvo áratugi, frá 1889 til 1907 en eftir það tók við farkennsla, skv. Fræðslulögum frá 1907. Lengst af annaðist Árni Hólm Magnússon, frændi Magnúsar, kennsluna en Ingimar Eydal, síðar ritstjóri Dags og skólastjóri kom einnig að Grundarskóla síðar.

Kirkjan

Magnús hafði uppi hugmyndir að reisa eina kirkju fyrir Eyjafjörð. Og ekki lét hann sitja við orðin tóm frekar en fyrri daginn, en hún reis árin 1904 - 1905. Frá Grundarkirkju er sagt ítarlega í sérstakri grein hér í blaðinu.

Grundarreitur

Skammt ofan og vestan við Grund, þar sem nú liggur Eyjafjarðarbraut vestri er enn eitt sköpunaverk Magnúsar Sigurðssonar, Grundarreitur. Var það árið 1900 sem Magnús girti þessa landsspildu af og réði danskan skógaræktarmann, Christian Flensborg að nafni, til að standa fyrir skógrækt. Næstu sumur fór trjáplöntun fram og nú er Grundarreitur, sannkölluð græn perla og paradís, einn af helstu skógarreitum Eyjafjarðarsvæðisins. Skógarreiturinn var stækkaður um 1953 og er nú 3,3 ha. Það er svo sannarlega hægt að mæla með göngu um Grundarskóg, sem opnaður var almenningi árið 1994.

Steinsteypa eftir stórbruna á byggingarstigi

Fáeinum árum eftir að kirkjan var vígð, eða 1909 hófst Magnús aftur handa við húsbyggingu; nú skyldi reisa fundahús eða samkomuhús með sláturhúsi, fjárrétt og



Horft heim að Grund vorið 2023. Íbúðar- og verslunarhúsið frá 1893 (Grund II) vinstra megin og samkomuhúsið frá 1910 hægra megin. Í baksýn sér í Öxnafell, fæðingarstað Magnúsar

vörugeymslu í kjallara, e.t.v. nokkurs konar fjölnotahús. Snemmsumars 1910 sá fyrir endann á framkvæmdum en þá reið mikill áfall yfir: Nýja húsið brann til ösku á um tveimur klukkustundum þann 17. júní. Eldsupptökum er lýst mjög nákvæmlega í ævisögu Magnúsar: [...]Einn öðlingsmaður sem vann að smíðum við bygginguna, kveikti í pípu sinni og varpaði frá sér eldspýttunni. En neisti frá henni lenti í skraufpurri spónahrúgu, sem greip logann, þegar smiðurinn sneri baki að, og fyrr en varði á andartaki hafði spónahrúgan sogað logann í sig, svo að ekkert varð við ráðið – eldurinn læsti sig í þurrviðinn í þiljunum með heiftaráfergu. Heimilisfólk sótti vatn í lækinn og skvetti á og fólk af nálægum bæjum dreif einnig að og tók til við slökkvistarf Vatnsföturnar máttu sín hins vegar lítils: En brátt var ljóst að við ofurefli var að etja, þakið féll og síðan útveggir og þar sem fyrir hádegi var glæsileg bygging, var nú rúst með brennandi sprekum sem fallið höfðu á steingólfid. Menn voru hljóðir og ráðvana. Smiðurinn, sem hafði orðið fyrir því að missa neistann lausan, fékk taugaáfall (Gunnar M. Magnúss 1972: 238-239). (Það fylgir þó ekki sögunni, hvort umræddur smiður hafi hætt pípureykingum). Ljóst var að tjónið var mikið og það sem verra var, húsið hafði ekki verið váttryggt. Skemmst er frá því að segja, að Magnús hóf endurbyggingu síðar um sumarið upp af steingrunninum. Og haustið 1910 var kjallarinn nýttur sem sláturhús og efri hæðin innréttað. Nú var mestallt byggt úr steinsteypu, líklega eitt fyrsta stóra steinsteypuhús í hreppunum framan Akureyrar. Og hið endurbyggða hús stendur enn og nefnist Grund I.

Arnór Bliki Hallmundsson – erindi flutt í Laugarborg í tilefni af 120 ára afmæli Grundarkirkju.

Heimildaskrá:

Brunabótafélag Íslands. Hrafnagilshreppsumboð. *Virðingabók 1933-1939*. Varðveitt á Héraðsskjalasafninu á Akureyri. HsksjAk. F-117/H1. Aðgengilegt á vef Héraðsskjalasafnsins: https://issuu.com/heradsskjalasafnakureyri/docs/f_117_h1_hrafnagilshreppur_1933_1939?fr=sNGUzYjQ5OTgzNzk

Gunnar M. Magnúss. 1972. *Dagar Magnúsar á Grund*. Akureyri: Bókaforlag Odds Björnssonar.

Geiturnar í Hugarró

Geiturnar eru mjög skynugar

Viðtal: Berglind Kristinsdóttir

Á Dvergstöðum búa hjónin Susanne Lintermann og Knútur G. Henrysson ásamt tveimur dætrum þeirra. Síðasta haust byrjaði Susanne að bjóða upp á samveru með geitum og göngutúra í skógreitnum með upplifun. Ég settist niður með henni yfir rjúkandi tebolla og bað hana að segja mér af þessari nýju þjónustu. „Sko, þjóðverjinn er búinn að undirbúa sig” segir hún og hlær meðan ég fæ mér sopa og sé glósubókina hennar „Ég er búin að vera í fjarnámi frá Therapiehof Brachfeld í Þýskalandi. Ég er að verða fagaðili í heildrænni og hagnýtri geitastuddri meðferð sem miðað að því að efla heilsu og vellíðan fólks á einstaklingsmiðaðan hátt með því að vinna með rót vandans. Í náminu horfum við á einstaklinginn í flóknu samspili við umhverfi sitt svo þetta getur nýst t.d. börnum með sérþarfir eða sem hluti af áfallameðferð. Námið mitt er um geitaþjálfun en snýst samt mjög mikið um manninn og taugakerfið, fjölskylduaðstæður og lífstíl og margt fleira. Og geiturnar eru þannig að aðstoða okkur í þessari vinnu. Ég sem foreldri barns með sérþarfir fannst mig vanta hérna á svæðinu einhvers konar úrræði fyrir þau og fjölskyldur þeirra, líka bara sem afþreyingu eða þessháttar. Geitastudd meðferð hentar þeim sem vilja vinna í átt að bættri líðan með verkfærum náttúrunnar, fyrir allan aldur og mismunandi færni”.

En Susanne, afhverju geitur?

„Ég get ekki sagt að þetta sé gamall draumur, meira eitthvað sem svona safnast saman í þetta verkefni. Ég ólst upp í Köln, var mikið skógarbarn og kynntist snemma

íslenska hestinum. Síðan lærði ég dýrahjúkrun, kem hingað til Íslands að vinna og kynnist mínum ástkæra og harðduglega eiginmanni sem græjar og gerir allt fyrir geiturnar með mér. Ég kláraði BS í búvísindum frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri. Kannski gott dæmi um það hvernig geiturnar hafa komið við sögu í gegnum tíðina: þegar ég var að útskrifast frá Hvanneyri þá fór ég frekar upp eftir í Háafell í Hvítársíðu að hitta geiturnar hjá Jóhönnu Þorvaldsdóttur en að fara í útskriftarkaffið áður en ég fór heim. Svo þær hafa alltaf verið hluti af því sem hugurinn stefnir þó maður sjái það ekki fyrr en í lokin, þegar þær komu hingað frá Svertingsstöðum.”

En hvað réði því að byrja með svona starfsemi í Eyjafjarðarsveit?

„Við erum búin að búa hérna í Eyjafjarðarsveit lengst af og ég hef fundið fyrir svo miklum kærleika hérna. Hérna er heima, hér ríkir bara svo góð orka. Og mig langar að gefa það til baka. Hér er eitthvað dásamlegt sem við eigum, sveitina. Eftir að við unnum og bjuggum á kúabúi hérna í sveitinni, þá fluttum við hingað á Dvergsstaði. Ég fór ég að vinna við félagsstarf aldraða uppi á Hlíð, hjúkrunarheimilinu, þegar ég byrjaði í þessu námi. Svo fór ég að hugsa með sjálfri mér, hvernig get ég nýtt mér það sem ég hef, menntun, reynslu og aðstöðuna hérna og sameinað það við því sem hefur alltaf heillað mig, sem sagt geiturnar. Við erum mjög heppin með leigusalanum okkar sem leyfa okkur að sinna þessu hérna og hvetja okkur áfram að vaxa í því sem við tökum



Susanne Lintermann og hafurinn Emil



Lotta, Emil og Lína

okkur fyrir hendur. Ég er glöð yfir að geta nýtt það sem aðrir hafa eytt sínum metnaði og tíma í að byggja upp hérna og gróðursetja. Það er saga í þessu öllu saman og þannig verðum við þátttakendur í henni með því að bæta við hana.”

Eru geiturnar með eitthvað meðfett eða eru þær eins og hundar?

„Geiturnar eru mjög skynugar, ég sé þær haga sér mismunandi í kringum persónur. Þær nota líkamann sinn í samskiptum og geta því verið mátulegar út fyrir þægindarammann fyrir marga í nálgun, í tjáningu og mynda tengsl. Eins eru þær svo forvitnar og svo lifandi persónuleikar hver og ein, engin eins. Það eiga ekkert allir auðvelt með að læra og æfa sig með einhverja svona vinnu nema í raunheimum ef við getum kallað það. Að sitja á stól/bekk og tala um hlutina er oft kannski ekki nóg er það sem ég á meira við. Dýr eru svo hreinskilin, þau eru flóttadýr og verða leggja allt sitt undir traust. Þetta er svo gott fyrir okkur mannfólkið að vera ekki of fljót að ákveða eitthvað hvernig hlutirnir séu hjá öðrum eða okkur sjálfum, sleppa aðeins fordómum og gefa sér tíma og horfa á hegðun, bíða kannski aðeins með að taka hlutunum persónulega og horfa á sig í aðstæðunum. Þetta er held ég stór hluti af mannkyninu, vera innan um dýr og læra af þeim, ekki bara af okkur sjálfum. Geiturnar ná því að taka þátt í meðferðinni með sínum einstöku eiginleikum án þess að þeirra velferð skerðist”.

Hvernig er svo öll umhirðing í kringum þær og rútina?

„Mig langar mikið til þess að ná að gera eitthvað úr fiðunni, fékk samt bara 300 gr í fyrra. En ég vona að

ég og þær náum meiri árangri í þessu. Geiturnar skynja ótrúlega mikið í gegnum hárin og skinnið, sérstaklega veðrið. Hárin þeirra eru ekki eins fitug og á kindum. Án þeirra eru þær eiginlega bara skinn og bein því þær safna ekki mikla fitu eða kjöti á sig, það er óhentugt fyrir svona klifurdýr. Klaufirnar þeirra skipta þær miklu máli, að þær séu vel snyrtar því þær skynja svo margt í gegnum þær. Ég sinni þeim eitthvað á hverjum degi. Ég gæti aldrei skilið þær eftir með ókunnugum yfir helgi. Þær eru þjálfaðar í samskiptum við manninn og í því sem ég vil að þær geri svo þær eru orðnar mér mjög dýrmætar. Ég þarf að kynnast hverri og einni geit svo þær nýtist mér og öðrum sem best og hvernig þær passa inn í hópinn og svo framvegis. Svo það eru alveg einhver mörk frá mér séð,



Gleðilegar móttökur

hvað þær geta orðið margar og hve mörgum ég get tekið á móti í einu svo þessi vinna fari vel fram með þeim.

Hvert er svo framhaldið hjá þér?

Ég er ennþá í þróun og prufa mig áfram meðan ég er ljúka náminu. Ég er nýlega komin í mjög gott samstarf með Sonju Stelly Gústafsdóttur, doktor í heilbrigðisvísindum og lektor við Iðjubjálfun í Háskólanum á Akureyri. Fyrir nokkrum dögum vorum við t.d. saman með erindi á málþingi Iðjubjálfafélags Íslands „Þegar geitabóndi og iðjubjálfi taka höndum saman, áskoranir og tækifæri í nýsköpun”. Svo ég hlakka mikið til framhaldsins þegar ég er búin í þessu námi og Hugarró getur orðið partur af velferð og úrræðum á svæðinu.

Hægt er að finna Hugarró - Goats and Nature á facebook og inná instagram undir merkinu goatsandnaturehugarro. Svo er alltaf hægt að hringja í Susanne ef áhugi er á heimsókn.

Að vera bæði bóndi og þingmaður

- líf á tveimur völlum -



Þórarinn Ingi Pétursson og Hólmfríður Björnsdóttir með tvö af barnabörnunum

Það eru til ýmsar leiðir til að lýsa því hvernig það er að vera bæði bóndi og þingmaður. Sumar þeirra eru sniðugar, aðrar þurrar og leiðinlegar og nokkrar fullkomlega óviðeigandi til birtingar í vönduðu riti eins og Eyvindi. En líklega er einfaldasta lýsingin sú að þetta er líf á tveimur völlum og báðir kalla á athygli, ábyrgð og heilindi í verkin.

Ég hef alla tíð verið bóndi, þó starfið hafi tekið á sig ýmsar myndir í gegnum árin. Það er ekkert eins og morgunroðinn yfir Höfðahverfinu þegar maður hefur rétt klárað að gefa og er að sötra fyrsta kaffibollann. Þá færist yfir mann ró sem fæst ekki annars staðar. En bóndinn í mér á líka erfitt með að sitja þegjandi yfir því sem betur mætti fara og kannski er það ástæðan fyrir því að ég endaði á Alþingi. Þar er morgunroðinn oft aðeins frá sjónvarpsskjánum á ganginum og kaffið ekki nærri eins gott en ábyrgðin ekki minni.

Að halda utan um bú og vera á þingi er í senn ákveðin jafnvægislist. Ég hef setið nefndarfundi (fjarfundi) í dráttarvélinni, hugsað um nefndarálit meðan heyrúllan rennur fram í fjárhús, hangandi í hlaupakettinum og við rúninginn er farið yfir fjárlögin í huganum. Þegar álags-tími á búinu fer saman við annasama daga á þingi er það helst fjölskyldan sem heldur öllu saman eða réttara sagt Hólmfríður konan mín.

Það er nefnilega staðreynd að maður gerir þetta ekki einn. Á meðan ég sit á þingi er það Hólmfríður sem sér um búið og heldur heimilinu gangandi. Þar að auki er hún kennari í fullu starfi. Ég hef sagt þetta áður og segi það aftur, án hennar væri þetta einfaldlega ekki hægt.

Margir spyrja hvort þessi tvö störf, bóndi og þingmaður, fari saman? Ég geri það stundum líka. Þingmaðurinn Þórarinn fær stöðugt áminningu um hvað skipti máli þegar bóndinn Þórarinn er við vinnu í raunhagkerfinu.

Þar sé ég af eigin raun afleiðingar ákvarðana sem teknar eru á þingi, reglugerðir sem virka, aðrar sem eru langsóttari, stuðning sem skiptir máli. Og ekki síst hvernig ákvarðanir sem teknar eru ofan frá hljóma þegar þær koma niður í fjárhús.

Það er nefnilega þannig að þegar maður er bóndi finnur maður hvernig ákvarðanir hafa áhrif mjög skýrt. Það er engin fjarlægð á milli löggjafar og raunveruleikans. Við sem höfum búið við landbúnað vitum að þetta er atvinnugrein sem krefst mikillar fjárfestingar, breytinga, framsýni og aðlögunar. Því er mikilvægt að rödd dreifbýlisins heyrir á Alþingi.

Þingheimur gerir sér litla grein fyrir því hversu snúið það getur verið að bregðast við vorhreti eða þegar heyskapurinn tefst vegna veðurs. Þeir sem standa ekki í slíku daglega hugsa sjaldnast út í að landbúnaður þrífst ekki eftir Excel-skjölum, hann þrífst eftir veðri, jarðvegi, dýrum og fólki. Það þarf að halda stjórnvöldum við efnið þar sem fjarlægðin við landbúnað verður sífellt meiri. Hvernig værum við sett ef landbúnaðar nyti ekki við?

Samhliða áskorunum að vera á tveimur völlum eru líka sérstakir kostir. Það að fara heim í Grýtubakkahrepp eftir annasama viku í Reykjavík er andleg hreinsun. Það er eins og landið sjálft stilli mann af. Ég get unnið lengi og mikið á þingi en stundum þarf bara að fara út í fjárhús til að muna hvers vegna þessi vinna skiptir máli.

Að vera bæði þingmaður og bóndi er heiður. Ég mun áfram standa vörð um landbúnaðinn og dreifbýlið á þingi og um leið sinna búskapnum ásamt Hólmfríði. Því þó þjóðmál skipti miklu, þá er það nærsamfélagið og fjölskyldan sem lífið snýst um.

Þórarinn Ingi Pétursson

Gamla íbúðarhúsið á Eyrarlandi

Arnór Bliki Hallmundsson

Áður en sá sem þetta ritar hafði vitneskju af jörðinni Stóra-Eyrarlandi, sem drjúgur hluti þéttbýlis Akureyrar sunnan Glerár er byggður úr, þótti honum heitin Eyrarlandsvegur, Eyrarlandsstofa í Lystigarðinum og Eyrarlandsholt, þar sem Verkmenntaskólinn stendur, dálítið sérstök á þessum slóðum. Hvers vegna voru svona margir staðir á þessu svæði kenndir við bæ hinu megin í firðinum? Því þá þekkti greinarhöfundur aðeins Eyrarland í Öngulsstaðahreppi. Það Eyrarland var löngum kallað Litla-Eyrarland, til aðgreiningar frá téðu Stóra-Eyrarlandi og þarf því ekki að velkjast í vafa um hvor jörðin var stærri eða meiri. Eina byggingin sem enn stendur af Stóra-Eyrarlandi er eitt af elstu húsum Akureyrar, 180 ára gömul timburstofa, en á Eyrarlandi handan Pollsins stendur einnig gamalt íbúðarhús. Það er þó miklu mun yngra en Eyrarlandsstofa en þó frá aldamótum 1900 og þannig eitt af elstu húsum Eyjafjarðarsveitar.

Eyrarland stendur nokkuð hátt í fremur brattri brekku upp af ósum Eyjafjarðará, norðanvert við gil mikið, upp af Eyrarlandsfit við svokallaðan Ós. Neðst í gili þessu eru vegamót Veigastaðavegar og Knarrarbergsvogar og er heimreiðin upp að Eyrarlandi steinsnar frá vegamótum þessum, upp af Veigastaðavegi (sem er að stofni til hluti gamla þjóðvegarins um Vaðlaheiði) Ekki er gefið upp nafn á gili þessu á kortagrunni map.is en ofarlega þar, heitir Klif. Frá vegamótum Leiruvegar og Drottningarbrautar að Eyrarlandi eru sléttir 4 kílómetrar en ef við miðum við Miðbæinn er vegalengdin milli Eyrarlands og Akureyrar 5,5 kílómetrar. Þess má geta, að Eyrarlandshúsin eru nær Innbænum en ystu hverfi Akureyrar (frá mótum Aðalstrætis og Hafnarstrætis við ísbúðina Brynju, eru 4,1km á hlaðið á Eyrarlandi, en 4,4km á Norðurtorg frá sömu gatnamótum).

Gamla íbúðarhúsið á Eyrarlandi stendur nokkuð ofar en núverandi íbúðarhús bæjarins. Það er einlyft með háu risi á steinsteypum grunni. Suðurhluti snýr stafni til suðurs en norðurhluti snýr stafni mót vestri og er mun lengri til austurs og grunnflötur hússins því vinkillaga. Austasti hluti hússins er, steinsteypur tvílyftur með lágu risi og eru þar áfastar skúrbyggingar. Norðvesturhluti hússins, sem hlaðinn er úr r-steini er stafn til vesturs, eða burst, þvert á suðurhluta. Á norðvesturhorni hússins er lágur inngönguskúr með einhalla þaki. Á þekju eru smáir kvistir, sá austanmegin í kverkinni milli suður – og austurhluta og sá vestanmegin á að giska rúman metra (gluggabreidd) frá norðurburstinni. Norðurhluti hússins



Eyrarland


er steinsteypur að hluta en suðurhlutinn, sem er elstur er timburhús. Veggir eru múrhúðaðir, að frátöldum suðurstafni, sem er bárujárnsklæddur. Krosspóstar eru í flestum gluggum hússins en einnig eru lóðréttir og skiptir póstar í yngri hlutum hússins. Áföst eru að norðan og austan skemmur, hlöður og skepnuhús, sem ekki koma við sögu hér. Grunnflötur framhúss mælist nærri 12 x 7m og bakhúss um 9 x 6m. Um er að ræða afar ónákvæmar mælingar af map.is. en ekki reyndist unnt að mæla suma hluta hússins á loftmyndum, m.a. vegna trjágróðurs og ógreinilegra byggingarskila.

Eyrarland stendur nærri miklum söguslóðum en skammt sunnan og neðan bæjarins er forn þingstaður, Vaðlaþing (Vöðlaþing) í svonefndri Búðalág. Vaðlaþing var einn fjögurra þingstaða í Norðlendingafjórðungi en fjórðungaþingum var komið á um líkt leyti og Alþingi var stofnað árið 930. Þarna mun hafa verið þingstaður fram til ársins 1187, að þingstaðurinn var lagður niður að skipan Guðmundar dýra (sbr. Guðmundur Páll Steindórsson, Jóhannes Sigvaldason og Kristján Sigfússon 1993:1070). Elstu heimildir um Eyrarland eru hins vegar miklu yngri eða frá 1461, nánar tiltekið úr mál dagabók Ólafs biskups Rögnvaldssonar á Hólum, þar sem kveðið er á um eignarhald á Þórunnarey. Eyjan sú mun hafa verið austustu óshólmar Eyjafjarðará (sbr. Stefán Aðalsteinsson 2019:2102). Eyrarland í Öngulsstaðahreppi var löngum kallað Litla-Eyrarland, til aðgreiningar frá Stóra-Eyrarlandi í Hrafnagilshreppi ef þurfa þótti. Talið er að Eyrarland í Öngulsstaðahreppi hafi byggst eitthvað síðar en hið stærra í Hrafnagilshreppi. Nokkuð greinargóðar heimildir eru um eigendaskipti jarðarinnar allt frá miðri 16. öld. Fylgdi jörðin þá oft en ekki fleiri jörðum sem gengu á milli lögmanna, sýslumanna og skyldmenna þeirra. Nákvæmt eigenda- og ábúendatal fyrir Eyrarland má finna í bókinni

Eyfirðingum en hér stíklum við aðeins á stóru. Árið 1615 eignaðist jörðina Magnús Björnsson, en sá var sonarsonur Jóns biskups Arasonar. Samkvæmt ábúendatali virðist oftast en ekki hafa verið tvíbýlt á jörðinni frá 18. öld.

Nú skulum við bregða okkur til loka 19. aldar. Á síðasta áratug þeirrar aldar stendur á Eyrarlandi torfbær, með timburstofu fremst (þ.e. vestast) sem skiptist í norðurstofu og suðurstofu, auk bæjarganga. Á milli stofanna eru göng eða bæjardyr, sem leiða að upphækkaðri baðstofu til austurs. Sunnanmegin er búr en norðanmegin er eldhús og inn af því, fjós. Austast í þessari húsasamstæðu, inn af baðstofu, er hjónaherbergi. Engin úttekt er til (sbr. Jónas Rafnar 1975:159) en þessi lýsing byggist á uppmælingarteikningu Jónasar Rafnars í Bæjalýsingum og teikningum og teikningu Guðmundar Frímannssonar í Eyfirðingum. Óljóst er hvenær timburstofan var byggð, mögulega var það á 10. áratug 19. aldar. Öll þessi húsasamstæða, sem að framan er lýst, timburhúsið þar meðtalið, brann til ösku árið 1901. Frá 1876 til 1898 voru fedgarnir Helgi Kolbeinsson og Hallgrímur Helgason bændur hér (sá síðarnefndi telst taka við jörðinni 1892, sá fyrrnefndi lést 1897). Mögulega hefur Hallgrímur Helgason átt heiðurinn af timburstofunni. Hallgrímur og kona hans, Helga Sigfúsdóttir fluttust héðan árið 1898 og þá bjuggu hér um skamma hrið í tvíbýli, þau Helgi Helgason, bróðir Hallgríms, og Vilborg Sölvadóttir annars vegar, og Jóhann Friðrik Tómasson og Sigurbjörg Björnsdóttir hins vegar. Af Hallgrími og Helgu er það að segja, að þau fluttust spólkorn utar í hreppinn, nánar tiltekið í Ytri-Varðgjá. Fáeinum mánuðum síðar, eða 25. febrúar 1899, lést Helga, aðeins 26 ára gömul. Síðar (1904) kvæntist Hallgrímur Matthildi Grímsdóttur yfirsetukonu og áttu þau um áratugaskeið (frá 1918) heima í Aðalstræti 44 á Akureyri. Það var svo árið 1899 að jörðina eignuðust þau Árni Guðmundsson frá Jódísarstöðum og Petrea Sigríður Jónsdóttir frá Ytra-Laugalandi. Höfðu þau verið bændur á síðarnefnda bænum í áratugi. Er skemmst frá því að segja, að jörðin er enn í eigu og ábúð afkomenda þeirra, en nánar um það síðar í greininni. Árni Guðmundsson lést líklega innan við ári eftir flutninginn á Eyrarland, eða 10. mars árið 1900. Einar, 24 ára sonur þeirra Árna og Petreu, tók þá við búinu. Ári síðar, eða 4. maí 1901 kvæntist Einar Árnason Margréti Eiríksdóttur, frá Hallandi á Svalbarðsströnd. Og réttum fjórum mánuðum síðar, eða 4. september, gerðist nokkuð, sem við skulum láta ónefndan blaðamann dagblaðsins Stefnis segja okkur frá:

Í fyrradag árdegis brann allur bærinn á Litla-Eyrarlandi í Kaupangssveit og 130 hestar af töðu. Veður var hvasst af suðri. Vestan við bæinn var nýlegt timburhús, en göng úr því til baðstofu og hinna annara bæjarhúsa. Fjós og fjóshlaða voru aföst við bæinn. Eldurinn kom upp í þaki



fjóshlöðunnar, og er haldið að hafi kviknað af neistum, sem brotið hafi úr múrsteinsreykháf, sem lá frá eldavjel í bænum. Fátt eða ekkert heimamanna var heima, heldur á engjum, og var eldurinn orðinn allmagnaður er að var komið. Dreif þá að fólk af næstu bæjum til að bjarga og freista að slökkva. Verslunarstjóri E. Laxdal [í Laxdalshúsi] sýndi þá athugun, góðvild og snarræði, að senda 8 menn yfir um, þegar er reykurinn sást og urðu þeir til mikils gagns við að bjarga búslóðinni úr bænum, sem öll náðist, bæði matvæli, munir, hirzlur, amboð og fatnaður o. fl. Gluggar og hurðir náðust og úr timburhúsinu og baðstofu og nokkuð af þiljum, göngin milli timburhússins og bæjar höfðu verið rifin, og átti með því að reyna að bjarga húsinu, en stórviðrið sló loganum úr bænum á húsið svo engin tiltök voru að bjarga því. Jörðin Litla-Eyrarland og byggingin á henni er eign Petreu Jónsdóttur, ekkju Árna heitins, er lengi bjó á Naustum, og barna hennar, og mun húseignin hafa verið óváttryggð. Skaðinn efalaust nokkuð á fjórða þúsund króna virði (Án. Höf. 1901: 86) Stefni - 22. tölublað (06.09.1901) - Tímarit.is

(Kannski hafa Eggert Laxdal og átta menn búið vel að þessari „æfingu“ á Eyrarlandi, undir lok sama árs, þegar einn af mestu stórbrunum Akureyrarsögunnar átti sér stað og fjöldi húsa brann til grunna í nágrenni Laxdals). En ekki þýddi fyrir Eyrarlandsfólkið að gráta Björn bónda heldur safna liði og ... byggja nýtt timburhús. Aðeins rúmum mánuði síðar segir í Stefni, að mæðginin á Eyrarlandi séu að byggja nýtt timburhús í stað bæjarhúsanna, sem brunnu. Sennilegt verður að teljast, að gluggar, þiljur og hurðir sem björguðust úr gamla bænum hafi verið nýtt í nýja húsið. Nýja timburhúsið á Eyrarlandi reyndist


heldur langlífara en það gamla, því það stendur enn þegar þetta er ritað síðsumars 2025. Þar er kominn syðri hluti gamla íbúðarhússins.

Einar Árnason, sem hér stundaði búskap til æviloka, árið 1947, hlaut kjör á Alþingi og sat þar í rúman aldarfjórðung eða frá 1916 til 1942. Einar gegndi embætti fjármálaráðherra árin 1929 til 1931, í ríkisstjórn Tryggva Þórhallssonar. Sem alþingismaður Eyfirðinga beitti Einar Árnason sér mjög fyrir því, að Eyjafjarðará yrði brúuð og má segja, að hann hafi ýtt þeirri framkvæmd úr vör, vorið 1922, í formi þingsályktunartillögu (sbr. Hjörtur E. Þórarinnsson 1994:335). Það var svo snemma sem árið 1909 að verkfræðingur, Jón Þorláksson, vann tillögur að brúarbyggingum yfir Eyjafjarðará. Fyrri heimstyrjöldin setti auðvitað strik í reikninginn en fjórum árum eftir lok hennar voru menn orðnir ansi langeygir eftir brúarsmíði. (Og fyrir þá sem vilja lesa meira um brýr yfir Eyjafjarðará má minna á bók undirritaðs, Brýrnar yfir Eyjafjarðará, sem fæst hjá höfundu og í Eymundsson). Árið 1924 hófu hér búskap Sigríður, dóttir þeirra Einars Árnasonar og Margrétar Eiríksdóttur og maður hennar Sigurgeir Sigfússon frá Holtakoti í Ljósavatnshreppi. Þuggu þau hér á móti foreldrum Sigríðar og byggðu þau nýtt hús, sem væntanlega er norðurhluti gamla íbúðarhússins. Í febrúar 1925 er gerð virðing fyrir hús á Eyrarlandi, sem sagt er byggt 1924 og eign Sigurgeirs Sigfússonar. Er því lýst svo:

Útveggir á 3 vegu [m.ö.o. ein hliðin sambyggð öðru húsi], hlaðnir úr „r“ -steini, tvöfaldir. Húsið er skúrmyndað [svo] með timbursúð og pappa yfir, á milli mómold og tjörupappi. Á milli útveggja er tröð af mómold. Á húsinu eru 2 gluggar og 2 hurðir. Tvær stofur, forstofa og gangur í kjallara. Stofurnar „betrekkar“. Kjallari undir húsinu af einfaldri steinsteypu, ½ alin þykt [svo]. Vegg hæð undir bita 3 al 10 þuml[ungar]. Steipt reykpípa frá gólfi og uppúr. Í kjallara steipt gólf og tveir gluggar. Virt krónur 2500 (Hallgrímur Hallgrímsson 1926: 521).

Áratug síðar, eða 1934, er íbúðarhúsinu á Eyrarlandi lýst í brunabótamati sem timburhúsi á steinsteyptum kjallara, klætt að utan með bárujárn og masonit, með jarnþaki. Miðstöð til upphitunar, raflögn til suðu og ljósa og að hluta til upphitunar. W.C. og vatnsleiðsla. Grunnflötur hússins 8 x 6m og hæð 6,3m (Björn Jóhannsson 1934: án bls.). Af þessari lýsingu að dæma er aðeins um að ræða syðri hluta hússins. Það vakti athygli höfundar, að í þeirri handskrifðu kompu, sem geymir handrit Björns Jóhannssonar að brunabótavirðingarlýsingum, er um að ræða Eyrarland og Eyrarland II en í síðara tilfellinu stendur yfirskriftin ein. Getur höfundur sér þess til, að um sé að ræða nýja hluta íbúðarhússins og brunabótavirðing ekki legið fyrir, enda e.t.v. ekki þótt ástæða til þess að meta það aftur, þar eð það var virt nýbyggt.

Byggt mun hafa verið við Eyrarlandshúsið um 1950,



skv. Eyðibýli á Íslandi og þar um að ræða austasta hluta hússins, sem ekki sést á meðfylgjandi myndum. Um svipað leyti, eða 1948, hófu hér búskap þau Ingibjörg Einarsdóttir, systir Sigríðar, og Jóhann Benediktsson frá Jarlsstöðum í Grýtubakkahreppi. Hafa þau væntanlega tekið við þeim hluta jarðarinnar, sem Einar Árnason sat, en hann lést, sem fyrr segir 1947. Margrét Eiríksdóttir átti hér heima áfram í skjóli dætra og tengdasona til æviloka árið 1955. Þegar brunabótamat var gert á Eyrarlandi árið 1934 voru fjós, hlaða og aðrar byggingar en íbúðarhúsið úr torfi. Ef mannvirkjaskrá Eyrarlands í Byggðum Eyjafjarðar 1990 er skoðuð má rekja uppbyggingu ýmiss húsakosts frá þeim tíma og um miðja öldina. Fjánhús og hlaða voru byggð 1934, fjós 1940 (sem orðið er fjánhús árið 1990) ásamt hlöðu, ásamt kartöflugeymslu 1950 og votheysgryfju tveimur árum síðar.

Þegar eyfiskum byggðum voru fyrst gerð skil á prenti, árið 1973 (skráning miðaðist við 1970), voru ábúendur hér skráð þau Ingibjörg Einarsdóttir og Jóhann Benediktsson og Sigríður Benediktsdóttir eigandi annarrar íbúðarinnar. Sigfús hafði látist árið áður. Þar eru íbúðarhúsin sögð vera tvö, sambyggð, byggð 1901 og 1924, alls 410 m³. Ekki er minnst á viðbyggingu frá miðri öldinni, en hún hefur væntanlega talist hluti yngra íbúðarhúss. Alls eru á Eyrarlandi fjánhús fyrir 300 fjár og hlöður fyrir 800 hesta af hevi auk kartöflugeymslna, véla- og verkfærageymslna. Túnstærð er 18,67 hektarar, kartöfluland um 3 hektarar og gefur jörðin 600 hesta af töðu og 150 af úthevi (sbr. Ármann Dalmannsson, Eggert Davíðsson og Sveinn Jónsson 1973:410). Tveimur áratugum síðar eru Ingibjörg og Jóhann enn búsett hér en Einar Grétar, sonur þeirra og kona hans, Elva Hermannsdóttir frá Akureyri höfðu tekið við búrekstrinum árið 1987. Eigandi jarðarinnar til hálf á móti þeim var systir Einars, Sólveig Jóhannsdóttir. Gamla íbúðarhúsið var í eigu Sigríðar Einarsdóttur, sem þá dvaldist á Skjaldarvík og Sólveig einnig sögð eigandi eldra íbúðarhúss. Árið 1990 var ræktað land á Eyrarlandi 14,3 hektarar og þar 77 fjár og þrjú hross. Árið 1981 var byggt nýtt íbúðarhús á Eyrarlandi og hefur gamla íbúðarhúsið síðar verið nýtt sem geymsla. Annað íbúðarhús var reist árið 1987. Þessi hús standa örlítið norðar og neðar en

gamla húsið Af öðrum byggingum, sem risu á Eyrarlandi á bilinu 1970 til 1990 má nefna 113 fermetra vélageymslu, sem reist var 1978 (sbr. Guðmundur Páll Steindórsson, Jóhannes Sigvaldason og Kristján Sigfússon 1993: 1070). Árið 2010 eru þau Einar Grétar og Elva ábúendur og eigendur að Eyrarlandi II (íb.hús frá 1987) og hálfri jörðinni á móti Sólveigu, sem er eigandi að Eyrarlandi (íb.hús frá 1981). Þá hafa fjárhús og hlaða frá 1934, sem stóðu skammt sunnan gamla íbúðarhússins, verið jöfnuð við jörðu (um 2000) en önnur byggingaskipan nokkurn veginn óbreytt frá því sem hún var árið 1990. Árið 2000 var þriðja íbúðarhúsið, Eyrarland III, reist á jörðinni og stendur nokkuð neðan Eyrarlands og Eyrarlands II, á gilbrúninni, h.u.b. beint niður af elsta íbúðarhúsinu. Árið 2010 voru 25 fjár á Eyrarlandi og stunduð kartöflurækt, og ræktað land 25 hektarar (sbr. Guðmundur Páll Steindórsson, Jóhann Ólafur Halldórsson og Valdimar Gunnarsson 2013: 598-599).

Rannsóknarhópur, sem heimsótti íslensk eyðibýli og vann um þau ítarlegar skýrslur á árunum um 2012, skoðaði gamla íbúðarhúsið á Eyrarlandi. Þar er herbergjaskipan sögð öröskuð frá því síðast var byggt við og innanstokksmunir og upphengdir hlutir á veggjum til staðar. Þá eru allar hurðir og gluggabúnaður til staðar auk raflagna og pípulagna. Hópurinn metur viðgerð á húsinu mögulega en að það yrði mikið verk þar sem húsið er bæði kalt og rakaskemmt (Axel Kaaber, Bergþóra Góa Kvaran, Birkir Ingibjartsson, Hildur Guðmundsdóttir, Olga Árnadóttir, Sólveig Guðmundsdóttir Beck, Steinunn Eik Egilsdóttir og Þuríður Elísa Harðardóttir, 2012:103). Gamla íbúðarhúsið á Eyrarlandi ber þess greinileg merki að hafa verið byggt í áföngum og segir

hver hluti hússins ákveðna uppbyggingarsögu. Frá vegfarendum blasa þó aðeins við elstu hlutar þeirrar sögu, timburhúsið frá 1901 og r-steinburstin frá 1924, burstin setur skemmtilegan svip á húsið. Bæjarstæði Eyrarlands er einnig einkar skemmtilegt, hátt í brekkunum ofan Hólmanna, gegnt syðsta hluta Akureyrar. Dálitill trjálundur er við gamla húsið og það sem kannski má heita merkilegt er, að hann er norðan við húsið, en ekki sunnan við. Reyndar er einnig dágóður trjágarður sunnan hússins en hann er spölkorn frá því. Eyrarlandshúsið er að upplagi skemmtilegt hús og stórbrotið og myndar enn margbreytilegri heild með sambyggðum fjárhúsum og skemmum. Kannski mætti að einhverju leyti líkja þessari samsetningu gamla Eyrarlandshússins og samliggjandi bygginga við prestsetrið í Kristnihaldi undir jökli: [...] Rángalahús samsett úr mörgum einingum [...] þessi húsagerðarlist, hver kofinn útúr öðrum var eitthvað í ætt við æxlun kóralla; eða kaktuss (Halldór Laxness 1968: 26-27). Meðfylgjandi myndir eru teknar 25. júlí 2025.

Ath. Í Eyvindi 2024 var mynd, sem birtist með umfjöllun um gamla húsið í Möðrufelli ranglega sögð tekin 3. júlí 2020. Einhverjum kann að hafa þótt hún heldur lítið sumarleg miðað við það, eða að sumarið það ár hafi verið vægast sagt snautlegt. En þetta skýrist af því að rétt dagsetning myndarinnar er 21. október 2023. Þá var, í umfjöllun um Saurbæ, rangt farið með nafn ábúanda árið 1934, hún var sögð hafa heitið Sigríður Þorsteinsdóttir en hún hét að sjálf sögðu Sigrún Þuríður Jónsdóttir. Biðst greinarhöfundur velvirðingar á þessu og leiðréttist þetta hér með.

Arnór Bliki Hallmundsson

Heimildir

- Axel Kaaber, Bergþóra Góa Kvaran, Birkir Ingibjartsson, Hildur Guðmundsdóttir, Olga Árnadóttir, Sólveig Guðmundsdóttir Beck, Steinunn Eik Egilsdóttir og Þuríður Elísa Harðardóttir. 2012. Eyðibýli á Íslandi. *Rannsókn á eyðibýlum og yfirgefnum húsum í Norður- Þingeyjarsýslu, Suður Þingeyjarsýslu og Eyjafjarðarsýslu*. Reykjavík: Eyðibýli – áhugamannafélag.
- Án höfundar. 1901. Bæjarbrúni. Í Stefni 6. september 22. tbl. 9. árgangur.
- Ármann Dalmanntson, Eggert Davíðsson, Sveinn Jónsson. 1973. *Byggðir Eyjafjarðar II. bindi* Akureyri: Búnaðarsamband Eyjafjarðarsveitar.
- Björn Jóhannesson. 1934. *Brunavirðingar húsa í Öngulsstaðahreppi*. Handskrifuð minnisbók, varðveitt á Héraðsskjalasafninu á Akureyri (ekki aðgengileg á vef). Hskj.Ak. H12-41.
- Friðrik G. Olgeirsson, Halldór Reynisson og Magnús Guðmundsson. 1996. *Byggingameistari í stein og stál; Saga Sveinbjarnar Jónssonar í Ofnasmiðjunni*. Reykjavík: Fjölvi.
- Guðmundur Páll Steindórsson, Jóhannes Sigvaldason, Kristján Sigfússon. 1993. *Byggðir Eyjafjarðar 1990*. Akureyri: Búnaðarsamband Eyjafjarðar.
- Guðmundur Páll Steindórsson, Jóhann Ólafur Halldórsson og Valdimar Gunnarsson. 2013. *Byggðir Eyjafjarðar 2010*. Akureyri: Búnaðarsamband Eyjafjarðar.
- Halldór Laxness. 1968. *Kristnihald undir jökli*. Reykjavík: Helgafell.
- Hallgrímur Hallgrímsson. 1926. Skýrsla um virðingar og fleira, er bygt hefur verið eftir 1917 í Öngulsstaðahreppi. Handskrifað í Úttektabók Öngulsstaðahrepps 1893-1927 bls., varðveitt á Héraðsskjalasafninu Hskj.Ak. H12-12. Bls. 510-523.
- Hjörtur E. Þórarinnsson. 1994. *Saga Sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu. Síðara bindi*. Akureyri: Héraðsnefnd Eyjafjarðar.
- Jónas Rafnar. 1975. *Bæjalýsingar og teikningar*. Akureyri: Sögufélag Eyfirðinga.
- Stefán Aðalsteinnsson. 2019. *Eyfirðingar framan Glerár og Varðgjár*. Akureyri: Sögufélag Eyfirðinga.
- Bernharð Haraldsson, Birgir Þórðarson, Haukur Ágústsson og Kristján Sigfússon skipuðu ritnefnd og bjuggu til prentunar.

Hestamennska og uppbyggingin í Hólshúsum

Viðtal: Berglind Kristinsdóttir

Síðasta vetur tók fjölskyldan í Hólshúsum í notkun fullbúið hesthús með reiðhöll. Hjónin Dagný Linda Kristjánsdóttir og Valur Ásmundsson reka þar hrossaræktarþú og tamningastöð. Foreldrar Dagnýjar, þau Kolbrún Ingólfsdóttir og Kristján Vilhelmsson, keyptu jörðina upphaflega með þeim og hafa verið með þeim í þessari uppbyggingu.

Dagný og Valur bjuggu bæði erlendis áður en þau fluttu í Hólshús. Dagný hafði stundað atvinnumennsku á skíðum í mörg ár og Valur bjó í Póllandi í tæp þrjú ár þar sem hann vann við sölu og markaðssetningu á fiski. Árið 2007 stefndi hugur þeirra beggja heim til Íslands, og þá helst í Eyjafjörðinn. Fyrir tilviljun fréttu þau að Hólshús væri að fara í sölu og eitt leiddi að öðru sem endaði með því að þau keyptu jörðina ásamt foreldrum Dagnýjar.

„Við höfðum gælt við þá hugmynd að flytja í sveit og vera þannig nær hestunum. Við höfðum einhvern veginn góða tilfinningu fyrir þessu og slógum til. Við vorum búin að fjarstýra hrossaræktinni lengi og vorum orðin háð öðrum með uppeldi og þess háttar.“

Dagný og Valur eru sammála um að þrátt fyrir að hafa ekki alveg vitað hvað þau voru að fara út í, hafi þetta verið gæfuspör.

„Í Eyjafjarðarsveit er ótrúlega gott samfélag og hér höfum við eignast marga vini. Við tókum strax þátt í félagsstarfinu í sveitinni og kynntumst þar mörgum, ásamt því að eignast vini í gegnum börnin okkar fjögur. Hér er margt sem kom okkur þægilega á óvart, eins og hvað það er snjólétt hérna í Grundarplássinu, sem hefur gert okkur auðvelt að stunda hestamennsku allt árið. Einnig fengum við frábæra nágranna í kaupbæti, þau Reyni og Þuríði Schiöth“

Þó að það sé ákveðið vinnuhagræði að vera með heimilishald og hrossabúskap á einum stað, hlýtur það að vera talsverð vinna að reka svona bú.

„Það er auðvitað mikil vinna að eiga jörð, sinna girðingum og húsum. Maður nær kannski ekki að ríða alveg eins mikið út og maður vildi, en við græðum svo margt annað. Krakkarnir taka meiri þátt í vinnu og útreiðum. Þannig er auðveldara að samræma búskapinn og heimilislífið. Okkur finnst líka mjög mikilvægt að geta fylgst vel með því hvernig ungvíðið þróast og nú, með tilkomu tamningastöðvarinnar, höfum við enn meiri yfirsýn.“

„Frá unga aldri hefur hestamennskan verið stór hluti af mínu lífi og varð fljótt rauður þráður í öllu því sem ég tók mér fyrir hendur,“ segir Valur. „Hesturinn er náttúruafl og ef maður ætlar að vinna traust hans verður maður að



Fjölskyldan í Hólshúsum. Fr. Nína Katrín, Dagný Linda Kristjánsdóttir, Ólöf Milla, Kristján Atli og Valur Ásmundsson með Ásu Völu í fanginu

núllstilla sig til að geta gert sig skiljanlegan og fá þetta næma flóttadýr með sér í lið. Þetta bæði ögrar og örvar okkar mannlega eðli á sama tíma. Maður lærir að taka ábyrgð, en samt að þjóna.“

Starfsemin hófst í hinum nýju húsakynnum haustið 2024 og komst strax á fullt skrið.

„Í Eyjafjarðarsveit eru mjög öflug hrossaræktarþú sem nýta sér okkar þjónustu, hvort sem það er kennsla eða þjálfun. Þessi öflugu bú styðja við okkar starfsemi og við getum komið með innspýtingu í þjálfun og reiðkennslu. Það er mikilvægt fyrir þá sem stunda hrossarækt og hestamennsku í sveitinni að hér sé öflugur kjarni af góðum búum til að halda svæðinu á kortinu sem hrossaræktarhéraði.“

Á búinu starfa þau Vera Schneiderchen og Guðbjörn Tryggvason sem bæði eru menntaðir reiðkennarar frá Hólaskóla og með hin ýmsu dómara réttindi. Það hefur verið mikil aðsókn að koma hrossum í þjálfun til þeirra, auk þess sem þau stunda reiðkennslu í auknum mæli. Auk þeirra koma reglulega innlendir og erlendir gestakennarar.

„Það var alltaf markmiðið að byggja upp þekkingarmiðstöð fyrir hestamenn, ekki síður en hefðbundna tamningastöð. Þess vegna lögðum við áherslu á að ráða til okkar fagmenn og fá inn, öðru hvoru, reiðkennara á heimsmælikvarða.“

Húsið er reist úr límtré og steinullareiningum frá Límtré Vírnet.

„Við val á húsgerð var litið til hlýleika en einnig var mikil áhersla lögð á eldvarnir. Húsið er rúmgott og



Reiðnámskeið í Höllinni

auðvelt að hirða það og vinna með hesta. Við vildum að mönnum og hestum liði vel í húsinu og því var reynt að hafa mikið af gluggum, hlýja liti og við í klæðningum.“

Reiðhöllin er 20 x 40 metrar að stærð og í gólfinu er innfluttur silica-sandur frá Þýskalandi. Sandurinn er þeim eiginleikum gæddur að hann þjappast ekki og því er undirlagið alltaf mjúkt undir hóf. Þá eru kornin mjög hörð og molna ekki, ólíkt íslenskum sandi sem verður mjög rokgjarn með tímanum. Undir 10 cm lagi af þessum sandi eru sérstakar gúmmímottur sem auka fjöðrun og halda rakanum í sandinum. Þetta er fyrsta gólf þessarar tegundar hér á landi. Í reiðhöllinni er auk þess vökvunarbúnaður sem sér til þess að gólfið er alltaf passlega rakt og þétt í sér.

Í hesthúsinu eru 28 eins hests stíur sem hver er yfir átta fermetrar að stærð. Undir stíunum og fóðurganginum er gólfhiti sem hitar húsið og þurrkar stíurnar. Með þessu móti sparast mikill undirburður.

„Hestar eru hjarðdýr og félagsverur og því lögðum við mikla áherslu á að það væri mikil nánd á milli þeirra, en samt þannig að þeir yrðu ekki fyrir óþarfa áreiti hver frá öðrum.“

Í klæðningum milligerðanna er búið að fræsa rifur svo að þeir skynji hreyfingu hvor hjá öðrum, en raufarnar auka einnig loftflæði í stíunum.

Á efri hæð yfir suðurenda hússins er salur sem nýtist fyrir fundi og námskeið. Þar er einnig eldunaraðstaða fyrir starfsfólk og lítil gestaíbúð. Það vekur athygli að allt aðgengi er gott, hurðir breiðar, klósett fyrir fatlaða og lyfta milli hæða.

„Kristján og Dagný lögðu mikla áherslu á að það væri aðgengi fyrir alla og við sjáum ekki eftir því. Það eru til dæmis ekki allir sem eiga auðvelt með að ganga stiga eða geta það yfir höfuð.“

Það er óhætt að segja að aðstaðan í Hólshúsum sé í sérflokk og bjóði upp á marga möguleika í hestatengdri starfsemi.

„Hesturinn á hug minn allan og ég hef náð að draga fjölskylduna með í þetta ævintýri. Núna erum við líka farin að njóta afraksturs ræktunarinnar og höfum þetta allt innan seilingar. Bestu dagarnir í sveitinni eru klárlega



Dagný Linda með hátt dæmdar heimaræktaðar systur

dagarnir sem við náum að ríða út. Maður fyllist þakklæti þegar maður er með hestinum sínum úti í náttúrunni og upplifir að þú og hann viljið það sama. Það eru þessar stundir sem drífa okkur áfram að vinna veg hestsins sem mestan.“



Valur tekur á móti verðlaunum með hana Frigg frá Hólshúsum á fjórðungsmóti í Borgarnesi 2011. Hæst dæmda bryssa í flokki 6 vetra bryssa. Knapi er Viðar Ingólfsson

Fimmbúsund manns

mættu í golfið á Þverá

Viðtal: *Benjamín Baldursson*

Í rúm 70 ár hafa Þverárbændur stundað malarnám úr hinum víðáttumiklu eyrum sem áin hefur skolað fram síðustu árþúsundin. Þeir eru ófáir vörubílarir sem hafa farið frá Þverá fullir af mól til Akureyrar og vítt og breitt um Eyjafjörð í vegi, húsgrunna og flugvelli. Ari B. Hilmarsson sem nú situr staðinn ásamt syni sínum Jóni Bergi og hans fjölskyldu, hefur marga fjöruna sopið og stundað hinar ýmsu búgreinar. Fyrst var það kúabúskapurinn og kartöfluræktin og seinna kornrækt ásamt malarnáminu, verktöku og síðast en ekki síst rekstur golfvallarins. Þar eru tveir menn í fastri vinnu yfir sumartímann.

Það var á lognkyrru og stjörnuþjórtu kvöldi um miðjan nóvember sl. sem við Ari hittumst í Golfskálanum og hófum spjall.

Hvað heldurðu að þú hafir flutt marga rúmmetra af mól úr eyrunum?

„Ég hef nú ekki lagt í að reikna það út en það væri eflaust hægt ef vilji væri fyrir hendi.“

Hvað er hægt að grafa djúpt?

„Það er mjög breytilegt, dýpst hérna næst en þynnist eftir því sem vestar dregur. Maður kemur ekki niður á fast berg heldur er gamall sjávarbotn undir. Malarnám hér á Þveráreyrum hófst að einhverju ráði fyrir rúmum 70 árum eða 1954 þegar Akureyrarflugvöllur var byggður. Það ár var Landsmót hestamanna haldið hér á Þveráreyrum og ég fæddist,” segir Ari og hlær. „Já, það var gríðarlegt magn sem fór í völinn, var mér sagt.“

Er öll mól unnin áður en hún fer?

„Já, að mestu er hún það. Við erum með malara og hörpu sem vinna efnið og fáum út eftir vali 10-12 tegundir, svokallað undirlagsefni er vinsælast þá er hver steinn 20-25 mm að stærð. Þegar Vegagerðin fór af fullum krafti í vegina hér í kring fór mikið unnið efni í þá.“

Hvernig gekk kartöfluræktin á þínum fyrstu búskaparárum?

Ari segir að það hafi verið mikið ævintýri. „Ég byggði stóra geymslu og var með kartöflur í 15 hekturum, en það var þrautin þyngri að koma þessu í verð. Sölufyrirtækin voru erfið viðureignar. Þrátt fyrir að við værum búnir að semja um verð þá barst greiðsla ekki fyrr en þrem til fjórum mánuðum seinna og þá ákváðu þeir einhliða að lækka verðið. Ég nenni ekki að standa í þessu mjög lengi.“



Ari Biering Hilmarsson á Þverá

Þá er það golfið, hvenær var völlurinn gerður?

„Það er svolítið skondið að segja frá því. Það var rétt fyrir aldamótin. Mig vantaði dægrastyttingu fyrir tvíburana mína, þá Stefán og Steingrím, sem voru mjög atorkusamir og vildu hafa eitthvað fyrir stafni alla daga. Þá datt mér í hug að slá grasið snöggst hérna meðfram veginum og búa til eina braut fyrir þá og gaf þeim svo golfsett. Gunnar Valur á Öngulsstöðum kom hér og sló meira og hvatti mig áfram sem mest hann mátti. Þegar ég setti upp flögg og fólk sá þau var ekki aftur snúið. Það var svo árið 2000 sem við byrjuðum að selja inn á völinn. Fyrst var gjaldið fimmmunduð kr. en núna er það þrjúþúsund. Þetta er lang ódýrasti golfvöllurinn á landinu.“

Er völlurinn ekki orðinn nokkuð góður?

„Jú, menn hæla honum í bak og fyrir, það vantar ekki. Nú er aldarfjórðungur liðinn, hann var fljótur að líða og það er gleðilegt hvað fólkinu fjölgar ár frá ári sem koma hingað. Það er allt svo létt og skemmtilegt í kringum golfið, fólkið er í fríi og svo er smá metingur milli manna, allir glaðir og sumt ferðafólk kemur kannski þrjá daga í röð með alla fjölskylduna! Síðast liðið sumar komu hér rúmlega fimmþúsund manns. Þegar við byggðum þennan skála 2004 - 2005 fundum við fyrir mikilli velvild. Það vildu allir styðja við bakið á okkur. Kennedýarnir sendu þrjá menn í nokkra daga, við fengum 50% afslátt í BYKO, Börkurinn studdi okkur og fleiri og fleiri. Það var afskaplega ánægjulegt.”

Svo eru þið í kornræktinni.

„Já, við vorum nokkrir sem byrjuðum að fást við kornrækt eftir mörg köld ár sem náði hámarki 1979. Það var sumarið '84, sem var frekar hlýtt, sem ég sáði í tvo hektara og fékk blússandi uppskeru. Ég var svo í vandræðum með hvað ég ætti að gera við þetta, en svo ákváðum við Jón frænda (Árnason) að fara með þetta vestur í Skagafjörð og við fengum að renna þessu gegnum verksmiðjuna í Vallhólma. Þeir urðu að bæta heyi saman við til þess að það kögglaðist og þetta varð gott fóður sem Jón nýtti svo í kýrnar. 2008 byggðum við Jón Bergur svo kornþurrkarann. Við kaupum einn sekúndulíttra af um 80° heitu vatni og höfum þurrkað mjög mikið fyrir aðra. Í haust þurrkuðum við 150 tonn. Við vorum með þeim fyrstu sem notuðum hitaveitu til að þurrka kornið. Ég heyrði af sunnlenskum kornbónda sem þurrkar með olíukyndingu og það er umtalvert dýrari þurrkunaraðferð. *Hvað ertu lengi að þurrka skammtinn?*

„Þurrkarinn tekur 20 rúmmetra og það fer eftir rakastigi kornsins. Að meðaltali svona fjórtán til fimmtán tíma. Ferlið er sjálfvirkir eftir að búið er að setja í gang. Þurrkarinn hrærir í korninu svo að það þurrkast jafnt.

Jarðgerðarstöðin Molta á Þveráreyrum. Við megum ekki gleyma henni.

Nei, hún er heilmikill kafli útaf fyrir sig. Mér leist strax vel á þetta á sínum tíma og gaman að taka þátt í því að koma þessu á fót. Bjarni Kristjánsson þáverandi sveitarstjóri kom að máli við okkur um að leggja til land undir stöðina sem ég tók strax vel í. Bæjaryfirvöld á Akureyri voru búin að fara víða og falast eftir lóð en allstaðar verið hafnað. Mér fannst þetta vera mikið framfaraskref og slæmt að þetta skuli ekki vera nýtt betur því þarna er um góðan áburð að ræða, ígildi svínaskíts. Ég nota 15 tonn á hektarann í kornakrana og það hefur gefist vel.

Segir Ari að lokum, en má svo til með að segja brandara þar sem undirritaður kemur við sögu í öðrum þeirra.

„Það var fyrir nokkrum árum að þú baðst okkur að hreinsa upp úr skurðum niður á flatanum. Jón Bergur var að ljúka við verkið þegar Freysi á Uppsölum kemur þar að ríðandi og spyr hvað sé í gangi á Tjörnum? Jón Bergur svarar, þú veist það Freyr að Benjamín er búinn að vera með tuttugu þýskar kaupakonur, en nú er hann að skipta yfir í kínverskar og er að fara í hrisgrjónarækt.”



Ari með sonarsoninn Aron Jónsson

Ög áfram heldur Ari.

„Ég reyndi einu sinni fyrir mér í svínarækt og keypti þrjár gyltur sem gutu svo í fyllingu tímans. Einn grísinn sem við kölluðum Gulla Gölt var óþægur við mig og slapp alltaf út úr stíunni hvað sem ég reyndi. Á næsta bæ Rein, var Bóas litli að leika sér úti en kom svo inn með miklu írafári til mömmu sinnar og sagði að bleikur hundur væri kominn inn í garðinn. Hún var vantrúuð og bað drenginn að fara aftur út að leika sér en hann kom inn jafnóðum og talaði um bleika hundinn. Þá leit móðir hans út og sá hvers kyns var og lét mig vita.”

Ringó

- hvað er það?

Eyvindur bað mig að setja niður nokkur orð um ringó. Ringó er ekki mjög útbreitt á Íslandi en er mjög vinsælt t.d. í Póllandi. Undanfarin ár hefur fjölgað talsvert hópum eldri borgara hér á landi sem stunda íþróttina en ringó er samt sem áður iðkað af fólki á öllum aldri.

Flestir kannast við blak þar sem 2 lið skiptast á að blaka bolta yfir net sem strengt er yfir miðjan völl á milli tveggja stanga svo þannig verða til tveir vallarhelmingar, sinn fyrir hvort lið. Í ringó er sams konar völlur en í stað bolta eru notaðir loftfylltir gúmmíhringir. Í hvoru liði eru 4 leikmenn. Í byrjun hverrar lotu eru gefnir upp 2 hringir samtímis, frá sitt hvoru liðinu. Íþróttin snýst um það að grípa hringinn með annarri hendi og kasta honum rakleiðis til baka yfir netið með sömu hendi. Ef svo vill til að hringirnir rekist saman á lofti í uppgjöf er hún endurtekin og engin stig tapast. Bannað er að grípa hring með báðum höndum eða færa hringinn á milli handa. Öfugt við blakið þar sem 3 snertingar boltans eru leyfðar og boltanum má leika milli liðsfélaga áður en honum er blakað yfir netið til andstæðinganna, þá er bara ein snerting hringisins leyfð í ringó. Hringurinn er gripinn og honum þarf að kasta til baka innan þriggja sekúndna og má taka eitt skref um leið en ekki fleiri. Þegar hringnum er kastað á hann að vera sem mest láréttur, ekki upp á rönd eða á flökti.

Stigagjöf er þannig að missi lið hring í gólfíð fær hitt liðið stig. Þegar báðir hringir hafa lent í gólfi eru þeir gefnir upp aftur og ný lota byrjar. Eftir hverjar 3 lotur færa leikmenn sig réttisælis og skipta um stöðu á vellinum þannig að annar leikmaður tekur við uppgjöf. Það lið sem fyrr nær 25 stigum vinnur leikinn.

Algengustu byrjendamistökin eru þau að missa athyg-



Anna Guðmundsdóttir með ringó

lina og ætla strax að fara að tína upp hring sem maður missir í gólfíð því að þá er hætta á að fá hinn hringinn í hausinn. Í gamni er talað um að tiltektargenið sé svo sterkt eða vel þjálfað í fólki að það bregðist ósjálfrátt við ef eitthvað liggur á gólfinu.

Þessi íþrótt hefur komið skemmtilega á óvart því hún reynir verulega á einbeitinguna. Leikurinn krefst einnig útsjónarsemi og snöggra viðbragða við að ná til hringisins og að lesa í leik andstæðinganna. Slysahætta er lítil.

Við sem höfum verið að æfa ringó í íþróttahúsi Hrafnagilsskóla úr hópi eldri borgara erum á bilinu 10 -12 og sum okkar hafa einnig æft með eldri borgurum á Akureyri í íþróttahúsinu við Síðuskóla en þar mæta oftast 25 - 30 manns.

Hópurinn úr Eyjafjarðarsveit hefur tekið þátt í tveimur ringó mótum á Akureyri og Hvammstanga undir liðsheitinu Hrafnar og ekki unnið til verðlauna en búningur okkar hefur vakið óskipta athygli og sumir hafa fullyrt að leitun sé að flottari búningum.

Við sem æfum ringó mælum með því að fólk komi og máti sig við þessa hollu hreyfingu. Æfingar eldri borgara eru einu sinni í viku kl. 11:20 á þriðjudögum.

Páll Ingvarsson



Ringóhópurinn Hrafnar

Sögur sálfræðings

smásögur

Þessi saga er partur af smásagnasafni sem kom út í nóvember 2025. Safnið heitir Sögur sálfræðingsins.

Sálfræðingurinn

Margir eldri borgarar eru einmanna. Sumum finnst að þeir séu baggi á þjóðfélaginu. Þeir einangrast ef þeir missa tengslin við fjölskyldu og vini. Þeim sem hafa áhugamál gengur betur að setta sig við ellina.

Það kom til mín fullorðin kona sem heitir Fjóla. Hún var lengi að koma sér að erindinu, talaði eins og stjórnmalamaður, sló úr og í. Ég benti henni á að ég gæti ekki hjálpað henni nema að hún segði mér hvað amaði að henni. Þá loksins kom hún sér að erindinu. Hennar vandamál var að hún áleit að fyrirbærir gætu deytt fólk.

Hér er saga hennar Fjólu

Ég heiti Fjóla og er 82 ára. Mig langaði að sættast við systur mína og fyrrverandi eiginmann minn sem hét Stefán, hann var kallaður Stebbi.

Stebbi fór frá mér fyrir mörgum árum. Hann tók saman við systur mína, hún varð ekkja í blóma lífsins. Maðurinn hennar sálugi hét Elmar. Hann var nokkrum árum eldri en systir mín og var stórefnaður og ég kunni vel við hann. Elmar hafði stofnað verktakafyrirtæki og var með samning við vegagerðina. Stebbi vissi að það var eftir miklu að slægjast og sagðist ætla að hjálpa systur minni með fyrirtækið. Ég kjáninn, hélt að hann væri af hjartagæsku sinni að halda fyrirtækinu gangandi. Svo kom Stebbi og sótti fötin sín og ég grét í hálfan mánuð. Daginn eftir að þau giftu sig tók Stebbi við stjórn fyrirtækisins. Hann byrjaði yfirleitt að malbika í maí og var að þangað til veður setti strik í reikninginn. Hann tók líka að sér að aka mól í húsgrunna. Stebbi var að ég held góður yfirmaður, hann var með sömu karlana áratugum saman. Hann kunni líka að fara með peninga, á fáum árum tókst honum að verða tvisvar skattakóngur. Þau eignuðust dóttur sem flutti til Bandaríkjanna, hún gekk í klaustur. Hún gafst upp á klausturlífinu, hafði fengið náttúruna frá föður sínum.

Stebbi kunni að fara með vín. Þegar við fórum á böll, drakk hann bara eitt glas og svo dansaði hann allt kvöldið. Systir mín varð snemma veik fyrir sopanum. Ég var það líka á tímabili en ég hætti að drekka þegar ég gerði mig að fifli. Ég var búin að vera full í nokkra daga og hringdi í þjóðarsálina og þegar ég hafði ausið svívirðingum yfir Stebba skattakóng var skellt á mig. Daginn eftir hringdi ég í forsetann. Ég spurði hvort mætti bjóða honum að



Logi Óttarsson

hafa við mig kynmök. Lögreglan kom og yfirheyrði mig og ég fór ekki út úr húsi í marga daga.

Dóttir okkar fór til útlanda í nám og kynntist manni sem hún giftist og þau eiga börn. Ég veit að Stebbi hjálpaði henni að eignast íbúð og eins var með son okkar. Sonur okkar var mjög hændur að föður sínum. Um leið og hann hafði aldur til, vann hann á skrifstofunni og sá um fjármálin. Ég vissi að hann skemmti sér mikið en ég hefði ekki hugmynd um að hann hefði ánetjast eiturfjóm. Hann dró sér fé og setti fyrirtækið í þrot. Stebbi tapaði sér og sagðist aldrei aftur tala við drenginn. Sonur okkar var dæmdur til fangelsisvistar. Þá fór ég að velta fyrir mér lífinu og tilverunni.

Börnin manns verða alltaf börnin manns jafn vel þótt þeim verði á. Ég varð enn reiðari við Stebba og systur mína, ég setti mig ekki úr færi að tala illa um þau.

Ég hef alla ævi efast um að það sé framhaldslíf. Samt ákvað ég að fara á miðilsfund. Það sem miðilinn sagði um mig og mitt líf var rétt og satt. Áður en hann kvaddi mig benti hann mér á að ég yrði að sættast við guð og menn. Hann sagði að besta leiðin til þess, væri að biðja fyrir þeim sem maður var reiður við.

Ég er orðin gömul og fer bráðum að deyja. Ég vil ekki yfirgefa lífið reið og bitur. Þegar ég frétti að Stebbi og systir mín hefðu fengið influensu ákvað ég að biðja fyrir þeim. Það gekk ekki vel, ég fór í huganum að þeim degi þegar Stebbi fór frá mér. Mér leið eins og ég væri að rífa ofan af gömlu sári. Ég hélt samt áfram að biðja og smám saman tókst mér að komast í gegnum bærirnar. Stebbi

jafnaði sig ekki og var mesti vesalingur. Ég ákvað að biðja fyrir honum bæði kvölds og morgna. Eftir hálfan mánuð frétti ég að hann væri fárveikur. Ég bað fjórum sinnum á dag fyrir honum og þá var systur minni og dóttur hennar tilkynnt að Stebbi ætti að fara í líknandi meðferð.

Ég prófaði að sleppa úr nokkrum dögum og þá skánaði Stebba. Það blossaði upp í mér þúkin og ég bað ákaflega fyrir honum og hann lenti aftur á sjúkrahúsi. Síðan gerði ég hlé á bænunum í hálfan mánuð og hann fékk að fara heim til sín. Þegar ég frétti að þau ætluðu á sólarströnd bað ég fyrir Stebba og nú er hann dáinn. Ég er hætt að biðja fyrir systur minni. Ég er morðingi.

- - -

Ég sit í stólnum og horfi á konuna.

– Þú heldur að dauði fyrrverandi manns þíns sé vegna fyrirbæna? Við skulum ekki slá því föstu að það sé hægt að farga fólki með því að biðja fyrir því. Konan sekkur einhvern veginn ofan í sjálfa sig og er ósköp lítil og raunaleg. Sektarkennd er vond tilfinning. Við mælum okkur mót í næstu viku, ég bað hana að biðja fyrir mér kvöldinu áður en við hittumst næst. Þetta gerði ég til að losa hana við grillurnar.

Ég er slappur þegar ég vakna, er með stíflað nef og særindi í hálsinum. Ég mæti samt í vinnuna. Fyrsti skjólstæðingur dagsins er konan sem kom í síðustu viku og hélt að hún hefði drepið fyrrverandi manninn sinn með fyrirbænum.

Konan kemur sér fyrir í stólnum. Hún lítur betur út en hún gerði fyrir viku. Ég spyr hana hvernig henni líði? Hún vill vita hvernig ég hafi það og ég segi henni að ég sé að kvefast. Þá rifjaðist upp fyrir mér að hún ætlaði að biðja fyrir mér. Hún verður hnuggin á svipinn. Við spjöllum um stund og ég bendi henni á að tala við prest. Þeir eru sérfræðingar í hindurvitnum. Ég vona að hún hafi ekki tekið eftir tóninum sem ég get ekki dulið. Það á ekki við mína vísindavitund að fólk trúir svona hlutum eða velti þeim fyrir sér. Ég ráðlegg henni að biðja fyrir sjálfri sér og sjá hvort það hafi einhverjar afleiðingar. Ég lét hana fá símanúmerið hjá séra Frosta. Stundum hjálpar það fólki að tala við presta. Frosti er spíritisti og hélt á tímabili að hann væri miðill.

Þegar konan var farin, punkta ég söguna hjá mér. Mér finnst skondið að ég skyldi fá flensu þennan dag. En það er að sjálfsgöðu bara tilviljun.

Logi Óttarsson frá Garðsá

Fermingarsystkin frá 1963



Aftari röð: Þórdís Yngvadóttir, Valgerður Schiöth, Hreiðar Hreiðarsson, Emilia Baldursdóttir, Benjamín Baldursson og Ævar Ragnarsson. Fremri: Óskar H. Kristjánsson, Kristján H. Theódórsson

Gamla húsið í Fífilgerði

Arnór Bliki Hallmundsson

Hátt undir syðstu hlíðum Vaðlaheiðar, spölkorn frá Bíldsá, standa tveir bæir á ávalri og víðlendri brekku-brún. Á kortagrunni map.is liggur hæðarlínan, sem afmarkar 100 metra hæð yfir sjávarmáli nánast undir bæjarhúsum Króksstaða og Fífilgerðis, sem eru einmitt umræddir bæir. Á fyrrnefnda bænum stendur hús frá aldamótum 1900 og þar ber okkur niður að þessu sinni.

Staðhættir og lýsing á húsi

Fífilgerði stendur sem fyrr segir, í 100 metra hæð yfir sjávarmáli, norðanmegin undir Bíldsárskarði en það skarð skilur á milli ógnarlangrar og aflíðandi Vaðlaheiðar og veggbratts Kaupangssveitarfjalls. Fífilgerði stendur, líkt og hús við götu, að vestan og neðan við heimreið, sem liggur að Króksstöðum en ber engu að síður heitið Leifsstaðavegur. Frá Fífilgerði eru um 1700 metrar niður að Eyfjarðarbraut eystri og tæplega 6,5 kílómetrar í Miðbæ Akureyrar. Það er líka skemmtileg staðreynd, að frá vegamótum Leiruvegar og Drottningarbrautar er jafn langt að Fífilgerði og að verslunarmiðstöðinni Norðurtorgi, yst á Akureyri!

Gamla íbúðarhúsið í Fífilgerði er einlyft timburhús með háu risi og viðbyggingu með aflíðandi þaki, einhalla til austurs við norðurstafn. Veggir eru múrhúðaðir, forskalaðir sem kallað er, bárujárn á þaki og einfaldir þverpóstar í gluggum. Í upphafi hefur húsið, þ.e. vesturhlið eða framhlið, væntanlega verið klætt timbri, mögulega slagpili eða rennisúð, og kross- eða sexrúðupóstar í gluggum. Aðrar hliðar hússins voru úr torfi. Grunnflötur mælist um 4,5x10,8m (ónákvæm mæling af loftmynd), þar af er viðbygging að norðan 3,8m að lengd. Grunnflötur upprunalegs húss hefur þannig aðeins verið um 4,5x7m eða rúmir 32 fermetrar.

Fífilgerði fyrr á tíð

Fífilgerði hefur verið í byggð frá örófi alda ef svo mætti segja, en það er nefnt í Auðunarmáldaga árið 1318. Heitið Fífilgerði hefur einnig verið notað. Jörðin er talin byggð úr landi Kaupangs, eins og margar nærliggjandi jarðir. Jörðin var um aldir eign Munkaþverárklosturs og er árið 1446 skráð sem ein jarða, sem klaustrið hefur leigutekjur af. Vitað er um a.m.k. tvö eigendaskipti Fífilgerðis á 16. öld, í fyrra skiptið, 1532, selur Jón biskup á Hólum Þorleifi Grímssyni jörðina ásamt nágrannajörðunum Þorustöðum og Króksstöðum. Nærri fjórum áratugum



Fífilgerði á miðnætti á sumarsólstöðum, 21. - 22. júní 2014.

síðar, eða 1569 hafa þeir Jón Marteinsson og síra Björn Gíslason jarðaskipti, Jón fékk Fífilgerði í stað Skóga í Fnjóskadal (sbr. Stefán Aðalsteinsson 2019:2079). Í bókinni Eyfirðingar, nánar tiltekið í sjötta bindi (bls. 2079-2087) má sjá ítarlegt ábúendatal fyrir Fífilgerði allt frá 1703.

Á síðari hluta 19. aldar, virðast ábúendaskipti nokkuð tíð í Fífilgerði, á árunum 1886 til 1898 eru t.d. fimm sinnum ábúendaskipti og nokkrir búa aðeins 1-2 ár. Hverju það sætir liggur ekki endilega fyrir, mögulega var þetta ekkert einsdæmi. Jörðin er ekki sérlega stór og vitað er að húsakostur var orðinn lélegur um aldamótin 1900. En árið 1898 flytjast hingað þau Sigfús Davíðsson frá Bakkaseli í Fnjóskadal og Aðalbjörg Hallgrímsdóttir frá Víðikeri í Bárðardal. Þau bjuggu hér í fimm ár en hafa væntanlega haft jarðaskipti við næstu eigendur, þau Rögnvald Sigurðsson frá Akureyri og Lovísu Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Breiðabóli á Svalbarðsströnd. Þau fluttust nefnilega hingað frá Grjótárgerði í Fnjóskadal árið 1903 og sama ár flytjast þau Sigfús og Aðalbjörg að Grjótárgerði. Við eigendaskiptin sumarið 1903 voru kvaddir til hreppstjóri og matsmaður og liggur fyrir löng og ítarleg skýrsla um húsakostinn, sem Rögnvaldur og Lovísa tóku við. Hér að neðan fer sá hluti hennar, sem lýtur að húsakosti jarðarinnar, nokkurn veginn orðréttur en sá fyrirvari er á, að hlutar hennar eru illlæsilegir og gæti þannig eitthvað hafa skolast til. Verðmat og annað slíkt lætur höfundur liggja á milli hluta.

Úr úttekt á Fífilgerðisjörðinni 1903

Þann 18. júní árið 1903 standa í Fífilgerði baðstofa, fjós,

búr, eldhús, göng, bæjardyr og fjárhús og er þeim lýst á eftirfarandi hátt:

Badstofa: Lengd 5 ½ al. breidd 4 ½ al. með 6 stoðum undir lausholtum, þrennum kálsperrum og reisiföl yfir. 2 gluggar, annar með 4 rúðum en hinn með tveimur. Hurð á járnum við dyrastafi fylgir. Lausholt bæði brotin og stoðir mjög fúnar. Sömuleiðis langbönd brotin og svignuð milli sperra. Reisiföl gömul og mjög fúin. [...] Þak hriplekt.

Fjós: Norðan við badstofu 5 ¼ al. langt, 4 ½ al. á breidd með 3 stoðum og styttu í vegg undir 1 mænísás og 3 stoðum undir hliðarár, 12 máttarröftum og nokkru árefti yfir. Austurveggur nokkuð skotóttur [svo] en veggir að öðru leyti all stæðilegir. Þakið hriplekt, viðir nokkuð teknir að fúna. [...]

Búr: 3 ½ x 4 ½ al. með 4 sperrum á þremur bitum og 9 langböndum. 1 gluggi 4 rúðu fylgir. [...] Veggir allvel háir og dável stæðilegir að aftan nýir og góðir og þak gott.

Eldhús: 4 ½ x 5 al. með 1 bita á veggjum og 2 dvergum undir 2 mænísásum, 11 máttarröftum og nægilega reft milli ása. Engin hurð fylgir, veggir all stæðilegur. Þakið gott á norðurhlið en mjög slæmt á norðurhlið.

Göng: Lengd 15 al. Göngin eru mikið of mjó en sæmilega há, Frá badstofu að bæjardyrum er þverreft af fúnum spítum, þar fyrir fram eru þau spítulaus en þak þó ekki innsigið, þar er það þykkt og vel gróið.

Bæjardyr: Lengd 5 ½ al. breidd 3 1/3 al. innan við með 6 stoðum, 2 lausholtum, 3 bitum, 3 sperrum, 6 langböndum og nokkru árefti. Standþil fyrir framan. Hurð á járnum með hespu, loku og keng. Veggir mikið of lágir, einsog grindin er öll, en ekki óstæðilegir, þak brúklegt undir stoðum en mjög missigið og grindin því öll skökk og skæld. Viðir eru mjög grannir og allflestir meira og minna fúnir (Sigurgeir Sigurðsson 1903: 276-278).

Hér er greinilega lýsing á torfbæ. Á teikningu Guðmundar Frimannssonar (sbr. Stefán Aðalsteinsson 2019: 2079) sést að um hefur verið að ræða tveggja bursta bæ, með stöfnum til vestur, bæjardyrum og skála suður af. Skálinn er á teikningum suður af bæjardyrum en virðist ekki getið sérstaklega í úttektnum. Göng hafa legið til austurs frá bæjardyrum til fjóss, en þar til norðurs badstofa, norðaustanmegin. Milli bæjardyra og fjóss var eldhús norðanmegin og búr, sunnanmegin. Norðvestanmegin í þessari húsasamstæðu hefur verið töðutótt (sbr. Jónas Rafnar 1975: 157). Í úttektninni frá 1903 er hvergi minnst á timburhús en greinilegt, að torfbærinn, sem líklega hefur verið orðinn ævagamall, er að drjúgum hluta í bágu ástandi; Fífilgerði mátti greinilega muna sinn fífil fegurri.

Skráð byggingarár gamla íbúðarhússins í Fífilgerði er 1900 en af þessu má ráða, að það sé lítið eitt yngra, mögulega reist sumarið 1903 í stað torfbæjarins. Sonur þeirra Rögnvaldar og Lovísu, Jón, sem átti einmitt átta ára

afmæli daginn sem úttektnin var gerð á Fífilgerðishúsum, segir í endurminningum sínum, að þá hafi bærinn verið „kotbær“ (sbr. Jón Rögnvaldsson (Erlingur Davíðsson) 1972:97). Það hefði varla þótt kotbær í upphafi 20. aldar, þar sem stæði nýlegt timburhús. Hér verður ekki úr því skorið, hvort Sigfús Davíðsson reisti Fífilgerðishúsið árið 1900 eða Rögnvaldur Sigurðsson árið 1903 (eða litlu síðar) en gögn styðja óneitanlega frekar hið síðarnefnda. En svo er annað sem flækt getur málin enn frekar: Var húsið e.t.v. flutt einhvers staðar annars staðar frá, þar sem það var byggt fyrr?

Brunabótamat 1934 - Byggingarsaga á hundavaði

Líkt og oft tíðkaðist með timburhús á sveitabæjum var Fífilgerðishúsið reist sem viðbót eða sambyggt við eldri torfbæ. Árið 1934 er Fífilgerði lýst sem íbúðarhúsi, 9x4m á grunnfleti, 4 m á hæð. Torfveggir eru á þrjá vegu en timbur á eina, sem bendir til þess, að timburhúsið sé umlukið torfbænum, sem þremur áratugum fyrr var kominn að fótum fram. Loft, gólf og skilrúm eru úr timbri, járnþak á húsinu og þess getið, að húsið sé kjallaralaust. Raflögn er í húsinu til ljósa, suðu og hitunar, 14 ljósaastæði, ein rafvél og fjórir rafofnar en ekkert eldstæði. Það gæti hins vegar hafa verið í eldhúsi, sem metið er sér, 5x3m og 2,2m og sagt úr „sama efni“ sem er þá mögulega timbur og torf. Sú bygging, sem kölluð er eldhús, gæti hafa verið eldhús og búr úr gamla torfbænum, en samanlagt eru þær vistarverur, samkvæmt úttektninni árið 1903, 8 álnir á lengd og 4,5-5 álnir á breidd en 8 álnir eru 5,04 metrar og 5 álnir 3,15 metrar. Þá er einnig nefnt geymslúhús 7x2m, torfveggir með járnþaki og fjós og hlaða úr torfi (Björn Jóhannsson 1934: án bls.). Torfhúsin hafa síðar vikið fyrir nýjum byggingum á sama grunni, því Fífilgerðishúsið er enn nokkurs konar „framhús“ í byggingasamstæðu. Í Byggðum Eyjafjarðar 1990 er talað um geymslur, áður fjós, sem byggð var 1948 og vélageymslu, sem byggð var tveimur árum síðar (Guðmundur Páll Steindórsson, Jóhannes Sigvaldason, Kristján Sigfússon 1993:1064). Þær byggingar hafa þeir Jón og Kristján Rögnvaldssynir byggt og sá síðarnefndi byggingameistari en hann var múrari. Einhvern tíma var byggt við íbúðarhúsið til norðurs, einlyft bygging með lágu, einhalla þaki. Nýtt íbúðarhús var reist í Fífilgerði árið 1977 og lauk þá hlutverki gamla hússins frá aldamótum 1900 sem íbúðarhús.

Garðrækt Jóns Rögnvaldssonar og systkina hans - Rafvæðing Fífilgerðis

Rögnvaldur og Lovísa bjuggu hér á þriðja áratug. Lovísa lést árið 1925 en Rögnvaldur bjó hér áfram til ársins 1929 er hann flutti til Akureyrar. Þá tóku synir hans, Jón og Kristján við búinu, en systur þeirra, Sigrún og Sólveig bjuggu einnig hér um nokkurt skeið. Fífilgerði var með fyrstu bæjum í sveitunum framan Akureyrar, þar sem



Er þetta e.t.v. gróðurhús þeirra Jóns og systkina í Fífilgerði?

leitt var rafmagn. Síðla árs 1928 að tekin var í notkun virkjun í Bíldsá og þjónaði hún Króksstöðum, Fífilgerði og Leifsstöðum. Á síðasttalda bænum höfðu téð Sólveig Rögnvaldsdóttir í Fífilgerði og maður hennar, Bergsteinn Kolbeinsson, nýlega lokið byggingu veglegs steinhúss eftir teikningu Guðjóns Samúelssonar. Búskapur var ekki aðalstarf þeirra Fífilgerðisbræðra heldur var það garðyrkjan og skógrækt, sem átti hug þeirra allan. Jón Rögnvaldsson nam garðyrkju- og skógræði við Landbúnaðarháskólann í Winnipeg árin 1920 til 1925. Heimkominn hófst hann handa við garðyrkjustörf og skógrækt og var þar sérlegur frumkvöðull í því starfi og ein helsta drifkrafturinn á því sviði hér um slóðir næstu áratugina á eftir. Svo segir hann frá sjálfur: Heima í Fífilgerði hófumst við systkinin handa árið 1926 um það að koma upp skrudgarði og að sumu leyti garðyrkjustöð, og auk þess höfðum við alltaf verulega matjurtarækt. Það vorum við Kristján og systurnar Sólveig og Sigrún, meðan þær voru enn heima, sem að þessu unnum. Og auk þess byrjuðum við strax á trjárækt, og ennfremur fórum við að safna íslenskum jurtum, og varð þar vísir að grasagarði, og allt var þetta tómstundavinna, því að við Kristján og Sigrún unnum löngum á Akureyri, ég við skrudgarða, Kristján við múrverk og Sigrún við sauma, svo að búskapurinn varð líka tómstundaverk okkar (Jón Rögnvaldsson (Erlingur Davíðsson) 1972:115-116).

Grasa -og trjágarðurinn í Fífilgerði þótti mikið undur og árið 1940 mun hvergi á Íslandi hafa verið jafn mikill fjöldi íslenskra tegunda í einum garði á Íslandi (sbr. Sigurður Arnarson 2025) en Jón safnaði sérstaklega íslenskum plöntum. Var ekki óalgengt, að ferðafólk hvaðanæva að, legði leið sína í Fífilgerði að berja skrudgarðinn augum (sbr. Hörður Kristinsson 1972:22). Árið 1954 tók Jón við forstöðu Lystigarðsins á Akureyri og þegar þeir bræður brugðu búi í Fífilgerði árið 1957 fluttu þeir plöntusafnið í garðinn. Auk ræktunar skrudgarðsins reistu Jón og Kristján mikið gróðurhús (óvíst hvenær) skammt sunnan við íbúðarhúsið og ræktuðu þar m.a. vínvið. Greinarhöfundur minnst þess að hafa heyrt, að föðurbróðir hans, sem uppalinn

var á Arnarhóli, næsta bæ neðan við Fífilgerði, hafi á barnsaldri heimsótt skrudgarð bræðranna í Fífilgerði og áhugi hans vaknað, m.a. þar, á „smávinunum fögru“. Hefur strákurinn á Arnarhóli væntanlega notið alúðlegrar leiðsagnar Jóns Rögnvaldssonar um plöntusafnið en þarna má segja, að krókurinn hafi snemma beygst, því hér var um að ræða Hörð Kristinsson (1937-2023), grasafræðing með meiru! Fyrir þá sem vilja kynna sér ævi og störf Jóns Rögnvaldssonar má benda á vandaða, ítarlega og fróðlega grein Sigurðar Arnarsonar, sem birtist á vef Skógræktarfélags Eyfirðinga í júní síðastliðnum, í tilefni þess, að liðin voru 130 ár frá fæðingu Jóns. Enn standa múrsteinshlaðnir útveggir og þakgrind gróðurhússins og trjágróður, fyrrum skrudgarður Jóns og Kristjáns Rögnvaldssona myndar gróskumikinn skógarlund, sem mælist á loftmynd um 2000 fermetrar.

Síðari áratugir - Úr Byggðum Eyjafjarðar

Sem fyrr segir fluttust þeir Jón og Kristján Rögnvaldssynir úr Fífilgerði árið 1957. Kristján var ókvæntur en Jón kvæntist árið 1939, Körlu Þorsteinsdóttur, sem fædd var og uppalin í Noregi en átti íslenskan föður. Í Fífilgerði fluttust þau Jónatan Davíðsson frá Brúnagerði í Fnjóskadal og ráðskona hans, Þórunn Stefánsdóttir frá Syðra-Kambhóli í Arnarneshreppi. Með þeim fluttist hingað uppkominn fóstursonur Þórunnar, Haukur Berg Friðgeirsson. Eins og venjan er, þegar fjallað er um hús í Eyjafjarðarsveit, skulum við grípa niður í skýrslum þeim, sem birtast í ritverkunum, Byggðir Eyjafjarðar. Fyrst voru þessar skráningar unnar fyrir árið 1970, svo 1990 og aftur 2010, og voru þær gefnar út þremur árum síðar. (Kannski ber til um þessar mundir, eða innan fárra missera, að boð komi frá Búnaðarsambandinu að skrásetja skuli alla Eyjafjarðarbyggðina árið 2030 og gefa út á bók 2033, samkvæmt hefðinni).

Árið 1970 voru ábúendur téður Haukur, kona hans Hildur Sigursteinsdóttir, ásamt þeim Jónatan og Þórunni. Byggingar voru sagðar „gamalt“ íbúðarhús (byggingarárs ekki getið) úr timbri, portbyggt, 204 m³, fjós fyrir 15 nautgripi, fjárhús f. 60 fjár, hesthús fyrir tvö hross og hlaða fyrir um 570 hesta af heyi. Útihús eru sögð að mestu úr timbri og asbesti. Túnstærð er 11,02 hektarar, töðufengur um 460 hestar og kartöfluland 800 m². Þrettán kýr, þrjú geldneyti, 50 fjár og tveir hestar er bústofn Fífilgerðis árið 1970 (sbr. Ármann Dalmannsson, Eggert Davíðsson, Sveinn Jónsson, 1973: 407). Gróðurhús Jóns og Kristjáns virðist ekki með í þessari samtölu bygginga.

Á næstu tveim áratugum sem liðu milli skrásetninga Eyjafjarðarbyggða bar það til tíðinda, að byggt var nýtt íbúðarhús í Fífilgerði. Það var árið 1977 og stendur það um 50 metra norðan gamla hússins. Þá var einnig byggt 707 rúmmetra hlaða og átta árum síðar 16 bása fjós og geldneytapláss. Eru þær byggingar ofan og austan við

Leifsstaðavegin, beint á móti gamla húsinu. Þá er einnig talin upp 65 fermetra garðávaxtageymsla, byggð 1935 (ekki er þó getið um garðávaxtageymslu árið 1970) og geymslur byggðar 1900 (gamla íbúðarhúsið, sem hér er til umfjöllunar) og 1948, áður fjós og vélageymsla byggð árið 1950. Þá er búrekstur 14 kýr og 5 aðrir nautgripir auk kartöfluræktar. Ræktað land er 13,2 hektarar og ábúendur eru þau Haukur og Hildur (sbr. Guðmundur Páll Steindórsson, Jóhannes Sigvaldason, Kristján Sigfússon 1993:1065).

Árið 2010 eru byggingar þær sömu og áður, en fjósið frá 1985 hefur breytt um hlutverk og er orðið að garðávaxtageymslu. Enda var skepnuhaldi lokið í Fífilgerði og búrekstur fólst í kartöflurækt. Ræktað land var, líkt og 20 árum fyrr, 13,2 hektarar og þau Haukur og Hildur enn eigendur og ábúendur Fífilgerðis. Árið 2006 reisti Hörður Edvinsson, sonur Hildar, íbúðarhúsið Fífilgerði II spölkorn neðar í brekkunum, nærri merkjum við Arnarhól (sbr. Guðmundur Páll Steindórsson, Jóhann Ólafur Halldórsson og Valdimar Gunnarsson 2013: 591). Garðávaxtageymslu frá 1935 er þó ekki getið. Kannski er þar um að ræða gróðurhús Jóns og Kristjáns, sem þá hefur mögulega verið orðið ónothæft.

Niðurlag

Gamla íbúðarhúsið er látlaust og snoturt hús, sem ekki lætur mikið yfir sér. Það er í raun framhús á stærri samstæðu bæjarhúsa, sem reist hafa verið á grunni torfbæjar á bæjarhól og hluti skemmtilegrar heildar. Fífilgerði er líklega ekki ósvipað að gerð og eldri hluti gamla hússins á Eyrarlandi. Það er þó ívið stærra hús, enda reist sem frístandandi hús en Fífilgerðishúsið sem nokkurs konar timburstofa við torfbæ. Í bókinni Eyðibýli á Íslandi er húsið sagt í

nokkuð góðu ástandi gluggakarmar, póstar og opnanleg fög til staðar, útidyrhurð í góðu lagi, auk þess vatnslagnir og frárrennsli sé enn til staðar. Múrhúð er þó nokkuð tekin að springa (Axel Kaaber, Bergþóra Góa Kvaran, Birkir Ingibjartsson, Hildur Guðmundsdóttir, Olga Árnadóttir, Sólveig Guðmundsdóttir Beck, Steinunn Eik Egilsdóttir og Þuríður Elísa Harðardóttir. 2012:102). Miðað við það, að ekki hefur verið búið í gamla Fífilgerðishúsinu í tæpa hálfa öld virðist það í nokkuð ástandi enda ekki um eyðibýli að ræða í þeim skilningi, að jörðin er enn í ábúð. Þar sem húsið er byggt fyrir 1923 er það friðað vegna aldurs, en bakbyggingarnar eru miklu yngri, eða frá miðri 20. öld. Saga hússins og umhverfis þess er einnig nokkuð merkileg m.a. vegna frumkvöðlastarfs ábúendanna hér í skógrækt og garðyrkju, á fyrri hluta 20. aldar og tengsla skruðgarðsins sem var, við Lystigarðinn á Akureyri. Það má geta þess, að fyrsta ákvörðun Skógræktarfélags Eyfirðinga (þá Skógræktarfélags Íslands) um friðun skógar, var líkast til samþykkt í þessu húsi: Það var á fundi félagsins þann 30. júlí 1931, að ákveðið var að friða og girða í kringum náttúrulegan, fornan birkiskóg, í Garðsárgili, og fór sá fundur fram hér í Fífilgerði, á heimili formannsins, Jóns Rögnvaldssonar (sbr. Aðalsteinn Svanur Sigfússon 2000:167). Trjálundurinn sunnan hússins er, auk þess að vera prýði í umhverfinu, nokkurs konar minnisvarði, ásamt útveggjum gróðurhússins vestan hússins, um verk þeirra Fífilgerðisbræðra Jóns og Kristjáns.

Myndirnar af Fífilgerði eru teknar 22. júní 2014 (um miðnæturbil á sumarsólstöðum) og 25. júlí 2025.

Heimildir:

- Aðalsteinn Svanur Sigfússon. 2000. „Garðsárreitur“ í Bjarni Guðleifsson (ritstj.) *Ásýnd Eyjafjarðar; Skógar að fornu og nýju*. Bls. 167-169. Akureyri: Skógræktarfélag Eyfirðinga.
- Axel Kaaber, Bergþóra Góa Kvaran, Birkir Ingibjartsson, Hildur Guðmundsdóttir, Olga Árnadóttir, Sólveig Guðmundsdóttir Beck, Steinunn Eik Egilsdóttir og Þuríður Elísa Harðardóttir. 2012. *Eyðibýli á Íslandi. Rannsókn á eyðibýlum og yfirgefnum húsum í Norður- Þingeyjarsýslu, Suður Þingeyjarsýslu og Eyjafjarðarsýslu*. Reykjavík: Eyðibýli – áhugamannafélag.
- Ármann Dalmannsson, Eggert Davíðsson, Sveinn Jónsson. 1973. *Byggðir Eyjafjarðar II*. bindi Akureyri: Búnaðarsamband Eyjafjarðarsveitar.
- Björn Jóhannesson. 1934. *Brunavirðingar húsa í Öngulstaðahreppi*. Handskrifuð minnisbók, varðveitt á Héraðsskjalasafninu á Akureyri (ekki aðgengileg á vef). Hskj.Ak. H12-41.
- Erlingur Davíðsson (Jón Rögnvaldsson). *Aldnir hafa orðið I bindi: Jón Rögnvaldsson*. Bls. 95-121. Akureyri: Skjaldborg.
- Guðmundur Páll Steindórsson, Jóhannes Sigvaldason, Kristján Sigfússon. 1993. *Byggðir Eyjafjarðar 1990*. Akureyri: Búnaðarsamband Eyjafjarðar.
- Guðmundur Páll Steindórsson, Jóhann Ólafur Halldórsson og Valdimar Gunnarsson. 2013. *Byggðir Eyjafjarðar 2010*. Akureyri: Búnaðarsamband Eyjafjarðar.
- Hörður Kristinsson. 1972. Jón Rögnvaldsson fyrrverandi forstöðumaður Lystigarðs Akureyrar (minningargrein) Í *Morgunblaðinu* 219. tbl. 59. árg. 27. sept. Bls. 22.
- Sigurður Sigurðsson. 1903. Fífilgerði. Úttekt 18. júní 1903. Í *Úttektarbók Öngulstaðahrepps 1893-1927* bls. 276-282. Handskrifaðar matsgerðir færðar í bók, varðveittar á Héraðsskjalasafninu á Akureyri Hskj.Ak. H12-12. *Úttektabók Öngulstaðahrepps 1893-1927* by Héraðsskjalasafnið á Akureyri - Issuu
- Sigurður Arnarson. 2025. Jón Rögnvaldsson. Mikilhæfur leiðtogi á sviði skruðgarðyrkju og landgræðslu. Grein á vef Skógræktarfélags Eyfirðinga 18. júní 2025. Sótt 27. ágúst 2025 á slóðina <https://www.kjarnaskogur.is/post/jon-rognvaldsson>
- Stefán Aðalsteinsson. 2019. *Eyfirðingar framan Glerár og Varðgjár*. Akureyri: Sögufélag Eyfirðinga. Bernharð Haraldsson, Birgir Þórðarson, Haukur Ágústsson og Kristján Sigfússon skipuðu ritnefnd og bjuggu til prentunar.

Lítill ferðasaga frá Plum Village

Kristján Baldursson

Plum Village er klaustursamfélag í þremur þorpum í suðvestur Frakklandi ekki langt frá borginni Bordeaux. Það heitir Lover Hamlet, Upper Hamlet og New Hamlet. Lower Hamlet og New Hamlet eru nunnuklaustur en Upper Hamlet er munkaklaustur. Þarna er samankomið eitt stærsta klaustursamfélag í Evrópu. Í öllum þessum þorpum er boðið upp á endurhæfingarnámskeið fyrir almenning um lengri eða skemmri tíma. Þetta er Buddhískt samfélag þar sem áhersla er öll lögð á kærleika, samkennd og núvitund. Stofnandi þessa samfélags er Thich Nhat Hanh, víetnamskur Zen Búdda meistari, friðarsinni og frumkvöðull. Hann gerðist Buddhamunkur aðeins 16 ára gamall. Þegar hið hryllilega stríð geisadi í Vietnam á sjöunda áratugnum skynjaði hann að illt verður ekki sigrað með illu heldur með samkennd, kærleika og skilningi. Hann helgaði allt líf sitt kærleiksríkri fræðslu með áherslu á samkennd, kærleika og núvitund. Hann lét líka mikið til sín taka í friðarhreyfingum. Martin Luther King tilnefndi hann til friðarverðalauna Nobels 1967. Í dag eru samfélög byggð á hans fræðslu víða um heim. Hann ritaði líka mikinn fjölda fræðslurita og bóka auk þess sem hann þýddi buddhísk fræði úr kínversku og víetnömsku.

Flest rita hans eru skrifuð á ensku. Það sem einkennir bækur hans og fræðslu er hvað allt er skýrt og einfalt í framsetningu, allt svo auðskilið og fallett. Rauði þráðurinn er alltaf núvitundin, mikilvægi þess að vera til staðar hér og nú, vera meðvitaður um andardráttinn, meðvitaður um líkama sinn og umhverfi sitt. Ekki minnst meðvitaður um náttúruna móður jörð. Sýna móður jörð kærleika, sýna öllu lífi kærleika og virðingu. Við þurfum að gera okkur grein fyrir að við mannfólkið þiggjum allt frá móður jörð allt okkar líf og að við erum hluti af náttúrunni. Við verðum að skynja fegurðina og sýna þakklæti.

Það var gott að láta minna sig á þessi sannindi.

Það var yndislegt að upplifa heila viku í Plum Village New Hamlet í október síðast liðnum. Endurhæfingavika með blöndu af fræðslu, hvíld og hugleiðsluæfingum bæði sitjandi hugleiðslu og gönguhugleiðslu. Alltaf með áherslu á núvitund (Mindfulness). Auk andlegra íhugana var vinna við garðyrkju, uppskera tómata, blómkál, brokkoli, brasker, chilipipar og fleira. Klippa auka greinar af ávaxtatrjánum og byrgja beðin með heyi fyrir veturinn.

Meðfram öllum stígum eru yndislegir rósarunnar og lavenderrunnar. Ekki má gleyma tjörnum með dásamlegum Lótusblómum. Fagra Lótusblómið er tákn



fyrir buddhisma, það vex upp úr leðju. Í fræðunum segir, að ef engin er leðjan er ekkert lótusblóm og er það þannig táknrænt fyrir andstæðurnar í náttúrunni og í lífinu. Þarna er líka mikill skógur af plómutrjám sem þorpið dregur nafn sitt af. Auk þess alls konar tré, heslihnetutré bambus o. fl.

Tvisvar á dag var gönguhugleiðsla fyrir hádegi, svo líka á kvöldin, þá var gönguhugleiðsla upp á hæð ofan við þorpið meðan rökkrið seig á og tunglskinið tók við. Þá var sest í grasið og hugleitt. Það var mikil upplifun og stemming þegar um 100 manna hópur - því nunnurnar tóku líka þátt - var að hugleiða undir fullu tungli 8. október. Og ekki spillti veðrið, logn og þægilegt hitastig.

Einn er sá siður í Plum Village að klingja bjöllu og alltaf þegar bjalla hljómar hætta allir því sem þeir eru að gera og minna sig á núvitundina og beina athyglinni að andardrættinum og að vera hér og nú í fullri meðvitund.

Fæðið er vegan og að miklu leyti sjálfbært. Grænmeti og ávextir eru ræktaðir af íbúum samfélagsins.

Það er líka mikið sungið, fallegir og uppörvandi söngvar fyrir viðburði. Þetta er einstaklega viðkunnalegt samfélag, allir lögðu sig fram um að vera glaðlegir og brosa hver til annars. Á námskeiðinu voru um 50 manns, um helmingur Frakkar en hinn helmingurinn fólk alls staðar úr heiminum. Meiri hlutinn var konur líklega um 70 %, meirihlutinn var líka ungt fólk en þó fólk á öllum aldri í bland. Ég fann ekki mikið fyrir því að vera elstur eða 80 ára gamall og reyndi eftir bestu getu að taka þátt í flestum viðburðum. Vikan var fljót að líða en skildi mikið eftir sig af góðri reynslu og ógleymanlegum upplifunum.

Frá Hvassafelli til Kína

Við hjónin ferðuðumst yfir 7000 km frá Hvassafelli til Kína. Hvernig enduðum við þar? Jú Tryggvi Harðarson bróðir Guðrúnar stundaði nám þar fyrir um 50 árum og hafði það lengi verið áætlunin að systkinin færu saman að skoða hans fornu slóðir þar. Síðastliðinn október varð loksins að því og fjögur af sjö systkinum mættu, þau Ólafur, Sigrún, Tryggvi og Guðrún, tveir makar, Hjördís og Tryggvi, tvö börn Tryggva bróður, tengdasonur og fjórir æskuvinir, enda ekki seinna vænna, styttist í að við systkinin verðum elliaer og óferðafær. Hópurinn var nefndur „Ferðafélag Tryggva Harðarsonar“. Tryggvi stundaði nám í sögu og kínversku í Beijing frá 1975 til 1979. Enn þann dag í dag talar hann kínversku, á kínverska vini og var því tilvalinn í þetta hlutverk.

Við flugum til Kaupmannahafnar og síðan lentum við í Beijing - eftir átta stunda flug með China Air. Beijing var áður ritað Peking og er hvort tveggja rétt, en vegna hljóðbreytinga breyttist rithátturinn. Flestar þjóðir skrifa nú Beijing eins og Kínverjarnir.

Næsta dag tókum við lest til Xian sem var helsta valdamiðstöð Kína í mörg þúsund ár. Á 9. öld var hún stærsta og ríkasta borg veraldar, en þar var austurendi Silkleiðarinnar. Þar skoðaði Ferðafélag Tryggva Harðarsonar Leirhermannasafnið (Terracotta Army Museum) í Xian. Það er grafhýsi frá 3ju öld fyrir Krist. Grafhýsið er gríðarstórt á miklu landflæmi. Fyrsti keisarin yfir öllu Kína var Qin Shihuang, sem ríkti yfir sameinuðu Kína 221-206 fyrir Krist. Qin lét reisa sér gríðarlegt grafhýsi í Xian. Í grafhýsinu voru mörg þúsund leirhermenn, fótgöngulið, riddaralið, herforingjar, hestar, leikarar, fuglar og margt fleira. Tréþak var á grafhýsinu sem sýndi stjörnuhiminn, en með tímanum eyddist timbrið og allt hvarf í jörð. Bændur sem grófu brunn fundu grafhýsið



fyrir tilviljun 1974. Síðan hafa fornleifafræðingar grafið - og fornir leirhermenn hafa verið gerðir upp. Þrír sýningarskólar hýsa nú þrjá reiti, en margir fleiri eru enn í jörð. Stór bygging hýsir auk þess safn með margvíslegum munum úr uppgreftinum. 700 þúsund manns byggðu grafhýsið á 36 árum. 48 frillur voru grafnar lifandi með Qin keisara (dauðum). Þúsundir verkamanna/þræla hlutu sömu örlög og frillurnar. Þeir áttu ekki að geta kjaftað frá leyndarmálum grafhýsisins. Stórkostleg upplifun og eitt það sem okkur fannst standa upp úr í ferðinni.

Síðan lá leiðin til borgarinnar Chengdu en þar er Risapöndu ræktunarstöð í geysistöðum og fallegum garði. Þar ganga pöndurnar frjálssar um. Þar eru tvær pöndu-tegundir ræktaðar. Svarthvítar risapöndur og rauðar pöndur sem eru miklu minni en afar fallegar. Við vorum heppin með veður þennan dag í pöndugarðinum. Sólarlaust og ekki of heitt sem gerði það að verkum að pöndurnar voru frekar hressar og sátu uppi og nöguðu bambus og voru á röltinu en í miklum hita og sólskini liggja þær bara og sofa.

Við ferðuðumst langar vegalengdir og í mis hraðskreiðum lestum. Sumar óku á 370 km hraða en sú sem



við tókum frá Chengdu til Wuhan var næstum 9 tíma á leiðinni enda aðeins á 200 km hraða. Lestirnar í Kína eru mjög flottar og þægilegar. Það var gaman að sjá landið út um glugga lestanna. En hvorki sáum við búpening né ræktuð tún, eingöngu akra og virtist sem þeim væri skipt upp í litlar einingar. Hver bóndi virðist eiga sinn skíka þar sem þeir rækta bæði maís og rótargrænmeti. Tæknin virðist ekki hafa náð til kínverskra bænda þar sem við sáum ekki betur en þær væru að taka upp með höndunum. Okkur sýndist þeir vera að sá einhverju vetrarkorni og gerðu það með höndunum og svo hrifu til að raka yfir.

Næst var ferðinni heitið til Wuhan. Eftir covid fréttir um árið áttum við von á að Wuhan væri ljót og full af leðurblöku-mörkuðum, en það er nú öðru nær. Wuhan er mjög flott og nýtískuleg borg og engar sáum við leðurblökurnar.

Við fórum í kvöldsiglingu á Yangtze-fljóti í Wuhan þar sem var mikil ljósadýrð og ljómandi skemmtiatriði, söngur og dans.

Frá Wuhan fórum við aftur til Beijing en þá vorum við búin í þessari hringferð að ferðast um 4000 km um Kína.


Þá skoðuðum við Borgina forboðnu í Beijing. Keisariinn Yongle af Ming-ættinni ríkti í Kína 1403-24. Hann flutti höfuðborg ríkisins til Beijing. Í hjarta borgarinnar lét hann byggja Borgina forboðnu. Þar bjó hann ásamt keisaraynjunni, 76 frillum, hirðinni og völdum embættismönnum. Almennungi var bannaður aðgangur. Þarna var stjórnstöð Kínaveldis allt til 1911 þegar keisaraveldið hrundi.

Við fórum á Safn kínverska kommúnistaflokksins og þar sáum við m.a. merkileg ökutæki og gömlu foringjana sem sjá má á myndum.

Ferðafélag Tryggva Harðarsonar fór á Kínamúrinn mikla 16. október 2025 - dálítið norðan við Beijing. Múrinn var fyrst samtengdur eftir að Qin keisari sameinaði Kína á 3ju öld fyrir Krist, sá sem gerði sér Leirhermanna-grafhýsið. Áður höfðu ýmsir smákóngar byggt styttri staðbundna múra. Síðar var Kínamúrinn lengdur og varð á endanum yfir 20 þúsund kílómetrar (þegar allt er talið). Ekki dugði öflugur múrinn alltaf; Mongólar brutust yfir hann á 13. öld - og sömuleiðis Mansjúríu-menn sem felldu Ming keisaraveldið 1644. Kínamúrinn mikli er núna á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna, en einungis lítill hluti hans hefur verið gerður upp.

Eftir að Yongle keisari (1360-1424) flutti höfuðborgina frá Nanjing til Beijing á 15. öld og reisti þar Borgina forboðnu þurfti að byggja ný grafhýsi fyrir keisarana. Ming grafhýsin voru reist 50 kílómetrum norðvestan við Beijing, skammt frá Kínamúrnum mikla. Þar eru 13 af 16 keisurum Ming-ættarinnar grafnir - og eru ennþá í grafhýsum sínum. Grafhýsin eru á 40 ferkílómetra svæði.

Fáein þeirra hafa verið grafinn upp. Elsta og flottasta grafhýsið varðveittir Yongle keisara, keisaraynju hans og 16 frillur. Það hefur aldrei verið rofið. Við gengum Heilaga veginn, skoðuðum eitt grafhýsi djúpt í jörð, kíktum á Turn andanna og fórum á lítið safn.



Svæðið þar sem Ming grafhýsin eru.

Heilagi vegurinn á miðri mynd. Grafhýsin eru vernduð af háum fjöllum á þrjá vegu.

Frá Beijing lá leiðin til höfuðborgar Hebei-héraðs, Shijiazhuang. Borgin er 250 km suðvestan við Beijing og íbúarnir rúmar 9 milljónir. Skoðuðum einkarekið sólarorku fyrirtæki, JA Solar Technology. Kínverjar hafa lagt mikla áherslu á vistvæna orkugjafa síðustu ár. Tryggvi bróðir segir að þegar hann kom síðast til Kína fyrir sjö árum hafi mengunarský legið yfir borgum. Núna sést ekkert slíkt, aðeins heiður himinn. Skoðuðum líka ríkisrekna heilsugæslustöð, þar sem áhersla er lögð á hefðbundnar kínverskar lækningar, m.a. nálastungur og jurtalyf. Le Ran Tang Health Science Park heitir hún. Föstudagskvöldið 17. október 2025 bauð vara-héraðsstjórinn í Hebei-héraði, Zhao Xinhai, Ferðafélagi Tryggva Harðarsonar til kvöldverðar í Shijiazhuang. Aldrei höfum við séð stærra borð og erfitt að halda uppi samræðum við borðfélaga sína.

Baoding er vinabær Hafnarharðar í Kína. Íbúar um 10 milljónir. Það var síðasta borgin sem við fórum til. Á leiðinni þangað skoðuðum við nýja jarðvarmavirkjun, sem er samvinnuverkefni Kínverja og Íslendinga. Í Baoding var matarmenning fjölbreytt, en þar smökkuðum við útgáfu af hamborgurum sem í raun ætti að kalla asnaborgara. Við ætlum nú samt að halda okkur við þessa gömlu góðu úr íslensku nautahakki.

Í Baoding fórum við í bílaverksmiðju þar sem framleiddir eru vistvænar bílar. Kínverjar eru komnir gríðarlega langt í hátækni og hafa lagt mikla áherslu á vistvæna orkugjafa á síðustu árum.

Við flugum svo heim frá Beijing þann 19. október, 9 tíma flug til Stokkhólms og þaðan heim eftir langt og strangt en ævintýrlegt ferðalag.

Nóvember 2025

Guðrún og Tryggvi á Hvassafelli

Fimmtán vetra ofurkýr

í Villingadal.

Viðtal: *Benjamín Baldursson*

Árni Sigurlaugsson og Guðrún Jónsdóttir, bændur í Villingadal, eiga mikinn kostagrip í fjósi. Fréttamaður Eyvindar kom þar við á dögunum og hitti Árna þar sem hann var að mjólka nýborna og bráðefnilega kvígu undan Kláusi 14031, sem er úr hans ræktun. Kvígan stóð eins og klettur þegar hún var mjólkuð og var strax komin í 9 kg í mál á þriðja degi frá burði.

En þá var að snúa sér að aðal erindinu og spjalla við Árna um ofurkúna.

Hvað heitir gripurinn?

„Snotra 273, hún er orðin 15 vetra og það sjást engin ellimörk á henni ennþá. Þetta er afurðamesta kýrin í okkar búskap. Hún hefur flotið á skapinu, verið mjög farsæl og ekkert komið uppá með hana. Allatíð verið frumulág (mikil júgurhreysti) sem er forsendan fyrir þessum háa aldri.“

Er ekki mjög sjaldgæft að kýr nái svo háum aldri?

„Jú, afar sjaldgæft, mig minnir að það séu þrjú mjaltaskeið á kú að meðaltali yfir landið.“

Hvað eru þið með margar kýr?

„Þær eru 20, annað eins af geldneytum og 150 fjár. Þetta er góð blanda, ég geri ekki upp á milli búgreinanna.“

Nú hafið þið heilan dal útaf fyrir ykkur, er það ekki kostur?

„Jú, sérstaklega á vorin. Að vísu erum við heldur seinni en þeir niður frá en ég sé ekkert til þeirra þannig að ég er alltaf rólegur, segir Árni og hlær, „en svo jafnast þetta fljótlega út það er svo langur sólargangur hérna þannig að við náum þeim áður en heyskapur byrjar að nokkru ráði.“

Eru kýrnar hraustar hjá þér?

„Já, þær eru það svona yfirleitt. Það gengur ljómandi vel með þær þessi misserin.“

Border Colly hundurinn Stormur er húsbónda sínum til halds og traust við fjósverkin. Árni segir að hann láti ungfálfa, sem enn eru á mjólk, alveg vera. En þegar þeir eru orðnir eldri byrji hann að aga þá til. Svo eigi hann vinkonu sem hann faðmi alltaf í hverjum fjósti, þó hann geri það ekki eftir pöntun. En hundurinn virtist skilja umræðuna og var til í myndatökur, því hann rölti beint til kýrinnar og stökk með framlappirnar upp á hausinn á henni sem kunni vel að meta atlotin!

Myndir og texti Benjamín Baldursson



Skýrslan sýnir æviafurðir og afkvæmi Snotru 273 í Villingadal



Þurðardags	Kyn	Faðir	Gangur	Stærð	Afdrif	Kálfur
27.07.2024	Kvíga	20014 Hengill	Auðveldur burður-bar sjálf	Meðalkálfur	Settur á	0513
17.03.2023	Kvíga	20017 Banani	Auðveldur burður-bar sjálf	Meðalkálfur	Settur á	0471 Appelsína
17.01.2022	Naut	16008 Bikar	Auðveldur burður-bar sjálf	-	Seldur	0456
16.01.2021	Naut	14008 Hæll	Auðveldur burður-bar sjálf	-	Seldur	0434
13.01.2020	Naut	17031 Búkki	Léttur burður-litil burðarhjál	-	Slátrað	0412
17.10.2018	Kvíga	16007 Álmur	Auðveldur burður-bar sjálf	-	Settur á	0389 Akíra
11.05.2017	Naut	08037 Góí		-	Slátrað	0361
27.02.2016	Naut	13027 Bárður		-	Slátrað	-
13.02.2015	Kvíga	08003 Laufás		-	Settur á	0332 Snúlla
16.02.2014	Kvíga	11061 Öxndal		-	Settur á	0311 Harpa
22.01.2013	Kvíga	10081 Úranus		-	Fæddist dauður	-

Afurðir á mjaltaskeiðum

Númer skeiðs	Mjólk kg	Fita %	Prótein %
11	12961	4.44	3.26
10	12308	4.5	3.36
9	14043	4.48	3.24
8	8533	4.63	3.58
7	10090	4.77	3.19
6	9003	4.43	3.39
5	9265	4.05	3.43
4	7980	3.94	3.33
3	6538	3.55	3.36
2	6288	3.82	3.57
1	5396	4.82	3.31

Afurðir á ársgrundvelli

Ár	Mjólk kg	Fita %	Protein %
2025	7286	4.16	3.38
2024	7325	4.7	3.26
2023	11132	4.52	3.3
2022	13569	4.49	3.23
2021	8533	4.63	3.58
2020	10090	4.77	3.19
2019	6618	4.28	3.41
2018	5145	4.55	3.58
2017	7060	4.03	3.33
2016	7424	3.85	3.27
2015	6538	3.55	3.36
2014	6288	3.82	3.57
2013	5396	4.82	3.31
Samtölur	102404	4.35	3.35

Berjaræktin í Kristnesi

Helgi Þórsson og Beate Stormo

Viðtal: Berglind Kristinsdóttir

Bændurnir í Kristnesi, Helgi Þórsson og Beate Stormo, hafa í mörg ár ræktað og selt mikið af berjum seinni part sumars. Það sem vekur athygli fólks er að þessi ber eru öll ræktað úti, á nokkrum stöðum á jörðinni.

Helstu tegundir þeirra eru:

- Hindber
- Jarðarber (mest yrkið Glíma)
- Hafþyrnisber
- Sólber
- Rífsber
- Stíkilsber (gul, græn og rauð)
- Hlíðaramall (kanadísk aðalber)
- Berjablátöppur (oft kölluð Hunangsber)

Þó þau séu bæði á fullu í þessari berjarækt þá er Helgi meira í grúskinu og í því prufa sig áfram í tilraunum og þörunum. „Bersarunni er til dæmis eitt sem ég hef verið að gera tilraunir með, var notaður upphaflega í N-Ameríku af frumbyggjunum. En Beate á þínu erfitt með það“, segir Helgi og hlær. Beate bætir við „Sko á norsku þýðir “bers” bara skítur, þegar börnin kalla á klósettinu -Bersa- svo ég kalla þessi ber alltaf skítaberin. En berjablátöppurinn er ansi skemmtilegur því berin á honum eru tilbúin í júlí“. Helgi segist halda mest upp á hindber og gerir mikið af hindberjasultu. Jarðarberin eru þau sem þau hafa selt langmest af.

„Hafþyrnisberin eru erfið í tínslu, þú þarft að klippa greinarnar af með berjunum á og frysta, svo hristirðu þau af“, segir Beate. Þessi gulu ber eru sögð stútfull af næringu og andoxunarefnum ásamt því að vera ein af þessum plöntum sem vinna nitur úr loftinu. „Hann þolir næringarsnauðari jarðveg en hin berin. Hafþyrnisberin eru að þroskast fram í október. En það þarf karl og kerlingu hjá honum til að frjóvgun verði og ber myndist“, segir Helgi.

Ræktunaraðferðir þeirra snúast fyrst um það að velja rétta staðinn fyrir berin, sólríka og skjólgóða staði í bland

við annan gróður. „Af því að maður er búinn að vinna svo lengi í skógrækt þá er maður farinn að sjá hvar er hentugast að setja berjarunnana niður. Snarrótarmói er til dæmis gott merki um næringarríkan og hæfilega rakan jarðveg, þar sérðu hindberin breiða úr sér. Yrkjaval skiptir líka máli, því sumarið er svo stutt. Við erum búin að prufa ansi mörg og komin með góða reynslu. Við erum búin að finna nokkur yrki af hindberjum sem hafa verið að koma vel út hérna. Það eru algeng mistök hjá fólki að taka græðlinga af plöntum sem ekkert þroska af berjum, því afkvæmin eru klónar og verða því sama draslið og mamman. Þar sem Beate fædd er í Noregi kom hún með sér reynslu Norðmanna af jarðarberjaræktun. Þau gróðursetja jarðarberin út í beð þar sem sauðataði hefur verið dreift og plasta yfir fyrir gróðursetningu. „Með þessu fáum við berin hrein og svona getur þetta borið ber í 4 til 5 ár“ segir Helgi.

Fuglarnir eru ekki mikið að trufla þau. Beate segir að þeir eigi alveg sinn rétt í sinni tilvist að fá sín ber en



Purrkuð sólber og þeirra uppáhalds sultur; hafþyrnis, hindberja og hrærð jarðarberja.

ef það ber á því að þeir saki stíft í þau þá setur Helgi yfir þau net. „Það þarf að velja rétt þar, því sum net eiga það til að vera fuglaveiði net. Betra að eiga stífari net eða nota akryldúk“, segir Helgi. Hann skráir niður alla uppskeru eins og amma hans gerði í sinni garðrækt í Kristnesi. „Það er varla eitt ber borðað áður en það er skráð“ segir Beate og skýtur á Helga. Helgi segir að þetta henti mjög vel með öðru sem þau fást við heima við. „Uppskeran af jarðarberjunum eru ca góð 100 kg. Fengum núna í ár t.d. 10 kg af hafþyrninum. Þetta voru samtals af öllum berjum einhver 200 kg, aðeins minna í ár“.

Í þessu áhugamáli má gera ráð fyrir því að menn viti hver af öðrum og það er engin undantekning á því hér. „Svo erum við allskonar yrki sem fá nöfn eins og Hröbbuber (rífs) sem við

fengum frá Hrafnhildi í Skógartröð en hún vann lengi í Lystigarðinum. Þetta rífs er blendingur á milli Kirtilsrífs og Hélurífs og eru tilbúin í seinni partinum í júlí, mjög fín í matreiðslu.“ Helgi leggur mikið á sig að búa til ný



yrki sem þola íslenskt sumar, einangrar með hlíf karla og kerlingar blóm og velur svo úr og notar pensil til í svokallaðri stýrðri frjóvgun, búa þannig til nýja kynslóð. Hann safnar svo fræjunum og forsáir þeim í mars. „Þetta er mjög spennandi ræktun, tekur ekki mörg ár að sjá hvort að það leynist ekki einhver gæðingur þarna. Svo erum við nýtt yrki af hafþyrninum hérna frá Finnlandi, Eva heitir hún. Þeir selja gjarnan saman karl og kerlingu þar til að tryggja ræktunina, Eva og Otto eru sjóðheitt par þar“ segir Helgi og glottir. Margt af yrkjunum sem þau hafa prófað koma frá austur Evrópu eða Asíu „það hefur stundum borið á því að þessi sem koma frá Rússlandi eiga það til að fara snemma af stað, óþarflega snemma í einhverjum hlýindakafli“.

Næstu ber sem Helga langar að prufa eru kölluð Vísundaber, sem Indíánar notuðu í Alaska. „Mig langar alltaf í kirsuber“ segir Beate dreymin. „Ég hef fengið eitt kirsuber af trénu hérna“. Helgi nefnir að eitt vandamál kirsuberjaræktarinnar sé að blómbrumin myndist haustið fyrir blómgun og oft sé sumarið of stutt til að mynda fullkomin blómbrum fyrir næsta árs blómgun. Þannig að mörg er búmanns raunin. Einiber vaxa á stöku stað á landareigninni en þau segjast hafa lítið sinnt þeim, það þurfi svo lítið af þeim, séu svo bragðmikil. „Það er kannski meira eitthvað sem við eigum eftir að þróa og leika okkur með“ segir Helgi hugsi.

Helgi á afmæli 22. júlí svo það er oftast haldið upp á það á bænum með jarðaberjaveislu með rjóma og sykri. „Ég myndi ekki segja að það væru aðrar fastar hefðir, en við gerum mikið af sultu. Myndi frekar segja að það væri ákveðin hefð að gera vissa jarðaberjasultu. Hún er það sem myndi kallast hræð ber, brytjuð niður með sykri, 1 kg á móti 300gr og svo bara hræra. Þetta notuð við mikið út á súrmjólk og ís. Í hana nota ég frysepulver sem er mjög algengt í sultugerð í Noregi, sem er í rauninni þykkingarduft fyrir hrásultu, sem sagt ekki soðin“ segir Beate.

„Þessi litla atvinnugrein þeirra er í eðli sínu viðkvæm fyrir frosti og veðrum en ég vil fá að segja það að þessi berjarækt er vel hægt hérna í Eyjafjarðarsveit, þó það sé smá áhætta. Þetta er svo dásamlegt að sækja kýrnar út á túni og geta

teygt sig eftir berjum á leiðinni og fengið eitthvað gott í gogginn“. Helgi bætir við: „Það er eitthvað við það að fá matinn, hálfpartinn nammi, beint úti í náttúrunni. Þetta er svo skemmtileg viðbót við skógræktina, gerir hann ríkari að fá líka matarupplifun, önnur nálgun. En það gladdi mig mjög að sjá fyrstu sjálfsánu berjarunnana í skóginum. Sjá þetta festast í sessi hérna fyrir gesti og gangandi“.

Nokkur vænleg yrki (sortir)

Grasfræðin er full af allskonar skilgreiningum sem gott getur verið að þekkja. Þannig er sólber (*Ribes nigrum*) tegund. Ef við viljum snemmbroska sólber þá biðjum við um sólber af yrkinu *Melalathii*. En ef til vill viljum við Sólber sem þroskast mánuði seinna og þá spyrjum við um yrkið *Storklas*.

Í Kristnesi hafa eftirtalin yrki gefið góða raun eða þykja vænleg.

Hindberjayrki

Gamla Akureyri. Harðgerð þyrnalaus planta með fremur smá ber. Hefur verið í ræktun áratugum saman og þroskar ber snemma.

Jenkka. Þyrnalaus planta með nokkuð væn ber, frá Finnlandi. Hefur reynst dugleg og hefur skilað ágætri uppskeru árum saman. Er seinni en Gamla Akureyrar yrkið.

Vene. Harðgerð norsk sort með vænum berjum, þyrnóttum greinum, harðgerð og snemmbroska.

Gamli Balder. Snemmbroska þyrnótt yrki sem er snemma á ferð. Magnús Óskarson fékk yrkið frá Noregi á sínum tíma, en upprunalega yrkisnafnið glataðist og það var því nefnt upp á nýtt. Er mjög líkt Vene.

Jarðarberjayrki

Af jarðaberja yrkjum sem reynd hafa verið í Kristnesi er það yrkið *Glima* sem skarað hefur fram úr í áratugi. Það er um nú um helmingur jarðaberjaræktarinnar á móti mörgum öðrum yrkjum. Hefur reynst einstaklega snemmbroska og áreiðanlegt. Fyrstu berin koma um 20 júlí og uppskeran stendur í um það bil mánuð.



Opið bréf til Ölmu heilbrigðisráðherra

frá Gísla Sigurgeirssyni

Heil og sæl Alma Möller, heilbrigðisráðherra.

Til hamingju með ráðherratignina, sem ég held að þú sért vel að komin og eigir eftir að láta verulega til þín taka í því embætti, rétt eins og þú gerðir sem landlæknir. Enda ertu Siglfirðingur og af Möllerum komin. Það er mikils að vænta af slíkri blöndu. Þar að auki áttu ættir í Fnjóskadal, þar sem ættir okkar tengjast saman í Helga Grímssyni og Björgu Andrésdóttur, sem bjuggu um tíma á Þórðarstöðum, en síðar á Draflastöðum.

Þar að auki ertu vel gift Alma. Það veit ég því ég kynntist bónda þínum, Torfa Jónassyni, hjartalækni, á Sjúkrahúsinu á Akureyri á dögunum. Það var mikill fengur að fá hann hingað norður og vonandi stýttist í að þú komir líka. Torfi hefur komið sér fyrir á Staðarbyggðinni í bústað sem María Sigurðardóttir, móðir hans byggði á sínum tíma, í skjóli vina minna á Höskuldstöðum, Sigga Snæbjarnar og Rósu Árnadóttur. Þau eru að vísu bæði gengin, en ég veit þau vaka yfir velferð Torfa. Þau voru þannig hugsandi fólk; höfðu manngæsku að leiðarljósi. María var frá Reyðarfirði ættuð, komin af Mörthu Maríu og Pétri Malmquist, sem komu til Seyðisfjarðar á átjándu öld, þar sem Pétur starfaði sem beykir. Þarna koma ættir okkar Torfa saman, því Jóhanna langa-langa-langamma mín var dóttir beykishjónanna.

Ég er ekki frá því að Torfi hafi vilja til að byggja meira á Staðarbyggðinni og jafnvel koma upp vísi að búi, enda er hann af Strandamönnum kominn. Þú náðir ekki að kynnast föður hans, Jónasi Oddssyni, sem var um árabíl

heimilislæknir á Akureyri og naut mikilla vinsælda. Foreldrar hans bjuggu á Ströndum, en fluttu til Eyjafjarðar með stóran barnahóp og settust að á Glerá við Akureyri. Jónas varð bráðkvaddur á heimili sínu í júlí 1971. Við frétt af andláti hans setti bæjarbúa hljóða, því Jónas var glaðsinna, virtur og dáður af þeim sem höfðu kynnst honum. Kveðja frá fermingarsystkinum hans lýsir því vel;

*Hér einn er kvaddur askubróðir
er öllum var svo hjartaker.
Þú lagðir út á líknarslóðir
nú laugast tárur okkar bær.
Þú græddir vinur margra mein
þín minning lifir björt og hrein.*

Mest var áfallið fyrir Maríu og börnin þeirra. Þá hefur Torfi bóndi þinn verið á tíunda ári. Ég er ekki frá því, að föðurmissirinn hafi leitt til þess, að hann ákvað að verða læknir og sérhæfa sig í hjartalækningum. Þegar Jónas kvaddi var nefnilega nánast ekkert gert til að skima fyrir hjartameinum meðal landsmanna með skipulögðum hætti. Sem betur fer hefur þarna orðið breyting á. Þökk sé hjartavernd, hjartalæknum og því öflugum liði sem með þeim starfar.

Ömmu minni sálugu þótti alltaf gaman að fá sendibréf, einkum frá sínu fólki, því hún hafði áhuga á að fylgjast með hvernig þeim gengi að fóta sig í lífinu. En hún kunni líka að taka þeim bréfum með jafnaðargeði, sem höfðu





váleg tíðindi að færa. Og hún var ekki að erfa það við vini sína eða afkomendur, þótt það liðu mánuðir og jafnvel ár þar til þeir svöruðu bréfum hennar. -Það er þá ekki á meðan að nauða í mér fólkið mitt um sokkaplökk, vettlinga eða annað þrjónles, því barnið vex en brókin ekki, eins og þar stendur, sagði sú gamla snöfurlega.

Það er eins með mig, ömmustráksnefnuna, að ég hef óskaplega gaman af því að fá bréf, jafnvel þótt þau færi engin gleðitíðindi. Þess vegna sendi ég stundum bréf til góðra manna, en kippi mér ekki upp við það þótt þeir svari mér ekki fyrr en eftir mánuði eða jafnvel ár. Í sumum tilvikum er mér jafnvel nokk sama þótt þeir svari mér aldrei! Ég hugsa eins og amma mín sáluga; ég fæ þó ekki neikvætt svar á meðan. En ég áráddi Alma, að senda þér hér opið bréf til að viðra málefni sem er mér hugleikið í ellinni. Ég er víst kominn langt á síðustu metrana er mér sagt, þó ég finni lítið til þess sjálfur. Ég hef þó þurft á heilbrigðisþjónustunni að halda af og til eins og gengur.

Ég fékk harða skelli fyrir nokkrum árum, þann versta af völdum covid-flensunnar, sem þú hefur víst haft pata af, heillin. Þá var ég kominn allt að „Gullna-hliðinu“ til Péturs. En það varð mér til lífs, að hann vildi ekkert með mig hafa blessaður. Þegar ég bankaði upp á stóð heyskapur sem hæst hjá þeim í efra og Pétur sagði víst, samkvæmt syndaregistrinu, að ég væri handónýtur við slátt og heypurrkun. Þar af leiðandi hefði hann ekkert með mig að gera og skelli á nefið á mér.

Nú læknar mínir, en meðal þeirra var áður nefndur Torfi Fjalar, ráðlögðu mér að reyna að komast í endurhæfingu. En það reyndist nú þrautin þung. Ég þurfti í hjartaadgerð upp úr aldamótunum og eftir það komst ég í endurhæfingu á Reykjalundi. Það var stór hluti af lækningunni þegar upp var staðið. Þar var staðið faglega að hlutunum, þrek mitt var mælt í upphafi og meðferðin skipulögð í samræmi við það. Ég fékk fjórar vikur og eftir

það varð ég allur annar maður. Ég þekkti mig varla fyrir sama mann, eins og Frissi vinur minn í Skóghlíð sagði um merina sína, eftir að hann hafði sundriðið henni yfir Lagarfljót! Nú, í lokin var orkan í mér mæld aftur og doktorarnir voru ánægðir með mig. Það kom í ljós að ég hafði bætt mig um líðlega 30% og doktorarnir hældu mér í hástert. Sögðu þeir þetta jafnvel Reykjalundsme! Það er alltaf gott að fá klapp á bakið og ég ljómaði eins og nýuppgerður gítarlampi þegar ég gekk út. En ef til vill segja þeir það sama við alla, vitandi að hólið getur verið punkturinn á eftir lækningunni.

Með þessa reynslu í huga áráddi ég að að senda þáverandi framkvæmdastjóra lækninga á Reykjalundi, Stefáni Yngvasyni, bréf og biðja um endurtekna meðferð.

Ég beið í ár og sendi þá ítrekun. Ég lifði í voninni á meðan ekkert svar barst. Heimilislæknirinn minn sendi einnig tilvísun, líka þeirri sem Jón Þór Sverrisson, hjartalæknir, hafði sent löngu áður. En loks kom bréf frá Reykjalundi, svar við nöldri mínu og lækna. Það kom með haustskipinu. Ég opnaði það með titrandi hendi, vongóður, þar sem ég þekkti Stefán af snotru hjartalagi og aumingjagæsku. Þar að auki taldi ég víst, að vænta mætti í svarinu velvilja gagnvart orkurýru gamalmenni, þar sem það hafði tekið nær tvö ár að komast að niðurstöðunni og skrifa svarið, sem var svohljóðandi:

Reykjalundur, 24.8.2023

Reykjalundi hefur borist beiðni um endurhæfingarmedferð á Reykjalundi dags. 29.7.2022

Árlega berast mun fleiri beiðnir en hægt er að anna.

Okkur þykir leitt að ekki reyndist unnt að verða við beiðninni.

F.h. Reykjalundar


Stefán Yngvason, framkvæmdastjóri lækninga

Já, Alma mín, mér var hafnað. Það gleður mig þó vegna þess landa míns, sem vísast hefur komist að á minn kostnað. Vonandi komst hann til heilsu. En mér leið óneitanlega illa eftir lestur bréfsins, rétt eins og þegar ég fékk svarbréf frá meintri kærustu minni forðum. Ég hafði skrifað henni biðilsbréf ungur að árum. Bréfið fór með vorskipinu frá Eyjafirði, en hún tók sér langan tíma til umhugsunar. Loks kom svarið með haustskipinu tveimur árum síðar. Hún hafnaði mér, sagði mig of háan til hnésins. Já, ég er hátt í 2 metrar. Hún sagðist sjálf vera stutt í báða enda, þannig að það yrði erfitt að kyssa mig standandi! Ég jafnaði mig og náði í aðra kærustu, enda ungur þá. En nú passaði ég mig á að hafa hana hávaxna og í heimatúni, þannig að bréfaskriftir voru óþarfar. Það gæti hins vegar orðið mér erfitt, að finna annan Reykjalund, kominn á efri ár.

En ég fór að velta því fyrir mér hvers vegna ég hlaut ekki náðina. Ætli það sé vegna að ég hef kosið Sjálfstæðisflokkinn, en einnig Framsókn, Alþýðuflokkinn og Vinstri græna. Ætli það sé vegna þess að ég er bróðir í Oddfellow, pottverji í sundlaugum og náfrændi og aðdáandi skáldsins Páls Ólafssonar? „Hrykki ekki að hýða þig, Hallormsstaðaskógur“, orti hann eitt sinn þegar hann lenti í mótlæti. Datt þessi myndræna samlíking í hug, þegar ég las bréfið frá Stefáni. Frændi okkar Páls þótti svara seint, en hann svaraði þó alltaf, ekki seinna en daginn eftir að hann var spurður. Það tók hann ekki 14 mánuði, eins og gerist á Reykjalundi. Nei, þetta er of langsótt. Sennilega hefur Stefán bara verið að hreinsa borðið sitt, því hann var að hætta störfum á Reykjalundi.

Hjartað mitt hefur verið brokkgengt, sem veldur því að orkan í mér er svipuð og í gömlum Willys, sem einhver prakkari hefur fíktað í og ruglað kertaleiðslum. Hann fer í gang, en er þungur upp brekkurnar. Fyrir vikið hef ég í leti minni lítið hreyft mig og safnað aukakílóum. Reyndar afsaka ég letina með þeim orðum, að ég veigri mér við átökum vegna þess ég veit að hjartað fer úr takti við álag og gæti jafnvel gefist endanlega upp á að dæla um mig blóðinu. Það vil ég nú síður! Og ég má ekki vera að því að deyja alveg strax. Á svo mikið ógert. Á eftir að taka til í geymslunni, mála gluggana að utan og gera við leka á pakinu.

Það sem ekki er lélegt, það er ónýtt, svaraði gjarnan góður vinur minn, þegar ég spurði hann um heilsuna. Það liggur við að ég geti sagt það sama, þótt ég reyni að væla ekki, en þessi vinur minn er farinn í Sumarlandið. Ég er óneitanlega ríflega hálfátræður og margt er úr sér gengið eftir langa notkun. Það er ef til vill skýringin á höfnun Reykjalundar. Einn vinur minn fór í erfiða hjartaaðgerð og leitað var eftir rými fyrir hann á Reykjalundi. Hann er nokkrum árum eldri en ég og hann fékk það svar, að hann væri of gamall til að fá vist á Reykjalundi. Þegar bílar eru gamlir, ryðgaðir og slitnir er ekki talið svara kostnaði að



Bréfitari sigursæll eftir að Lykla-Pétur vísaði honum frá „Gullna hliðinu“ með þeim orðum, að Gísli væri ónýtur við slátt og heyskap, sem stóð yfir í efra.

lappa upp á þá. Þá fara þeir í brotajárn. En oft leynist mikið eftir í gömlum bílum ef þeim er klappað aðeins. -Öxin og jörðin geyma þá best, var einhverju sinni sagt einhversstaðar við einhvern út af einhverju. Já, það svarar ef til vill ekki kostnaði að koma mér til heilsu. Aldurinn er líklega lykillinn að synjuninni. Ég frétti nefnilega af kunningja mínum, sem komst í meðferð á Reykjalundi á meðan ég beið eftir svarinu þaðan. En hann var líka tæplega fertugur og mikið eftir í honum enn. Ég er gamalmenni og skapa þjóðfélaginu ekki mikil verðmæti úr þessu. En heilsubót mín gæti hins vegar sparað samfélaginu ófár krónur, ef ég fækkaði læknaheimsóknum, minnkaði lyfjaát og kæmist hjá sjúkrahúsvist. Þetta á raunar við um flesta samborgara mína á svipuðu reki. Þar að auki mætti nota okkur gamlingjana meira og lengur en gert er, ef okkur væri haldið betur við. Ónefndur vinur minn bjó lengi með aldraðri móður sinni, sem sá um heimilið, matargerð, þvotta, sláturgerð og annað slíkt. Sveitungar hans höfðu um það orð, að hann yrði nú að fara að ná sér í konu, því gamla konan væri orðin þreytt og slitin. - Hún mamma, nei, það er sko mikið eftir í henni enn, svaraði vinur minn að bragði. Og það voru orð að sönnu, því sú gamla þjónaði honum í áratugi eftir þetta. Og hann er ógiftur enn.

Ég vona að þú fyrirgefir mér þetta pár, Alma mín, en mig undrar hvað heilbrigðiskerfið okkar er seinvirkt. Það er oft áráðið eftir mikilvægri þjónustu og sumir komast ekki að fyrr en þeir eru komnir undir græna torfu. Svo er oft eins og einn angi þjónustunnar viti ekki hvað annar er að gera, þrátt fyrir alla skrifinnnskuna. Það kostar vissulega helling að bæta úr þessu, en það kostar mun meira að hafa stóran hóp landa okkar óvinnufæra löngum stundum, með tilheyrandi hjúkrunar- og lyfjakostnaði. Þar að auki er oft um að ræða fólk á besta aldri, sem er fyrir vikið frá vinnu, skapar ekki verðmæti, en fær laun vegna sjúkraréttar sem það hefur unnið fyrir. Fjarvera þeirra kostar samfélagið sitt.

Það var mér til láns í mínum breyskleika, að vinir mínir á Kristnesi voru tilbúnir til að gefa mér rými og tíma. Þar var ekki í kot vísað, enda eingöngu konur sem sáu þar um að styrkja mig og styðja. Staðurinn er kjörinn fyrir endurhæfingarstöð, en það vantar talsvert upp á að starfsfólki og sjúklingum sé boðið upp á sambærilega aðstöðu og er á Reykjalundi. Úr því má bæta, já, ég veit að það kostar sitt. En ég veit líka að þeir peningar skila sér margfalt aftur í ríkiskassann með lægri kostnaði við lækna, lyf og sjúkrahússinnlagnir fyrir þá sem endurhæfingar njóta.

Þessi saga styrkir þá kenningu mína, að það þyrfti að byggja upp „Reykjalundi“ í hverjum landshluta. Það væri þjóðhagslega hagkvæmt. Ég skora því á þig Alma, að beita þér fyrir því að ráðist verði í að undirbúa það verkefni ekki seinna en strax. Byrjaðu á Kristnesspítala, sem var byggður á undraskömmum tíma í neyð vegna berklaveikinnar. Það ætti því ekki að þurfa að taka nema árið, að endurbyggja Kristnesspítala fyrir markvissa endurhæfingu eins og hún gerist best.

Ég veit af hlýju hjartalagi þínu til þeirra sem þurfa stuðning. Ég hef kynnst af eigin reynslu ómældra hæfileika og kunnáttu starfsfólks í heilbrigðisgeiranum til að koma ungum sem öldnum til starfa með betri heilsu. Við þurfum að nýta krafta þeirra betur með bættri vinnuaðstöðu.

Með hlýjum óskum frá gamla hróinu; sem á svo mikið eftir ógert og ólært.

Gísli Sigurgeirsson.

P.S. Skilaðu kærri kveðju til bónda þíns á Staðarbyggðinni.



Vorferð Félags eldri borgara í Eyjafjarðarsveit 2025

um Vestfirði

Á haustdögum 2024 fór ferðanefnd FEBE að huga að ferð félagsins vorið 2025. Fyrir valinu urðu sunnanverðir Vestfirðir, þ.e. firðir norðurstrandar Breiðafjarðar og Barðaströndin, Patreksfjörður, Tálknafjörður og Arnarfjörður. Fyrsta verkefnið var að finna góðan náttstað og ferðast út frá honum. Fosshótel Vestfirðir á Patreksfirði þótti henta vel. Þá er nær dró ferðinni var farið að huga að stöðum sem gaman væri að heimsækja og eitthvað fengist gott að borða, og góðu leiðsögufólki. 25 félagar mættu í ferðina.

Ferðin var dagana 27. – 30. maí og var lagt af stað frá Hrafnagilsskóla að morgni 27. með rútu frá SBA undir stjórn Jóhanns Austfjörð sem hefur ekið í þessum ferðum mjög lengi við góðan orðstír. Þar sem leiðin lá í vesturátt var að venju stoppað í Varmahlíð til að teygja úr sér og sinna öðrum þörfum. Hvammstangi var næsti áningarstaður og þar var súpa snædd á stað sem heitir Sjávarborg, og síðan var selasetur skoðað og litið inn í verslanirnar Hlín og Bardúsu. Var svo ekið sem leið liggur vestur yfir Laxárdalsheiði til Búðardals og aðeins rétt úr helstu skönkum og í Króksfjarðarnesi voru gerð góð skil kaffi og vöfflum sem kvenfélagskonur staðarins reiddu fram. Nú vorum við komin á slóðir þar sem einn ferðafélaginn var kominn á kunnar slóðir og þekkti alla hóla, hæðir, fjöll og fólk fyrr og síðar og gat sagt frá þessu öllu, var þetta enginn annar en Ísleifur Ingimarsson í Álfabrekku en uppeldisstöðvar hans eru á Bíldudal eins og sjómenn segja. Hinn frægi Teigsskógur varð í veginum og þótti lítið til hans koma sem er ekkert annað en frekar lágvaxið og gisið kjarr og hæstu tréin sem voru fá, náðu aðeins þriggja til fjöggra metra hæð. Sláttur var byrjaður á einum bæ á Barðaströndinni. Heilsað var upp á karlinn á Kleifaheiðinni og tekin hópmynd. Er komið var á hótelið var hópnum raðað til skráningar á herbergi og gengið til kvöldverðar, og eftir það var gott að leggjast á koddann eftir góðan dag í góðu veðri.

Eftir góðan nætursvefn og morgunverð var haldið að Látrabjargi og á þeirri leið er mikið og gott safn á Hnjóti í Örlygshöfn og var það skoðað. Þar kenndi margra grasa sem gaman var að skoða svo sem sperruleggur sem er rif úr hval og var notaður í sperrur húsa, og margt fleira áhugavert. Einnig er á þessari leið Breiðavík þar sem var meðferðarheimili fyrir drengi á sínum tíma en er nú ferðapjónustustaður með gistingu og matsölu rekinn af Birnu Mjöll Atladóttur. Þarna var snæddur hádegisverður. Kirkja er á Breiðuvík og var hún skoðuð og er ástand hennar frekar nóturlegt, rakaskemmdir og fuggulykt er



Sveinbjörg Helgadóttir

inn var komið og altarisdukur rakur viðkomu. Það vantar fjármagn til að hressa upp á hana en viljinn er fyrir hendi. Er að Látrabjargi kom þurfti að ganga dálítinn spöl upp á við til að líta fuglalífið í bjarginu augum og vakti athygli hvernig fuglarnir röðuðu sér efst og neðar eftir tegundum og á leiðinni eru skilti með fróðlegum upplýsingum um fuglana. Þá var snúið til Patreksfjarðar aftur og eldri borgarar þar heimsóttir og húsakynni þeirra skoðuð og forvitnast um félagsstarfið sem þau stunda árið um kring, og átt gott spjall yfir kaffibolla. Félagið nær yfir þrjá staði: Patreksfjörð, Tálknafjörð og Bíldudal og gengur vel. Næst var farið á hótelið í smá hvíld áður en haldið var í Stúkuhúsið til kvöldverðar. Að máltíð lokinni var haldið heim á hótél sumir í rútu og aðrir gangandi. Briddsfólk tók í spil, sumir spjölluðu og aðrir gengu til náða. Ísleifur brást ekki í leiðsögninni þennan daginn og sagði frá því sem fyrir bar. Veðrið var mjög gott með sólarglætum og smá skúrum þar á milli.

Árla þriðja dags vöknudur nokkrir sundgarpar og ætluðu í sund sér til heilsubótar og örkuðu til sundlaugar en komu að læstum dyrum vegna þess að ekki er opnað svo snemma á Uppstigningardag svo þannig fór um sundferð þá. Að morgunverði loknum lá leið okkar til Bíldudals á uppeldisstöðvar Ísleifs, að einum undanskildum sem veiktist um nóttina og varð eftir á hótelinu. Jörundur Garðarsson tók á móti liðinu á Bíldudal og var með í för þennan dag til leiðsagnar ásamt

Ísleifi. Keyrt var um bæinn, kirkjan skoðuð og þóttu gluggaskreytingar hennar áhugaverðar sem eru þannig tilkomnar að nemendur skólans ásamt kennara sínum máluðu myndir á plast og skreyttu gluggana um jól og hafa þær ekki verið teknar niður síðan. Skrímslasafnið var skoðað og kalkþörungavinnslan undir leiðsögn yfirmanns vinnslunnar og var þarna mikill fróðleikur meðtekinn.

Á Bíldudal er vinnsla sem heitir Hafkalk í eigu Jörundar sem framleiðir bætiefni sem heitir Hafkalk og fæst í verslunum víða um land og hráefnið er fengið frá kalkþörungavinnslunni, og var þessi vinnsla einnig skoðuð. Hádegisverður var á stað sem heitir Vegamót. Þá lá leiðin til Hrafnseyrar, fæðingarstaðar Jóns Sigurðssonar og sögðu Jörundur og Ísleifur frá því helsta sem fyrir augu bar. Staðarhaldarinn Margrét Hrönn Hallmundsdóttir tók á móti hópnum og sagði frá fornleifauppgreiftri og gangafundi, sýndi gamlan bæ og kirkjuna og leysti alla út með bókinni *Ævisaga Jóns Sigurðssonar* í hnotskurn eftir Hallgrím Sveinsson. Fengum kaffi og vöffur. Í bakaleiðinni var komið við hjá hinum tignarlega fossi Dynjanda og tekin hópmynd. Jörundi var skilað til síns heima og haldið á Tálknafjörð í kvöldverð á stað sem heitir Hópið. Á hótelið var haldið eftir góða máltíð, sjúklings vitjað og gengið til náða. Eins og fyrri dagana var veðrið dásamlegt og gekk á með skúrum af og til.

Á fjórða degi fóru nokkrir árrisulir í sund um morguninn, sjúklingurinn var skárri, og eftir morgunverð skráðu allir sig út af hótelinu og var lagt af stað heim á leið með fyrsta stoppi í Flókalundi og hádegisverði, en það var töluverð stund í hádegðið er þangað kom og var þá nágrennið skoðað svo sem fagurt gil með fögrum gróðri og jarðlögum og eftir því rennur áin Penna. Að snæðingi loknum var lagt af stað á næsta áningarstað sem var Reykhólar og á leiðinni sást til bátanna sem voru að slá þarann í þörungavinnsluna. Þarna var skoðuð báta- og hlunnindasýning undir leiðsögn Hafliða Aðalsteinssonar og Birnu Erlingsdóttur. Hafliði gerir upp gamla báta sem þjónað hafa sínu og var fróðlegt að hlýða á hans frásagnir þar að lútandi. Sumir versluðu sér salt sem er unnið á staðnum. Í Búðardal var skoðuð sýningin Vínlandsferð Guðríðar Þorbjarnardóttur með leiðsögn í gegnum



Niels Helgason og Sveinbjörg Helgadóttir.

heyrnartól og var það skemmtilegt ferðalag. Haldið var á Blönduós í kvöldverð á stað sem heitir Sýslumaðurinn og er í eldra hverfi bæjarins. Áður en farið var í kvöldverðinn var stoppað á N1 og horft á lokamínútur í landsleik Íslands og Noregs í kvennakkattspyrnu sem endaði 1:1 og skoruðu Íslendingar bæði mörkin. Frá Blönduósi var ekið í einum áfanga á heimaslóðir í sólskinu og góðum rigningardembum en fyrr um daginn hafði verið skin og skúrir. Er til Skagafjarðar kom birtust ægífagrir og skærir regnbogar sem allir þurftu að fanga á síma sína. Mikil ánægja var með ferð þessa þótt við heimkomuna lentu nokkrir í miður ánægjulegu sem stóð í einn til tvo daga.

Fyrir hönd ferðanefndar, *Sveinbjörg Helgadóttir*

Bréf frá Séra Benjamín

Í vetur sem leið, lést Björn Björnsson frá Syðra-Laugalandi. Hann safnaði sendibréfum og alls konar öðru dóti. Dætur Björns grófflokkuðu myndir og skjöl og það sem tilheyrði Eyjafirði fór þangað. Ég fékk Eyfirska kassann og í honum voru ljósmyndir og sendibréf, dagbækur og fleira. Ég rakst á sendibréf sem Benjamín Kristjánsson hafði sent Birni afa mínum. Þá bjó Benjamín í Reykjavík. Björn afi og Benjamín voru skyldir í 4 og 5 lið. Síra Gunnar Benediktsson var skipaður prestur í Grundarþingi árið 1921, hann lét af prestsstörfum 1931. Gunnar fór fram á að bændur gengust í ábyrgðir fyrir sig. Þá var hann að

húsa upp Saurbæ. Björn afi ásamt mörgum öðrum gekk í ábyrgð sem svo féll á þá. Afí var þá skuldugur eftir að hafa byggt fjárhús og fjós. Ríkið tók Syðra-Laugaland upp í skuldir og það var ákveðið að gera Syðra-Laugaland að prestssetri.

Benjamín Kristjánsson sótti um embættið og fékk. Hann bauð Birni afa að hafa kjallarann og loftið, Benjamín bjó á miðhæðinni. „Svo hagar þú búskapnum eins og þér hentar, ég hef ekki vit á búskap,“ sagði séra Benjamín.

Logi Óttarsson

Glaðheimum 18, Reykjavík 18. nóv. 1970

Kæri vinur, Björn.

Þetta eru bara fáar línur til að þakka þér og ykkur hjónum hlýjar kveðjur, sem mér bárust frá ykkur meðan ég lá á sjúkrahúsi nýlega. Reyndar er mér bæði bannað að lesa og skrifa í svipinn, enda finnst mér ég vera óttalegur amlóði til þeirra hluta í bráðina og alveg þollaus og hefði sennilega gott af að hvíla mig svolítið frá því í bili.

Það uppgötvaðist allt í einu, að blóðþrýstingurinn var orðinn ofhár og því fylgdi svimi og afleitur höfuðverkur, sem læknar töldu að stafaði af ofþreytu, sem reyndar er nú fremur lygilegt um mann, sem aldrei hefur unnið ærlegt handarvik um sína daga.

Jæja. Ég var drifinn á sæluhús heilags Jósefs í Landakoti og fenginn í umsjá nokkrum nunnum, sem önnuðust mig af mikilli þrýði eins og væri ég ungbarn. Ekki var ég búinn að liggja þar lengi, þegar fluttur var inn gamall sjósóknari af Vestfjörðum, sem hafði átt seinast fiskþökkunarhús, stöndugur karl og víkingur mikill. Var hann líkt og ég með allt of háan blóðþrýsting og gafskarpar fyrirskipanir um fiskinn. Sagði hann mér seinna, að hann hefði verið farinn að ruglast svo í kollinum, að hann hefði farið um miðja nótt fram á snyrtingu og skrúfað frá öllum krönum og þar hefði hann fundist liggjandi í vatni á gólfinu, nóttina sem hann var lagður inn. Nú fer karl að skera hrúta og var það heldur ömurleg sönglist að næturfeli að fylgjast með hryglu og dauðateygjum hrútanna út í ystu ásar. Loks sofnaði ég en vaknaði við það snemma um morguninn, að karlinn er að kveina með sífrandi gamalmennis raust: Ég get ekki pissað, ég get ekki pissað. Kemur þá nunnan Angela og segir „Hvernig liður þér Grímsa mín.“ En karlinn hét Steingrímur og var stundum kallaður Grímsi. Svaraði nunnan sjálfri sér og segir: „Ekki gott.“ En Grímsi var heyrnardaufur og fannst hún segja að þetta væri gott og varð við það fokvondur:


„Hvað segir þú, að þetta sé gott? Nei, ég skal segja þér kelli mín, að þetta er alls ekki gott. Það er bara helvítis nið, og las nú miklar bölbænir um stund, svo að nunnan Angela (sem útleggst engill) bliknaði og roðnaði til skiptis og krossaði sig bæði á bak og brjóst yfir því hvílikir ruddar þessir Íslendingar væru. Svo heyrði ég að hún segir:

„Nú skal ég koma með þvaglegginn“ sem var einhver tilfæring til að hjálpa honum að losna við þvag. En í því að hún fer að bauka við karlinn heyri ég að hvín í honum: „Mikið helvíti. Aldrei hélt ég að það myndi koma fyrir mig að geta ekki migið hjálparlaust og mundu þeir Gunnar á Hlíðarenda og Grettir sterki aldrei hafa látið slikt um sig spyrjast.“ Brátt fór þó að batna samkomulagið við nunnurnar og fór svo að lokum að karl var farinn að elska þær mikið, en þær höfðu af honum gaman í laumi þó hann blótaði mikið. Þá var nunnan Angela farin að svara honum hlējandi: „Fjandurinn hjálpar þér nú ekki við þetta, góðurinn“

Ég var nú þarna í þrjár vikur, og varð dauðfeginn, þegar ég loks fékk að koma heim til mín fyrir viku síðan enda liður mér miklu betur hér, þó að þeir segðu konunni að passa að ég sækti ekki of mikið að skrúddunum og ritvélinni, en huggun er þó að sjá þetta í kringum um sig, enda þótt lítið geti ég unnið enn þá.

Jónína biður kærlega að heilsa þér og bæði biðjum við að heilsa Emmu og þínu fólki.

Fyrirgefðu ónýtt bréf þetta var bara til að gefa hljóð frá sér og sýna þér að enn er ég nokkurn veginn með fullu viti. Vertu alltaf blessaður, með þökk fyrir allt gamalt og gott. Þinn einlægur.



Helgihald á jólum í Eyjafjarðarsveit

Aðfangadagur jóla 24. desember - aftansöngur í Grundarkirkju kl. 22:00



Jóladagur 25. desember - hátíðarmessa í Kaupangskirkju kl. 13:30

Annar dagur jóla - hátíðarmessa í Munkaþveráarkirkju kl. 13:00



Fermingarbörn í Eyjafjarðarsveit 2025

Möðruvallakirkja skírdag 17. apríl

Halldór Ingi Guðmundsson, Hríshóli

Óskar Þrymur Bóas Þórólfsson, Steinhólum

Grundarkirkja hvítasunnudag 8. júní

Birgir Hrannar Helgason, Brúnahlíð 2

Bjarni Egill Sigtryggsson, Þormóðsstöðum

Björgvin Freyr Snorrason, Sunnutröð 2

Einar Breki Jónsson, Sunnutröð 8

Elvar Logi Sverrisson, Bakkatröð 9

Garðar Þór Hjartarson, Meltröð 4

Iðunn Jónsdóttir, Hrafnagili

Ísak Ari Aronsson, Bakkatröð 34

Ísey Nanna Valgeirsdóttir Krüger, Bakkatröð 36

Katrín Dögg Kristjánsdóttir, Bakkatröð 32

Kristján Atli Valsson, Hólshús II

Marínó Breki Logason, Kotru 15

Ragnheiður Birta Dýradóttir, Hjallatröð 5

Rakel Sara Reynisdóttir, Meltröð 4

Viktor Arnbro Þórhallsson, Ysta-Gerði

Ylva Ísadóra Erwinsdóttir Van de Werve, Leifsstaðabrúnum 5

Þórunn Helga Gísladóttir, Hlíðarfelli

Ævar Þór Kristbjargarson, Syðri-Tjörnum

Birtusellur í Garði

Viðtal: *Benjamín Baldursson*

Á síðastliðnu vori réðust Garðsbændur í það verkefni að setja svokallaðar birtusellur á hlöðuþak við eldra fjósið. Þeir sömdu við fyrirtækið Alor, sem er í eigu Valgeirs Þorvaldssonar á Vatni og dóttur hans Lindu Fanneyjar, um að koma þessu fyrir á þakinu.

Tíðindamaður Eyvindar hitti þá Garðsfeðga, Aðalstein og Magnús, sunnudags síðdegis í nóvember og spurði fréttu af verkefninu.

Hvernig gengur með birtusellurnar?

Aðalsteinn varð fyrir svörum.

Bara vel, þær eru alveg að standa undir væntingum hvað varðar rafmagnframleiðslu. Þetta eru 68 sellur og hver þeirra er 400 vött og þegar sólskinið var sem mest í sumar framleiddu þær 150 kílóvattstundir á dag. Við notum daglega 400 kílóvattstundir og þegar best lét var þetta um 35% af notkuninni á dag.

Þurftu þið að greiða allan kostnað við uppsetningu?

Að hluta til, en við fengu styrk af því að þetta er í og með tilraunaverkefni. Það á eiginlega eftir að koma í ljós hvernig þetta kemur út fjárhagslega. Ég bíð eftir skýrslu um það, segir Aðalsteinn.

Nú er ekkert sólskin í desember, er þá engin framleiðsla?

Jú, ef það er bjartur dagur og snjór en ef sellurnar eru huldar í fönn er engin framleiðsla eins og gefur að skilja. Mér list nokkuð vel á þetta en hef þó ekki í hyggju að setja þetta á fleiri þök í bili. Það á eftir að koma í ljós hvort þetta er viðhaldsfrekt, hvað sellurnar endast lengi og slíkt. Ég er fyrst og fremst að framleiða rafmagn fyrir mig en stefni ekki á að selja það. Það er kostnaðarsamt að koma



Magnús Aðalsteinsson og Aðalsteinn Hallgrímsson

þessu upp. En mér finnst spennandi að prófa þetta og svör við mörgum spurningum ættu að liggja fyrir þegar við höfum verið með þetta í heilt ár.

Heldur þú að þetta verði komið á flest býli innan fátíðra ára?

Ég er ekki viss um það, en þetta er komið víða erlendis. Við búum við frekar ódýrt rafmagnsverð hér á landi og það setur strik í reikninginn. Segir Aðalsteinn að lokum og er þotinn í næsta verkefni þótt sunnudagur sé.



Eyjafljóðarsveit. Ljósmynd BB

Andlát

Sigurhelga Þórðardóttir, Öngulsstöðum	d. 16.04.2025.
Þór Hjaltason, Akri	d. 19.04.2025.
Þórdís Sigurbjörg Karlsdóttir, Syðri-Klauf	d. 18.07.2025
Jón Ragnar Steingrímsson, Kroppi	d. 20.07.2025
Valur Steingrímsson, Kroppi	d. 27.07.2025.
Stefán Jónsson, Munkaþverá	d. 15.09.2025.
Anna Jónsdóttir, Möðruvöllum	d. 07.10.2025.
Hanna Guðrún Jóhannesdóttir, Akri	d. 22.11.2025

Blessuð sé minning þeirra



Ljósmynd: Sigurgeir Sigurgeirsson

Vegleg gjöf til Hrafnagilsskóla

Sigurhanna Salómundsdóttir ekkja Sigurðar Aðalgeirssonar fyrsta skólastjóra Hrafnagilsskóla afhenti nýlega veglega gjöf til skólans. Um er að ræða fagan granítbekk sem komið hefur verið smekklega fyrir framan við mótuneytið. Hún sagðist aðspurð gefa skólanum þessa gjöf til minningar um Sigurð sem hefði orðið 80 ára 19. desember

næstkomandi, ef honum hefði auðnast líf. Sigurður stýrði skólanum í hartnær 30 ár frá 1971 til 1998.

Blessuð sé minning þessa farsæla skólastjóra. Sigurhönnu eru færðar bestu þakkir frá íbúum sveitarinnar.



Mæðgurnar Björk Sigurðardóttir, aðstoðarskólastjóri og Sigurhanna Salómundsdóttir, fyrrverandi kennari, tylltu sér á bekkinn góða. Ljósmynd BB



Tveir nemendur skólans þeir Konráð Hákonarson og Jökull Dýrason, hvíla sig pínulítið áður en þeir fara inn í næsta tíma. Feður þeirra, Hákon B Harðarson og Dýri B Hreiðarsson, voru nemendur við skólann þegar Sigurður var skólastjóri

Hjartað í íslenskum landbúnaði

